# VIÐBÆTIR.

## A.

### Konúngleg frumvörp

og álitsmál, með ástæðum stjórnarinnar,

sem borin eru undir alþíngi

**1857.**

# I.

## Frumvarp

til

tilskipunar um vegina á Íslandi.

1. gr.

Vegum skal skipt í þjóðvegi og aukavegi.

2. gr.

Þá vegi skal álíta þjóðvegi, sem innbúar eins eða fleiri hèraða fara jafnaðarlega, er þeir ætla í kaupstað, fiskiver eða annan stað, þar sem menn almennt koma saman. Sem þjóðvegi ber einnig að álíta þá vegi, er menn almennt fara milli tveggja sýslna, þótt eigi sè miklar samgaungur milli þeirra, og eins hina almennu póstferðavegi.

3. gr.

Sýslumenn skulu bera upp við hlutaðeiganda amtmann uppástúngu um það, hverja vegi skuli álíta sem þjóðvegi í sýslum þeim, sem þeim er trúað fyrir, og hverja sem aukavegi, og hafa þeir ofannefndar reglur fyrir sèr í þessu; leggur amtmaður síðan úrskurð á málið og birtir auglýsíngu um það til eptirbreytni fyrir alla þá, er hlut eiga að máli.

4. gr.

Sýslumaður skal á ári hverju innan loka janúarmánaðar senda amtmanni nákvæma uppástúngu um þau verk, er vinna skal hið næsta sumar við þjóðvegi þá, er liggja um sýsluna; skal þeirri uppástúngu fylgja skýrsla um, hvernig verkinu skuli haga, og hvernig það verði framkvæmt, samkvæmt 5. gr., og enn fremur áætlun yfir kostnað þann, er hann hyggur að til þess þurfi; skal amtmaður eptir þessu ákveða, að hve miklu leyti og með hverjum hætti verkið skuli vinna, og á hann að gefa sýslumanni það til vitundar, í seinasta lagi innan loka aprílmánaðar.

5. gr.

Öll verk við þjóðvegi skal að svo miklu leyti, sem unnt er, framkvæma þannig, að það sè sett til uppboðs, hver vilji takast á hendur, að láta vinna verkið fyrir minnst kaup. Einúngis þegar yfirvaldinu þykir það óráðlegt, að láta bjóða verkið upp, eða þegar aðgeingilegt boð fæst ekki, á sýslumaðurinn að gjöra samníng um verkið á þann hátt, ef því verður við komið, að viss borgun sè ákveðin fyrir nákvæmlega tiltekinn vegarpart, en fáist það ekki með aðgeingilegum skilmálum, þá skal láta vinna verkið fyrir ákveðin daglaun, og skal sýslumaður, þegar svo stendur á, til kveðja áreiðanlega umsjónarmenn, til að hafa gætur á, að verkið verði óaðfinnanlega af hendi leyst.

6. gr.

Þjóðvegir skulu að öllum jafnaði halda hinni sömu stefnu, sem þeir hafa haft híngað til, en þegar sýslumanni þykir nauðsyn til bera, að á þessu sè gjörð nokkur breytíng, eða nýr þjóðvegur sè gjörður, þá skal hann um þetta senda uppástúngu til amtmanns, og ræður hann málinu til úrskurðar samkvæmt reglum þeim, sem settar eru í þessari tilskipun.

7. gr.

Sèrhver jarðeigandi er skyldur til, nema því að eins, að svo standi á, sem sagt er í 8. gr., að láta af hendi uppbótarlaust land það, er þarf til að leggja þjóðveg um eða gjöra við hann, samkvæmt reglum þeim, sem settar eru í þessari tilskipun. Svo er hann einnig skyldur til að leyfa, að á hans landareign sè tekin þau tilfaung, sem kann að þurfa til vegagjörðarinnar, og skal honum það ekki heldur að neinu bætt.

8. gr.

Nýja vegi má aldrei leggja gegnum tún eða umgirt graslendi, og að öllum jafnaði ekki heldur yfir eingjar, nema yfirvaldinu virðist svo, að ekki verði hjá því komizt án skaða fyrir almennar samgaungur, og skal, þegar svo stendur á, greiða eigandanum, ef hann krefst þess, úr jafnaðarsjóði amtsins sanngjarna þokkabót, sem óvilhallir menn, þeir er tilkvaddir sè af rèttinum á vanalegan hátt, ákveða fyrir það eptir skoðunargjörð, sem haldin sè undir tilsjón sýslumanns, ellegar þá eptir yfirskoðunargjörð, ef amtmanni þykir

vera ástæða til þess, þó hverfur tilkall eigandans til téðrar þokkabótar, svo framarlega og að svo miklu leyti, sem skylda hefir híngað til legið á jörðinni, til að leyfa umferð yfir eingjar.

9. gr.

Þjóðvegir skulu ætíð vera 6 danskar álnir á breidd að minnsta kosti; samt getur amtmaður eptir uppástúngu sýslumanns leyft undantekníngu frá þeirri reglu, þegar landslagi er svo varið, til að mynda þar sem vegur liggur yfir fjöll eða hraun, að óumflýjanleg nauðsyn dregur til þess.

10. gr.

Þjóðvegi skal bæta með ruðníngum, ef á þann hátt má fá fasta braut. Ef svo stórir steinar koma fyrir á vegi þeim, er ryðja skal, að þeim verður ekki komið úr brautinni, þá skal beggja megin þeirra gjöra mjórri brautir, er aptur ná saman í aðalgötunni. Lausagrjóti því, er liggur á veginum, skal snara svo lángt úr vegi, að það geti ekki fallið í brautina aptur, nema svo sè, að steina þá megi hafa til að bera ofan í veginn.

11. gr.

Þar sem ekki verður feingin föst braut með ruðníngum, skal leggja veginn hærra, ef jarðvegur er mjög laus; þyki yfirvaldi það nauðsynlegt, eptir því sem á þeim stað hagar til, skal grafa skurði jafnvel beggja megin vegarins, og skal einnig, ef þörf er á, gjöra ræsi þvert yfir veginn. Moldu þeirri, sem mokað er upp úr skurðunum og ræsunum, skal snara upp á veginn, og skal hafa hana sem undirlag til að fylla upp veginn, en annars skal fylla upp veginn á þann hátt, að hann verði í miðju að minnsta kosti $1/2$ danskri alin hærri en til hliðanna, og skal einnig bera ofan í veginn 5 eða 6 þumlúnga þykkt lag af möl, þar sem hún er fáanleg í nánd. Yfir ræsa þá, er gánga þvert yfir veginn, skal gjöra brýr, annaðhvort úr steini eða trè ellegar hvorutveggju saman, eptir því sem sýslumaður ákveður nákvæmar á hverjum einstökum stað. Ofan á brýrnar skal þar að auki leggja moldarlag.

12. gr.

Yfir mýrlendi skal jafnaðarlegast gjöra steinbrýr; en þegar yfirvaldi virðist, að því verði ekki með nokkru móti við komið vegna

landslagsins, þá má þar gjöra brýr úr torfhnausum; skulu torfbrýr þessar vera 1½ danskri alin hærri til hliðanna en grundvöllurinn, er þar að liggur, en í miðju 2 eða 2½ danskri alin hærri, að því skapi sem torfbrúin er breið. Að öðru leyti eiga steinbrýrnar og torfbrýrnar ætíð að vera að minnsta kosti 2½ danskar álnir á breidd, og skal gjöra við þær skurði og ræsi, sem fyr er sagt.

13. gr.

Yfir litlar ár og læki skal, þar sem þær liggja svo, og því að öðru leyti verður við komið, gjöra steinbrýr eða trèbrýr, og skulu brýr þessar vera að minnsta kosti 2½ danskar álnir á breidd, og skal ætíð halda þeim svo við, að farið verði yfir þær með klyfjaða hesta.

14. gr.

Á öllum þeim fjallvegum, sem ferðamenn eru vanir að fara á vetrardag, skal hlaða vörður, og skal einnig gjöra sæluhús, þar sem yfirvaldi þykir þörf á. Eiga vörðurnar að vera, þegar því verður við komið, svo nálægt hver annari, að tvær að minnsta kosti sjáist í einu, þegar þoka er yfir; skal þar að auki á hverri vörðu vera gjörður stallur eða annað merki á þeirri hlið, sem snýr til norðurs, ferðamönnum til leiðbeiníngar.

15. gr.

Útgjöld til allra vegabóta, sem nefnd eru hèr oð ofan, skal greiða úr jafnaðarsjóði hvers amts. Þegar einhver hefir tekizt á hendur að láta gjöra verkið, skal fyrst greiða borgun fyrir það, þegar það er sannað með lögmætri skoðunargjörð, er sýslumaður sendir amtmanni, að allt verkið sè óaðfinnanlega af hendi leyst; þó má amtmaður, ef sá, er verkið lætur vinna, krefst þess, og verkið er umfángsmikið, eptir að hann um það hefir meðtekið upplýsíngar og uppástúngu frá hlutaðeiganda sýslumanni, láta greiða manni þeim, sem verkið annast, nokkurn part af kaupinu smátt og smátt, eptir því sem verkinu skilar áleiðis. Að öðru leyti ber amtmönnum þess að gæta, þegar þeir ákveða, hverjar vegabætur skuli taka fyrir á því ári, að kostnaðurinn til nýrra vega, viðgjörða og viðhalds allra þjóðvega í amtinu verði ekki meiri en svo, að hann verði greiddur með því, að jafna niður í mesta lagi 2 sk. á hvert lausafjárhundrað. En skyldi í einhverri sýslu þurfa stórkostnað til að leggja nýja vegi

eða til að gjöra stórkostlegar vegabætur, þá má, ef amtmanni þykir vera ástæða til þess, eptir að hann áður hefir leitað álits annara um það, jafna allt að 1 sk. tillagi meira fyrir hvert lausafjárhundrað á þessa sýslu, heldur en hinar aðrar sýslur, en samt mega tillögin samtals aldrei gánga út yfir það, sem einu sinni er ákveðið.

16. gr.

Það skal framvegis vera skylda innbúanna í hverjum hrepp, að gjöra vegabætur og halda við aukavegum þeim, er liggja um hreppinn, og sem nauðsynlegir eru til almenníngs þarfa, svo að vegir þessir ávallt sè í sæmilegu standi. Það, sem vinna þarf í þessum tilgángi, er skylduvinna, og skulu allir verkfærir karlmenn í hreppnum frá 18. til 60. árs, hvort sem þeir eru af bændastètt eða ekki, vera skyldir að leggja verk til, eptir því sem á þá skiptist. En ef hreppsbændur eða meiri hluti þeirra kynni heldur að æskja, annaðhvort að einhver takist á hendur vegabæturnar fyrir kaup, eða þá að menn sè leigðir til þess, en um það skal taka ákvörðun á hreppskilaþíngi á haustin, þá er þeim það heimilt, og skal þá hreppstjórinn jafna niður kostnaðinum á hina sömu menn, sem skyldir eru að vinna að vegabótum, eptir því sem áður er sagt, og að öðru leyti þannig, að húsbóndinn greiðir borgun fyrir börn og vinnufólk, sem er á hans heimili.

17. gr.

Hreppstjórar eiga á ári hverju innan loka janúarmánaðar að senda sýslumanni uppástúngu um þær vegabætur, er gjöra þarf á næsta sumri við hina almennu aukavegi í hreppnum, og skal tèðri uppástúngu fylgja nafnaskrá yfir þá menn í hreppnum, sem skyldir eru að leggja vinnu til samkvæmt næstu gr. á undan; á sýslumaður síðan í seinasta lagi innan loka aprílmánaðar að ákveða með úrskurði sínum, hver verk skuli vinna, og gefa hreppstjórunum það til vitundar, en þeir eiga því næst að sjá um, að verkið verði framkvæmt eptir reglum þeim, sem nákvæmar eru tilteknar í þessari tilskipun, og skal þess gætt, þegar hreppsbúar vinna sjálfir að verkinu, að það komi jafnt niður á þá, sem skyldir eru að leggja verk til.

18. gr.

Að því leyti sem sèrlegur kostnaður kynni að standa af aukavegum, til að mynda til brúa, eður til að útvega þær tilfærur, sem

ekki verða heimtaðar af þeim, sem skyldir eru að leggja til verk til vegagjörðar, sbr. 23. gr., eða púður til að spreingja steina, o. fl., þá skal þeim kostnaði, sem til þess þarf, jafna niður samkvæmt reglu þeirri, sem sett er í niðurlagi 16. gr., að svo miklu leyti sem vegasjóður sá, sem nefndur er í 20. grein, hrökkur ekki til þessa kostnaðar.

19. gr.

Aukavegir eiga almennt að vera 5 álnir á breidd; þó má amtmaður leyfa, að brugðið sè út af þessu, þegar landslagi er svo háttað (sbr. 9. grein að niðurlagi), að óumflýjanleg nauðsyn dregur til þess. Að öðru leyti skal í öllu því, er aukavegi snertir, hvort heldur þeir eru gjörðir að nýju eða endurbættir, og eins hvað skyldu eigandans viðvíkur til að láta af hendi land það og tilfaung, sem þarf, farið eptir reglum þeim, er ákveðnar eru hèr að framan um þjóðvegi, að svo miklu leyti sem þær geta átt hèr við.

20. gr.

Það skal vera hverjum þeim, er skylduverk á að vinna, heimilt, að senda annan verkfæran mann í sinn stað. Vilji hann greiða borgun í peníngum fyrir skylduverk það, sem hann á að vinna, þá skal það leyft, ef áður er um það gjört samkomulag við hlutaðeiganda hreppstjóra, sem þá skal leigja mann, er geingið geti í hins stað, fyrir fè það, er hann hefir greitt. Bregðist nokkur undan að koma til verka, þegar hann er til þess kvaddur, og hefir einga þá ráðstöfun gjört, sem áður er sagt, og hann getur ekki sannað lögmætt forfall, þá á hann fyrir það að gjalda í sekt 32 sk. r. m., og þar að auki greiða slíka borgun, sem hlutaðeigandi hreppstjóri álítur nægja til að leigja fyrir annan verkmann. Það er vitaskuld, að það, sem hèr segir, á við, hve nær sem verkskyldur maður bregzt undan, eins fyrir það, þó fleiri verkamenn eigi að koma frá einum bæ, og á húsbóndinn að greiða ofannefnda borgun og gjalda ákveðnar sektir fyrir hvern verkfæran mann af börnum hans eða vinnufólki, er undan bregzt; en aptur á móti á hann rètt á, að halda fènu inni í kaupi verkmanns, ef honum verður gefin sök á burtverunni. Ofannefndir sektir skal greiða í vegasjóð, sem stofnsetja skal fyrir hreppinn, og skal hreppstjóri geyma hann, og tekjunum verja til vegabóta í hreppnum, eptir því sem sýslumaður nákvæmar ákveður.

Hefjist deila um það, hvort sá, er í stað annars geingur, sè verkfær, þá skal hreppstjóri þegar í stað leggja úrskurð á þrætuna með tveimur tilkvöddum mönnum. Ef einhver sendir óverkfæran mann í sinn stað, skal álíta, sem hann hafi ekki komið.

21. gr.

Sýslumaður til tekur, á hvaða dögum verkið skuli vinna, en það má þó ekki vera á öðrum tíma, en í maí eða júnímánuði, nema svo sèrstaklega sè ástatt á einhverjum stað, eða eitthvað annað beri til, að óumflýjanlegt sè að bregða út af þessu, og skal þá sýslumaður nákvæmar ákveða verkdaginn.

22. gr.

Verkamenn skal hreppstjóri til kveðja með skriflegum seðli, og skulu bændur láta bera hann milli bæja eptir þíngboðsleið svo tímanlega, að hann sè kominn þíngboðsleið á enda einum degi fyrir hinn ákveðna verkdag.

23. gr.

Sèrhver verkamaður skal með sèr hafa verktól þau, sem til er tekið, þegar honum er sagt til, en þó ekki önnur en þau, sem almennt eru höfð við moldarverk á Íslandi; skal hann vera kominn á hinn tiltekna stað innan sjöundu stundar að morgni, og vera við vinnu til sjöundu stundar að kveldi; þó skal veita tveggja stunda hvíld á þeim tíma, sem hreppstjóri ákveður. Ef nokkur, sem tilkvaddur er, án löglegra forfalla kemur meira en einni stund of seint, eða fer úr verkinu meira en einni stund of snemma, eða skorast undan að gjöra þá vinnu, sem honum er sagt, þá skal það metið, sem hann hefði alls ekki komið, og lýkur hann þá sekt eptir 20. gr. tilskipunar þessarar, en ef styttri tími en ein stund geingur frá verkinu, annaðhvort af því einhver kemur of seint, eða fer of snemma, þá er hann sekur um helmíng af sekt þeirri, sem ákveðin er í nýnefndri grein.

24. gr.

Hreppstjóra er heimilt að skipta niður vegastörfum þeim, sem falla á hreppinn, á 2 eða fleiri daga, en samt þannig, að einginn sá, sem skylduverk á að vinna, hafi meira en eins dags verk.

25. gr.

Meðan á verkum stendur, skal hreppstjóri skipta verkmönnum

í flokka, og skal hverjum þeirra feinginn sinn kafli af veginum. Hreppstjórinn skal ætíð vera viðstaddur sem umsjónarmaður, meðan unnið er að vegastörfunum; líka getur hann kosið umsjónarmenn sèr til hjálpar meðal hreppsbænda, þegar honum þykir nauðsyn til bera. Skal svo álíta, að bæði hreppstjórinn og áðurnefndir umsjónarmenn hafi með umsjón þeirri, er þeir þannig hafa haft með vinnunni, fullnægt skylduverki því, er á þeim sjálfum liggur.

26. gr.

Þegar verkið eptir 16. gr. 2. atr. þessarar tilskipunar er unnið af einhverjum, sem hefir tekizt það á hendur, eða af leigðum mönnum, eiga hreppstjórarnir að hafa umsjón með, að það verði óaðfinnanlega af hendi leyst, samkvæmt þeim ákvörðunum, sem gjörðar eru af hreppsbændum því viðvíkjandi.

27. gr.

Sýslumenn skulu á ári hverju líta eptir þjóðvegunum í sýslum þeim, er þeim er trúað fyrir, og líka hafa eptirlit með hinum öðrum vegum í sýslunni, og eiga þeir á ári hverju að senda amtmanni skýrslu um það; skal í henni vera greint frá, ekki að eins hve mikið, heldur einnig hvernig hafi verið starfað að vegagjörðum á ári hverju.

28. gr.

Það er skylda amtmanna, að hafa yfirumsjón með vegunum í ömtum þeim, sem þeir eru settir yfir, og eiga þeir á embættisferðum sínum nákvæmlega að gefa gætur að ástandi veganna og að öðru leyti á ári hverju að senda skýrslu til dómsmálastjórnarráðsins um ásigkomulag veganna í amtinu, og láta þar með fylgja hinar ofannefndu skýrslur, sem komnar eru frá sýslumönnum.

29. gr.

Verði nokkur uppvís að því, að hafa með ásettu ráði skemmt þau verk, sem vegastjórnin hefir látið gjöra, þá skal hann bæta skaðann, og þar að auki sektast frá 1 rdl. til 10 rdl., eptir því hvað skemmdin er mikil, og öðrum málavöxtum; skal einnig taka til greina, hvort yfirsjónin er framin í fyrsta sinn eða hún er ítrekuð. Sè vörður og sæluhús á vetrarvegum skemmd eða eydd, þá skal það sæta 10 rdl. til 50 rdl. sekt, eða líkamlegri refsíngu frá 10 til

27 vandarhagga. Sè mannvirki þau burt tekin, sem vegastjórnin hefir látið gjöra, svo sem brýr, vörður og sæluhús, þá varðar það þjófsstraffi, og skal, þegar ákveða á stærð hegníngarinnar, einkum tekin til greina hætta sú, sem af því hefði getað hlotizt fyrir ferðamenn. Sektir þær, sem ákveðnar eru í þessari gr., skulu falla í jafnaðarsjóð amtsins, ef þjóðvegur hefir verið skemmdur, en annars í vegasjóð hreppsins.

30. gr.

Öll mál viðvíkjandi afbrigðum gegn þessari tilskipun skal meðfara og dæma sem almenn lögreglumál, að því leyti sem þau ekki eptir eðli sínu eru misgjörðamál, og skal að öðru leyti, hvað þær yfirsjónir snertir, sem hèr ræðir um, fara eptir ákvörðunum í tilsk. 24. jan. 1838, 9. og 10. gr.

31. gr.

Hvað hinar almennu ferjur yfir stærri ár og vatnsföll áhrærir, þá skal framvegis farið eptir reglum þeim, sem settar eru í Jónsbókar landsleigubálks 45. kap. og í konúngsbrèfi af 29. apríl 1776, § 6.

Að öðru leyti skulu þær ákvarðanir, sem ofannefnd konúngsbrèf og Jónsbókar landsleigub. 44. kap. innihalda um vegina á Íslandi, hèr eptir vera teknar úr lögum.

---

# Ástæður

fyrir frumvarpi þessu.

Það hefir leingi verið almennt viðurkennt, að lagaskipanir þær, er nú gilda um endurbót og viðhald vega á Íslandi, nefnilega Jónsbókar landsleigubálks 44. kapítuli og konúngsbrèf af 29. apríl 1776 eiga lítt við þarfir þessara tíma, og hið slæma ástand, sem íslenzku vegirnir eru í, sýnir það, að þetta sè rètt álitið.

Einkum má telja það sem einhverja hina helztu hindrun gegn framförum vegabótanna þar á landi, að reglu þeirri er fylgt eptir lögum þeim, er nú gilda, að hver hreppur fyrir sig haldi þeim vegum við, sem liggja um hreppinn, án tillits til þess, hvort að innbúar hreppsins einir hafi not þessara vega, eða líka innbúar allrar sýslunnar, eður annara enn þá stærri hèraða, og þess vegna án

tillits til, hvort vegurinn einúngis er aukavegur eða hann er alfaravegur. Það liggur í augum uppi, að vegaverkum eptir þessari reglu hefir verið harðla ójafnt skipt niður milli innbúa landsins, en enn þá meira ber á mismuni þessum, þegar litið er til þess, að jarðvegurinn er svo ólíkur í ýmsum hreppum, að þar sem endurbót og viðhald vega í nokkrum hreppum útheimtir harðla litla fyrirhöfn, er það í öðrum hreppum samfara svo miklum erfiðleikum og torveldni, að sveitarbúar geta með eingu mótt orkað, að halda vegum þar í nokkurn veginn bærilegu standi.

Önnur hindrun, sem gjörir framgángi vegabótanna næsta örðugt fyrir, er án efa sú regla, sem híngað til hefir verið í gildi, að til veganna hefir einúngis verið látin af hendi skylduvinna, en þótt mörg vegastörf sè til, og það að öllum jafnaði hin nauðsynlegustu og örðugustu, sem ekki verður við búizt að tilhlýðilega verði af hendi leyst, nema fólk sè leigt til þeirra. Þegar vegur liggur um þèttbyggt hèrað, geta þeir, sem búa í nágrenninu, komið á veginn án mikils tímaspillis eða fyrirhafnar, og á fám dögum starfað allmikið til að bæta hann, en það verður aldrei unnt með skylduvinnu innbúanna eingaungu, að halda þeim vegum í tilhlýðilegu standi, þar sem svo er ástatt, að ekki eru nema fáeinir bæir á margra mílna svæði, og, ef til vill, þar að auki af náttúrinni til fyrirstöðu sèrlegir örðugleikar. Jafnvel þar sem allmargir eru til að vinna og töluvert laungum tíma er varið til vegastarfanna, verður þó að tiltölu lítið úr vinnunni, þar mikill tími geingur til að ferðast fram og aptur, og þar að auki má sjaldan búast við, að menn, sem hafa sótt svo lángt til, geti leyst af hendi nein stritsöm og áreynslumikil verk, og verður því opt kastað höndum að, og lítið sem ekkert gjört. Á hinn bóginn hefir reynslan sýnt með verkum þeim, er fjallvegafèlagið lèt gjöra, að með leigðum mönnum, sem geta verið um kyrrt á vinnustaðnum, meðan á verkinu stendur, og þegar maður getur valið þá menn til starfans, sem bezt eru til þess fallnir, þá verður miklu meira afkastað, og auk þess verður verkið sjálft betur gjört, og stendur því um leingri tíma.

Það leiðir einnig af aðferð þeirri, sem þannig hefir verið við höfð samkvæmt reglu þeirri, er hèr segir, að vegaverkin hafa eingaungu verið unnin á þeim tíma árs, þegar verkmenn bezt máttu vera frá heimilum sínum, það er að segja við lok maímánaðar eða byrjun júnímánaðar; en þar eð mörgum vegum er svo háttað, einkanlega þeim, sem liggja yfir há fjöll, að öll vegagjörð á þeim tíma

árs er bönnuð, af því snjór er þar ekki enn þá upp tekinn, eður þar er mikill aur og bleyta í jörð, þá verða annaðhvort alls ekki neinar endurbætur gjörðar við vegi þessa, eða það verður ekki gjört svo, að eins mikið gagn verði að, eins og það væri, ef leingra væri álið-ið, en bændur eiga óhægra með.

Við þetta bætist loksins, að lög þau, sem nú gilda, ekki innihalda slíkar fastar reglur, að nein trygging sè fyrir því, að þeir vinnukraptar, sem til eru, verði notaðir með þeim hætti, sem bezt á við, og eptir fast ákveðnum almennum reglum. Í því skyni að bæta úr hinum ofannefndu annmörkum var þegar árið 1839 af hinum þá veranda stiptamtmanni Bardenfleth fyrir embættismannafund þann, er þá var haldinn í Reykjavík, lögð uppástúnga til nýrrar vegatilskipunar fyrir Ísland, sem einkum miðaði til þess, að auka og bæta ákvarðanir þær, sem hin eldri löggjöf hafði inni að halda um þetta efni, og að nema það úr, sem var til fyrirstöðu fyrir framgángi vegabótanna. Þessi uppástúnga var því næst tekin til umræðu á fundinum, sem fól þriggja manna nefnd á hendur nákvæmar að íhuga uppástúnguna, en síðan skyldi hana ítarlega ræða af embættismannafundinum, þegar hann kæmi næst saman. Á hinni næstu samkomu, sem haldin var árið 1841, var lagt fram nýtt frumvarp, er forstjóri nefndarinnar, amtmaður Thórarensen sál., hafði samið; en þar eð töluverður ágreiníngur varð á milli fundarmanna um ýms aðalatriði í frumvarpi þessu, og ekki var tími til á þessum fundi að ræða málið svo ítarlega, að því yrði ráðið haganlega til lykta, þá var það samþykkt, að fela konferenzráði Thorsteinson, sem þá var amtmaður í vesturamtinu, á hendur, enn þá ítarlegar að starfa að máli þessu ásamt með amtmanni Thórarensen, og síðan að semja hina þriðju breyttu uppástúngu, er leggja skyldi fyrir fundinn, ef hann kæmi optar saman, en að öðrum kosti fyrir hið nýja alþíng, þegar það tæki til starfa.

Sökum ýmsra atvika, er til báru, einkum dauða amtmanns Thórarensens, varð ekkert úr ítarlegri undirbúníngi þessa máls, og málefnið um breytíngar á lagaboðum þeim, er gilda um hinar íslenzku vegabætur, hefir síðan öldúngis verið látið liggja fyrir, þángað til því nú aptur var hreift af alþíngi því, er haldið var árið 1855.

Samkoma þessi hefir nefnilega í því tilefni, að fyrir hana komu tvær bænarskrár sama innihalds og í öldúngis sömu stefnu, samþykkt bænarskrá til konúngs um það, að frumvarp til laga

um vegabætur á Íslandi yrði samið og lagt fyrir alþíngi það, er næst komi saman, og skyldi vera byggt á þessum atriðum:

*a,* Að skylduvinna bænda til vegabóta yfir höfuð að tala sè tekin úr lögum.

*b.* Að öllum kostnaði til endurbóta þjóðveganna í hverju amti sè jafnað niður af amtmanni eða amtsráði á alla amtsbúa undanþágulaust, sem eiga löglega með sig sjálfir.

*c,* Að endurbót allra þeirra hèraðavega, sem ekki eru alfaravegir eða þjóðvegir, hvernig hana skuli vinna, og hvort heldur fyrir daglaun eða skylduvinnu, kostnaði til hennar niðurjafna, ákveði þær hreppstjórnir og sýslustjórnir, sem nú eru eða skipaðar verða að lögum.

*d,* Að yfirvaldið ákveði, hverjir vegir sè þjóðvegir og hverjir ekki, og eins, hver vegabót sè nauðsynleg, hvort heldur er þjóðvegur eður eigi.

En er þetta lagafrumvarp var samið, þá virtist ekki, að allar þessar uppástúngur yrði teknar til greina. Þar sem alþíngi þannig undir *littera a* hefir stúngið upp á, að öll skylduvinna væri aftekin, þá þótti það ísjárvert að gánga að því. Konúngsfulltrúi hefir líka látið það álit í ljósi, að það væri of lángt farið, nú allt í einu að breyta allri skylduvinnu á Íslandi í peníngaútlát, því það mundi verða ókljúfanda fyrir landsbúa, jafnframt hinum öðrum útgjöldum þeirra, er fara vaxandi á ári hverju, að greiða þau peníngagjöld af hendi, er leiddi af slíkri tilhögun, og alþíngi virðist jafnvel sjálfu að hafa þótt þetta uppástúngatriði ísjárvert, því úr þeirri reglu, sem þar er sett eins og almenn, er töluvert dregið með hinni eptirfylgjandi uppástúngu, *ltra c,* er eptir henni hrepps- eða sýslustjórnir ætti að ákveða, að hve miklu leyti verkin við aukavegina skuli láta gjöra mót daglaunum eða sem skylduverk. Það er nú líka, einkum hvað hin stærri vegarstörf snertir, að skylduvinnan hefir reynzt ónóg og óhagkvæm; en aptur munu hin minni vegaverk geta orðið unnin til hlítar með skylduverkum bænda, þegar tilhlýðilegt eptirlit er á þeim haft, einkanlega þegar hèr að auki skylduverkum yrði skipt jafnar niður, en híngað til hefir verið gjört. Af þessum ástæðum hefir það þótt rèttast, að stínga upp á, að regla sú, sem alþíngi hefir sett undir *a,* sè að eins látin gilda þjóðvegina, og sè það• því einúngis viðgjörð þeirra og viðhald, sem leigðir menn fortakslaust vinni að, en aptur á móti hefir það, hvað aukavegina snertir, þótt rèttast, að ákvarða það sem almenna reglu, að vegaverk framvegis

sè leyst af hendi með skylduvinnu, en að út af þessu megi bregða, þegar hreppsbændur eða meiri hluti þeirra eru því meðmæltir, að leigðir menn vinni verkið, og skyldi skera úr því máli á hreppskilaþíngum á hausti. Af uppástúngunum og umræðunum um þetta mál á embættismannafundinum árin 1839 og 1841 má líka sjá, að það fór svo fjarri, að menn þyrði að stínga upp á aftekníng allrar skylduvinnu, að það þótti ekki einu sinni fært að stínga upp á, að af má hana við viðgjörð þjóðveganna yfir höfuð, heldur einúngis með tilliti til slíkra þjóðvega, sem ókljúfanda væri að gjöra við eða viðhalda með skylduvinnu vegna sèrlegra kríngumstæðna.

Að því leyti sem alþíngi þar næst hefir stúngið upp á, að kostnaðinum til vegabótanna sè af amtmanninum eða amtsráðinu jafnað niður á alla amtsbúa, sem eiga löglega með sig sjálfir, þá virtist einnig ísjárvert, að taka þetta uppástúnguatriði til greina.

Þess ber í því tilliti að geta, að það verður ekki ætlað, að sú hafi verið meiníng alþíngis, að hver maður, sem er fyrir utan vinnuhjúastètt, skyldi greiða jafnmikið tillag, því af því mundi spretta slíkur ójöfnuður í byrði þeirri, er leiðir af vegabótunum, er meiri væri heldur en sá, sem nú er. Þar á mót hefir þíngið, og til þess benda ýmisleg orð í umræðum þíngsins, án alls efa ætlazt til, að tillögunum yrði jafnað niður á hlutaðeigendur eptir efnum og ástæðum, en þegar út frá þessu er geingið, þá mundi það vera ógjörníngur að láta amtmann (amtsráð getur, nú sem stendur, ekki komið til tals) gjöra slíka niðurjöfnun, þar eð ekki verður gjört ráð fyrir, að hann þekki svo grannt til hvers innbúa í amtinu. Ætti hann á hinn bóginn að fá frá hlutaðeigandi sýslumönnum og hreppstjórum allar upplýsíngar út í hörgul, sem með þyrfti til þess að dæma um efnahagi hvers einstaks manns, þá mundi af þessu leiða bæði frábæra erfiðleika og málaleingíngar, og líka mætti það ætla, að hreppstjórunum sèr í lagi mundi verða gjarnt til að hlífa sínum hreppsbændum svo mikið, sem unnt væri. Mundi því að öllum líkindum óumflýjanleg nauðsyn til bera, að minnsta kosti meðan amtsráð eða sýsluráð ekki eru stofnuð á Íslandi, að láta gjöra niðurjöfnunina á þann hátt, að amtmaður einúngis ákvarðaði, hversu mikið greiða skyldi í hverri sýslu til vegagjörðanna, og að sýslumaðurinn síðan jafnaði tillögum sýslunnar niður á einstaka hreppa, og hreppstjórarnir loksins jöfnuðu þeim niður á hina einstöku hreppsbúa eptir efnum og ástæðum, og ynnist þá við það, að þeir, sem þættist hafa orðið fyrir halla við niðurjöfnunina, gæti kvartað til sýslumanns og amtmanns, sem þeir annars

ekki gæti, en að öðru leyti liggur það í augum uppi, að öll þessi aðferð er næsta erfið og flókin.

Hvað þar næst sjálfa niðurjöfnunaraðferðina snertir, þá mun, þegar eingin önnur regla er sett, en sú, að tillögin skuli ákveða eptir efnum og ástæðum, og niðurjöfnunin þannig skal vera gjörð einúngis eptir álitum, þetta gefa tilefni til þess, að menn færi eptir hugþótta sínum, og mundi af því leiða óánægju. Þessi niðurjöfnunaraðferð má heita óþekkt á Íslandi, því að vísu er það eptir reglugjörð 8. jan. 1834, 10. og 11. gr., gefið hlutaðeiganda hreppstjóra í vald, að jafna aukasveitartillögunum niður á hreppsbúa, en það er um leið fyrirskipað, að hann við niðurjöfnunina eigi að hafa hliðsjón af upphæð fátækra tíundar fyrir hvern, sem leggur til sveitar, en samt svo, að það tillag, sem hann eptir tíundarupphæð ætti að greiða, verði lækkað eða hækkað eptir kjörum þeirra að öðru leyti, og er þar þannig tiltekinn fastur stofn fyrir niðurjöfnunina, er öldúngis vantaði eptir uppástúngu alþíngis, og ber einnig þess að geta, að sveitarútsvör eru einúngis á lögð til hags fyrir þann hrepp, sem í hlut á, en niðurjöfnunin á tillögunum til vegabótanna snertir útgjöld, sem koma öllu amtinu við.

Til þess að sneiða hjá hinum ofannefndu erfiðleikum, og líka til þess að fá niðurjöfnunaraðferð, er fyrirbyggi allt sjálfræði, þá virðist ekki annað verða til bragðs tekið, en að láta greiða hin ofannefndu útgjöld úr jafnaðarsjóðum amtanna. Þetta er samhljóða hinni upprunalegu uppástúngu Bardenfleths stiptamtmanns, og það er einnig samkvæmt rèttum grundvallarreglum, að þau gjöld, sem varið er til að bæta hina almennu vegaskipun amtsins, sè greidd á sama hátt og annar kostnaður, sem þarf til almennra nauðsynja amstsins. Líkt stóð á að sumu leyti, þar sem með opnu brèfi 10. febr. 1847 voru afteknir skylduflutníngar fyrir embættismenn, en ákveðið, að kostnaðinn skyldi greiða úr jafnaðarsjóðum amtanna. Þessa ákvörðun samþykkti alþíngi án nokkurra mótmæla.

Sú eina mótbára, sem með nokkrum sanni verður höfð á móti hinni ofannefndu borgunaraðferð, er sú, að lausafèð geti ekki borið þessar álögur, og mætti því spyrja, hvort fasteignir ætti ekki líka að taka þátt í greiðslu áðurnefndra gjalda; en síðan að það er ákveðið með opnu brèfi af 18. júlí 1848, að $^3/_4$ af alþíngiskostnaðinum skuli falla á fasteignir, er naumast ástæða til, sem stendur, frekar að þýngja á þeim, og það því síður, sem það kynni að sýnast ekki sem sanngjarnast, að þær framvegis standi straum af mest-

um hlut alþíngiskostnaðarins, sem er töluverður, síðan að kosníngarrèttur og kjörgeingi til alþíngis nú ekki leingur er bundið við jarðeign.

Að því leyti loksins sem til er ætlazt í uppástúngu alþíngis, þeirri er hèr ræðir um, að taka af undanþágu þá frá skylduvinnu, sem embættismenn á Íslandi híngað til hafa notið, þá ber þess að geta, að þar eð embættismenn og ekkjur þeirra nú, samkvæmt opnu brèfi 8. júní 1851, gjalda tillög af hinum tíundbæru fjármunum sínum til jafnaðarsjóðs amtsins til jafns við bændur, þá verða þeir einnig að taka þátt í vegabótakostnaðinum, þegar hann er goldinn úr nefndum sjóð. Þar á mót munu að vísu kaupstaðarbúar komast betur af, þó þeir sleppi ekki öldúngis, þegar kostnaðurinn er tekinn af jafnaðarsjóðum amtanna, þar þeir gjalda jafnaðarlega litla tíund, en hins vegar eru þeir svo fáir, að aldrei getur munað mikið um tillög þeirra, hvernig sem ástatt er.

Hèr skal enn bætt við þeirri almennu athugasemd, að hinar einstöku ákvarðanir, sem settar eru í þessu lagafrumvarpi, eru byggðar á frumvarpi því eptir amtmann Thórarensen, er vèr höfum áður áminnzt; þótti því meiri ástæða til þess, sem sjá má af umræðunum um þetta mál á embættismannafundinum árið 1841, sem stjórnarráðið hefir fyrir sèr, að í því tilliti hefir ekki verið neinn sèrlegur ágreiníngur milli fundarmanna. Viðvíkjandi hinum einstöku greinum í frumvarpinu skal því næst gjöra eptirfylgjandi athugasemdir.

Við 1.—3. gr.

Hvað skiptíngu veganna í þjóðvegi og aukavegi snertir, má skýrskota til þess, sem getið er hèr að framan, og einnig til uppástúngu alþíngis um það. Það er sömuleiðis samkvæmt uppástúngu alþíngis ákveðið, að amtmaður eptir uppástúngum frá hlutaðeiganda sýslumanni skuli ákvarða, hverjir vegir skuli vera þjóðvegir og hverjir ekki, og þegar þetta er ákvarðað, þá skal eptir reglum þeim, sem um það eru settar í frumvarpi því, er lagt var fyrir embættismannafundinn, einkum hafa tillit til þess, hvort innbúar eins eða fleiri hèraða optast nær fara veginn, þegar þeir ætla í kaupstað, fiskiver eður annan stað, þar sem menn að öllum jafnaði koma saman; hvort hann jafnaðarlega er notaður milli tveggja sýslna, enda þó ekki sè miklar samgaungur þeirra á milli, og enn fremur, hvort hann er stöðugur póstferðavegur.

Við 4. gr.

Hinar nákvæmari reglur fyrir viðgjörð þjóðvega, viðhaldi þeirra, o. s. frv., eru ákveðnar í 4.-15. gr. Þar eð þessir vegir yfir höfuð verða að vera undir opinberri umsjón og stjórn, er í 4. gr. gjörð ákvörðun um, að sýslumaður á ári hverju sendi nákvæma uppástúngu um þau verk, sem gjöra þarf við þjóðvegi þá, er liggja um sýsluna, og að henni skuli fylgja ágizkunarreikníngur um kostnað þann, er hann hyggur að til þess muni gánga, og að amtmaður eptir því skuli ákveða, að hve miklu leyti verkið skuli framkvæma.

Við 5. gr.

Í þessari grein er sett sú almenna regla, að öll verk við þjóðvegi skuli framkvæma á þann hátt, annaðhvort að einhver sè feinginn til að takast á hendur að láta gjöra verkið fyrir kaup, ellegar þá, að menn sè leigðir til vinnunnar. Það má þar að auki, eins og alþíng líka bendir til, álíta það rèttast, að það sè reynt, að setja verkið til uppboðs, þar sem því verður við komið; en þar eð það varla ætíð mun heppnast, allrasízt fyrst í stað, að fá verkin við þjóðvegina gjörð fyrir sanngjarnt kaup við uppboð, þá hefir virzt nauðsynlegt að gjöra þá ákvörðun, að yfirvöldin, þegar svo stendur á, geti látið vinna verkið eptir samníngi, og þá helzt þannig, að viss borgun sè ákveðin fyrir vissan vegarkafla, en að öðrum kosti fyrir tiltekin daglaun, og þegar hið síðastnefnda vill til, skal sýslumaður, eins og sjálfsagt er, taka áreiðanlega umsjónarmenn til þess að líta eptir, að verkinu verði tilhlýðilega flýtt, og að það verði óaðfinnanlega af hendi leyst.

Við 6. gr.

Þó að það að öllum líkindum sjaldan beri að, að það sè nauðsynlegt, að breyta stefnu þeirra þjóðvega, sem eru, hefir það þó þótt rèttast, að gjöra ákvörðun um, hvernig fara skuli að, þegar svo ber undir, eins og líka þegar leggja á nýjan þjóðveg.

Við 7. og 8. gr.

Reglur þær, sem settar eru í þessum greinum, um skyldu jarðeiganda til að láta af hendi bæði land til veganna og tilfaung þau, sem nauðsyn eru til að gjöra við þá, og sem fáanleg eru á lóðinni, má yfir höfuð álíta samkvæmar reglum þeim, sem híngað til hefir verið fylgt á Íslandi í þessu efni, og eru þær í aðalefninu teknar

eptir frumvarpi því, sem lagt var fyrir embættismannafundinn. Samkvæmt þessu getur jarðeigandanum að öllum jafnaði ekki veitzt uppbót af opinberum sjóði fyrir að leggja til lóð þá, er nauðsynleg er til að leggja veg eða bæta veg, ellegar fyrir tilfaung þau, er gánga til þess, bæði af því, að það, sem hann þannig lætur eptir, jafnaðarlega er lítils virði, og af því, hann fær nægilega uppbót í sjálfri vegargjörðinni, því hann nýtur sjálfur mests góðs af hinni greiðari samgaungu, og hann kemst hjá þeim skemmdum á landi sínu, sem því er hætt við, vegna yfirreiða á ýmsum stöðum, þegar vegunum er ekki haldið í tilhlýðilegu standi; þar á móti hefir sömuleiðis samkvæmt ofannefndu frumvarpi, sem lagt var fyrir embættismannafundinn um árið, virzt ástæða til að gjöra þá undantekníngu, að eigandi, er vegur er lagður yfir eingjar hans, fái sanngjarna, af óvilhöllum mönnum ákveðna, uppbót fyrir það af jafnaðarsjóð amtsins, ef hann krefst þess, en þó einúngis með því eindregna skilyrði, að sannað verði, að ekki hafi áður verið umferð yfir eingjarnar af ferðafólki.

Við 9. gr.

Eptir Jónsbók áttu vegirnir jafnaðarlega að vera 5 álnir á breidd, eptir konúngsbrèfi 29. aprílm. 1776, 1. gr., þar á móti 6 álnir, og eptir frumvarpi því, er samið var af amtmanni Thórarensen, skyldi vegarbreidd aldrei vera minni en 5 álnir, en þó voru nokkrir meðlimir af embættismannasamkomunni á þeirri meiníngu, að vegurinn ætti að vera 6 álnir á breidd.

En nú hefir þótt rèttast, einnig í þessari grein, að gjöra mun á þjóðvegum og aukavegum, og ákveða, að hinir fyrnefndu ætíð, þar sem landslagi er svo varið, að því verði við komið, sè að minnsta kosti 6 danskar álnir á breidd, og aukavegirnir jafnaðarlega 5 álna breiðir, sbr. 19. gr. frumvarpsins.

Við 10.—14. gr.

Þar sem í þessum greinum eru gjörðar nákvæmar ákvarðanir um, hvernig gjöra eigi við þjóðvegina, um það að hlaða skuli vörður og byggja sæluhús, o. s. frv., þá er það samkvæmt frumvarpi því, sem lagt var fyrir embættismannafundinn; einúngis var í því eingin ákvörðun, er svaraði til 13. gr. um brúagjörð yfir litlar ár og læki; en svo hefir virzt, að það bæri að taka inn í frumvarpið þær ákvarðanir, sem um þetta finnast í konúngsbrèfi 29. apríl 1776, 5. gr., svo að alþíngi gæfist kostur á, að segja álit sitt um, að hve

miklu leyti ákvarðanir þessar, sem standa í nánu sambandi við vegaskipan yfir höfuð, og þess vegna eiga heima í almennri vegatilskipun, eigi enn þá við. Að öðru leyti er það sjálfsagt, að það verður að gefa þeim, sem tekizt hefir á hendur að láta gjöra vinnuna, eða umsjónarmönnum þeim, sem eiga að líta eptir verkum, það í vald, að hafa þá aðferð við sjálfa vinnuna, svo sem grjótspreingíngar með púðri og þess konar, sem bezt á við, eptir því sem hagar til á hverjum einstökum stað,

Við 15. gr.

Samkvæmt hinum almennu athugasemdum, sem til eru færðar hèr að ofan, er í þessari gr. gjörð ákvörðun um, að útgjöldin til viðgjörðar þjóðvega, viðhalds þeirra, m. fl., skuli greiða úr jafnaðarsjóðum amtanna. Til þess að koma í veg fyrir, að ofmjög verði þýngt á lausafè með þessum gjaldmáta, hefir í frumvarpið verið tekin upp ákvörðun um, að útgjöldin til þeirra verka, er á ári hverju skal gjöra við þjóðvegina, megi ekki verða meiri en svo, að þau verði greidd með 2 sk. niðurjöfnun á hvert lausafjárhundrað, eins og það líka hefir virzt sanngjarnt, að þar sem það, eptir því sem á stendur, að öðru leyti er ráðlegt, að þá verði lagt á þá sýslu, sem gjörðir eru í nýir vegir, eða vegabætur, sem óvenjulega mikið kveður að, aukatillag allt að 1 sk. af hverju lausafjárhundraði, en samt þannig, að tillögin samtals aldrei gángi fram yfir þá upphæð, sem einu sinni er ákveðin.

Að öðru leyti hefir, hvað greiðslumátann áhrærir, þótt rètt að ákveða, að borgun fyrir verk það, sem einhver tekst á hendur að láta gjöra, skuli að öllum jafnaði greiða þá fyrst, þegar það er sannað með löglegri skoðunargjörð, sem sýslumaður sendir amtmanni, að allt verkið sè óaðfinnanlega af hendi leyst, en samt megi bregða út af þessu, þegar sá, sem verkið lætur gjöra, krefst þess, og verkið er yfirgripsmikið, því þegar svo á stendur, er það sanngjarnt, að nokkur partur af hinu áskilda kaupi sè borgaður smátt og smátt, eptir því sem verkinu miðar áfram. Hins vegar er það sjálfsagt, að þegar verkið er unnið fyrir viss daglaun, verður að ákveða nákvæmar útgreiðslutímann, um leið og daglaunamenn eru ráðnir.

Við 16. gr.

Gr. 16.—26. innihalda reglurnar um viðgjörð og viðhald aukavega þeirra, sem nauðsynlegir eru til opinberra þarfa. Í hinni fyr-

nefndu af greinum þessum er það ákvarðað, samkvæmt því sem áður er um getið, að það framvegis skuli vera skylda innbúanna í hverjum hrepp, að gjöra við og viðhalda hinum almennu aukavegum, sem liggja um hreppinn, og að vinna sú, sem nauðsynleg er í teðum tilgángi, sè skylduvinna, nema hreppsbændur eða meiri hluti þeirra kjósi heldur, að einhver takist á hendur að láta gjöra verkið, eða menn sè leigðir til þess.

Í sambandi við þessa reglu hefir það virzt nauðsynlegt, að setja slíkar ákvarðanir, að skylduverkum gæti orðið jafnar skipt niður, en híngað til hefir verið. Eptir því sem alþíngi hefir skýrt frá, þá eru, nú sem stendur, slíkar ójöfnur á vegagjörðarbyrðinni á Íslandi, að bóndi sá, er eingin vinnuhjú heldur, leggur jafnmikið verk til og sá, sem heldur 10 eða fleiri verkfæra vinnumenn. Þessi aðferð, sem að öðru leyti naumast er byggð á nokkru lagaboði (sbr. þó konúngsbr. af 29. aprílm. 1776, 8. og 9. gr.), en hefir þó átt stað um leingri tíma, er, eins og alþíngi líka hefir bent á, svo ósanngjörn, að ekki ætti að láta hana haldast við. Eptir því sem ástatt er á Íslandi, mun það þar á móti í þessu tilliti vera rèttast, að fylgja þeirri reglu, sem sett er í frumvarpi því, er lagt var fyrir samkomu embættismannanna, en eptir henni á að jafna vinnunni niður eptir tölu allra verkfærra karlmanna í hreppnum frá 18. til 60. árs, og þar eð alþíngi skýlaust hefir látið í ljósi, að eingin undantekníng mætti verða frá hlutteknìng í vegaskyldunni til vegavinnu, sem ekki heldur verður neitt á móti haft, þegar ákvarðanir þær, sem settar eru í 20. gr. um, að senda megi annan mann í sinn stað, eða greiða fjárgjald, í stað þess að láta af hendi skylduvinnu, verða samþykktar, þá hefir svo litizt, að reglan yrði bezt orðuð þannig, að skyldan til að láta ofannefnd vegaverk í tè, liggi á öllum verkfærum karlmönnum í hreppnum frá 18 til 60 ára aldurs, hvort sem þeir eru af bændastètt eða eigi, og yrði þá með því móti ekki einúngis embættismenn, stúdentar, skrifarar, o. s. frv., undirgefnir ofannefndri skyldu, heldur einnig kaupstaðabúar.

Ef notuð yrði ofannefnd breytíng á aðalreglunni um það, að vegaverk við aukavegina eigi að láta af hendi sem skylduvinnu, og þau því eptir ályktun hreppsbænda verða unnin af einhverjum, sem tekst það á hendur, eða af leigðum mönnum, þá er það sjálfsagt, að hreppsbændur eiga einnig að ákveða, á hvern hátt verkið skuli vinna, hvort heldur með því að setja það til uppboðs, eða gjöra samníng um það án uppboðs (sbr. 5. gr. hèr að framan). Það er þar

að auki álitið rèttast, að útgjöldunum, sem gánga til þess, sè jafnað niður eptir hinni sömu reglu, þ. e. a. sk. á hina sömu menn, sem eiga að láta áðurnefnda skylduvinnu í tè, og á þá húsbóndinn að öðru leyti, þegar svo ber að, að borga fyrir börn þau og vinnufólk, sem eru heimilisföst hjá honum.

Við 17. gr.

Eins og það er ákveðið í 4. gr., að amtmaðurinn eptir uppástúngu frá sýslumanninum ákveði, hver verk skuli gjöra á ári hverju við þjóðvegina, þannig er það í þessari grein, hvað aukavegi þá snertir, sem eiga að vera undirgefnir opinberri umsjón og stjórn, falið sýslumönnum á hendur, að gjöra viðlíka ákvörðun eptir uppástúngu hreppstjóranna, en hreppstjórar eiga að gjöra þá ráðstafan, sem þarf, til þess að framkvæma verkið, samkvæmt reglum þeim, sem nákvæmar eru fyrirskipaðar í frumvarpinu.

Við 18. gr.

Þar eð það eptir aðalreglunni í 16. gr. er skylda sèrhvers hrepps fyrir sig, að gjöra við og við halda aukavegum þeim, er liggja um hreppinn, þá verða líka hin sèrstaklegu útgjöld, er standa kynni af aukavegunum, eins og til brúasmíðis, eða til að útvega verktól þau, sem ekki verður krafizt að hið vinnuskylda fólk hafi með sèr, að greiðast á sama hátt, og kostnaðurinn til sjálfrar vegavinnunnar, og því hefir verið sett sú ákvörðun í þessa grein, að slíkum útgjöldum eigi að jafna niður á þá, sem eptir 16. gr. eiga að láta skylduverk af hendi, svo framarlega sem vegasjóður sá, sem nefndur er í 20. gr., getur ekki staðið straum af þeim.

Við 19. gr.

Hvað tilbúníng og viðgjörð aukavega og skyldu eigandans áhrærir, til þess að leggja til lóð þá og tilfaung, sem nauðsynleg eru til þess, þá hefir verið haldið, að reglum þeim, sem hèr að framan eru settar um þjóðvegi, mætti yfir höfuð að tala, fylgja, sjálfsagt með þeim tilbreytíngum, sem nauðsynlegar kynni að vera vegna ásigkomulags veganna og vegna þess, hvað ýmislega hagar til á hinum einstöku stöðum, og er því ákvörðun um þetta sett í þessa grein; að öðru leyti má, hvað breidd vega þessara snertir, skýrskota til athugasemda þeirra, sem gjörðar eru við 9. gr. hèr að ofan.

Við 20.—25. gr.

Í þessum greinum eru nokkrar nákvæmari reglur um það, hvernig skylduvinnuna skuli af hendi leysa; eru þær í aðalefninu teknar eptir hinu optnefnda eldra frumvarpi, og þykir ekki þörf á, að færa frekari ástæðu fyrir þeim. Þó skal þess getið, hvað vegasjóð þann snertir, sem talað er um í 20. gr., að í hinu eldra frumvarpi var stúngið upp á, að sektum þeim, sem ákveðnar eru fyrir það, að menn koma ekki til vegavinnunnar eða forsóma hana, skyldi skipta upp til helmínga milli jafnaðarsjóða amtanna og hlutaðeigandi hreppstjóra, en þar eð það virðist vera eðlilegast, að sektum þeim, er greiða skal, þegar skylduvinnan er vanhirt, sè varið til hagsmuna fyrir vegi þá, er hlut í eiga, þá virðist rèttast í þessum tilgángi, að stofna vegasjóð fyrir hvern hrepp, og láta gjalda til hans bæði tèðar sektir, og einnig þær, er lúka skal fyrir skemmdir á aukavegum; sbr. niðurl. 29. gr.

Við 26. gr.

Samkvæmt aðalreglu þeirri, sem sett er í 17. gr., er ákveðið í gr. þessari, að þegar einhver hefir tekizt á hendur vegagjörð við aukavegina, eða þegar leigðir menn eru hafðir til þess, skuli hreppstjórarnir hafa umsjón með, að verkið verði af hendi leyst samkvæmt ákvörðunum þeim, sem hreppsbændur hafa samþykkt.

Við 27.—30.

Í þessum greinum eru settar nokkrar almennar reglur viðvíkjandi umsjóninni, bæði með þjóðvegum og aukavegum, hegníngum fyrir vegaskemmdir og málssóknum í vegamálum, og skal með tilliti til ákvarðana þessara, sem með nokkrum breytíngum eru teknar eptir hinu eldra frumvarpi, bæta því einu við, að eins og sektir þær, sem lúka skal fyrir skemmdir á aukavegum, eptir því sem hèr að ofan við 20. gr. er um getið, eiga að falla í vegasjóð hreppsins, þannig leiðir það af reglu þeirri, sem sett er í 15. gr. um það, að kostnaðinn til nýrra þjóðvega og viðgjörðar þeirra eldri þjóðvega skuli greiða úr jafnaðarsjóðum amtanna, að sektirnar fyrir skemmdir á þessum vegum verða að falla í þessa sjóði.

Við 31. gr.

Þar eð tilskipun þessi á að koma í staðinn fyrir reglur þær, sem híngað til hafa gilt um vegaskipun eptir Jónsbókar landsleigu-

bálks 44. kap., og konúngsbrèfi af 29. apríl 1776, þá er í þessa grein tekin beinlínis ákvörðun um þetta, og hefir einnig virzt rèttast af líkum ástæðum og þeim, sem til eru færðar við 13. gr. í þessu frumvarpi, að bæta við ákvörðun um, að reglur þær, sem fyrirskipaðar eru í Jónsbókar landsleigubálki 45. kap. og konúngsbrèfi 29. apríl 1776, § 6, um hinar almennu ferjur yfir stærri ár og vatnsföll, framvegis skuli vera í gildi, er alþíngi með því gefst kostur á, að láta í ljósi álit sitt bæði um það, hvort ofannefndar ákvarðanir, sem þegjandi var farið fram hjá í frumvarpi því, sem áður hefir verið um getið, og eins um hitt, að hve miklu leyti það sè nóg, eins og hèr er gjört, að skírskota til tèðra ákvarðana sem gildandi, eða það, ef til vill, kynni virðast rèttara, að taka innihaldið sjálft inn í þessa tilskipun.

# II.

## Frumvarp

til

tilskipunar um ráðstafanir til þess að útrýma og varna útbreiðslu fjárkláðans, er geisar á Suðurlandi[1].

### 1. gr.

Til þess að út rýma og varna útbreiðslu þess hættulega og sóttnæma kláðafaraldurs, er nú geisar á Suðurlandi, skal almennur fjárskurður fram fara strax í haust í Arness-, Gullbríngu- og Kjósar-, samt Borgarfjarðarsýslum.

### 2. gr.

Þar sem kláðasýki og niðurskurður hefir átt sèr stað, skal rjúfa öll fjárhús og láta tóptirnar standa opnar næstkomanda vetur,

[1]) Sbr. brèf dómsmálastjórnarráðherrans til amtmannanna, dags. 30. d. aprílm. í vor, preutað í þessa árs alþíngistíðindum, bls. 34.

en hreinsa vandlega viðu alla, annaðhvort í eldi, sjó eða söltu vatni; einnig bræla veggina, samt brenna, hreinsa eða upp ræta sèrhvað það, sem nokkur líkindi eru til að efni til kláðasýkinnar geti dulizt í.

3. gr.

Til þess að annast um niðurskurð fjárins og rof húsanna, skal amtmaður kjósa 2 eða 4 menn í hverri sýslu hlutaðeiganda sýsluyfirvaldi til ráðaneytis og aðstoðar, en hver sýslunefnd skal út nefna nokkra menn í hverjum hrepp, til þess að hafa enn nákvæmara tillit með framkvæmd þess fyrirskipaða, og skulu nefndarmenn láta skera fèð og rjúfa húsin á eigenda kostnað, ef þeir óhlýðnast, en borgun fyrir þenna starfa takist lögtaki hjá eigendum á þann hátt, sem fyrir er mælt í opnu brêfi 2. apríl 1841.

4. gr.

Niðurskurður fjárins byrji að afloknum fjallgaungum, og sè honum í sèrhverju byggðarlagi lokið fyrir næstu jólaföstu. Rjúfa skal húsin jafnótt og fènu er lógað, og áður en frost hindra.

5. gr.

Þeir, sem af skeytíngarleysi verða fundnir að því, að flytja hið sóttnæma kláðafaraldur inn í ómeinguð hèruð og byggðarlög, skulu, auk skaðabóta, sæta fèsektum frá 5—30 rdl. r. m., og skal þau mál sækja sem opinber lögreglumál. Sömu fjársektum skal það og varða, ef nokkur sýnir óhlýðni eður mótþróa gegn því, sem skipað er í þessari tilskipun, til að útrýma og varna útbreiðslu kláðafaraldursins. Skyldi nokkur af ásetníngi eða illvilja flytja kláðafaraldrið inn í ósýktar sveitir, varðar það frelsistjóni eptir málavöxtum frá 2—5 ára.

6. gr.

Sèrhver fjáreigandi maður í þeim sýslum og byggðarlögum, hvar almennur niðurskurður fjárins, vegna fjársýkinnar, ekki hefir átt sèr stað, skal skyldur, eptir tiltölu til fjáreignar sinnar að selja svo mikið af ám með lömbum að vorlagi, að hver búandi í þeim sýslum, er kláðafaraldrið hefir geingið yfir, geti feingið helmíng þeirrar ærtölu, sem hann næst undangánganda ár (1856) hefir talið fram til landbúskapartöflunnar, og skulu yfirvöld annast um útbýtíngu fjárins eptir þessu hlutfalli.

7. gr.

Ærnar skulu látnar af hendi í fullgildu standi, og borgist eptir verðlagsskrá þeirri, er ræður frá miðju maímánaðar 1858 til jafnleingdar 1859 í þeim sýslum, hvaðan ærnar eru.

8. gr.

Amtmenn ákveða eptir landbúskapartöflunni úr hverju amti, hvað margt fè hverri sýslu ber að selja, en sýslumaður í hverri sýslu, hvað margt kemur á hvern hrepp, og hreppstjóri í hverjum hrepp, hvað hverjum fjáreiganda ber skylda til að selja. Skal það með miðsvetrarpóstum tilkynnt stiptamtmanni, hvað margt fè fáist í hverju byggðarlagi fyrir sig, svo hann geti til tekið, hvert hver sveit eigi að leita fjárkaupanna. Ef það virðist óvinnanda, að reka fè úr hinum fjarlægustu sýslum til Suðurlands, skulu þær nálægari sýslur leggja því fleiri ær til, en sè aptur það, sem þær láta í tè fram yfir rètta tiltölu, endurgoldið frá þeim fjarlægari sýslum. Kostnaðurinn til þessa fjárflutníngs greiðist úr hlutaðeiganda amts jafnaðarsjóði.

9. gr.

Til fjárkaupa komi Sunnlendíngar um jónsmessuleyti næsta ár, og skal hreppstjóri í hverjum hrepp með helztu mönnum hreppsins vera þeim hjálplegur í því, að ná saman hinn lofaða fè.

10. gr.

Að afloknum fjárskurði í þeim meinguðu sýslum skal stiptamtmaður og amtmenn hver fyrir sig með tilstyrk sýslumanna og annara merkra manna alúðlega gángast fyrir því, að safna gjöfum til hjálpar hinum nauðstöddu, er hlotið hafa tjón af kláðafaraldrinu.

11. gr.

Í öllum þeim sýslum landsins, hvar almennur niðurskurður fjárins vegna fjársýkinnar ekki hefir átt sèr stað, skal hlutaðeigandi amtmaður kjósa 5 manna nefnd næstkomanda vetur, og svo leingi þurfa þykir, til þess að vaka yfir heilbrigðisástandi fjárins, góðri fjárhirðíngu og skynsamlegum ásetníngi. Skal amtmaður gefa hverri nefnd erindisbrèf, eptir því sem til hagar í hverri sýslu.

12. gr.

Skyldi mót von hið sóttnæma kláðafaraldur dreifa sèr til þeirra sýslna, sem nú eru ómeingaðar, skal, strax sem verður vart við það á einstökum bæjum, halda saman öllu fè í straungu varðhaldi, svo það alls eingar samgaungur geti haft við annað fè, og skera það niður án allrar undantekníngar eptir yfirvalds tilhlutun, móti því að tjónið verði bætt sumpart með niðurjöfnun á amtsbúa, sumpart með gjöfum.

---

## Ástæður

fyrir frumvarpi til tilskipunar um ráðstafanir til þess að út rýma og varna útbreiðslu fjárkláðans, er geisar á Suðurlandi.

Á næstliðnum vetri sendu stiptamtmaðurinn og amtmennirnir á Íslandi stjórninni skýrslur um kláða á fènaði, sem víða hafði orðið vart við bæði á Norður- og Vesturlandi í haust, er var, en sem einkum hafði skaðsamlega geisað í nokkrum hluta Suðurlands, nl. í Borgarfjarðar-, Gullbríngu- og Kjósar-, samt í Árnessýslu. Í skýrslum þessum var þess getið, að fjárkláði sá, er vart hafði orðið við á Vestur- og Norðurlandi, ekki hefði verið skaðlegur eða illrar tegundar, og að hann þar hefði verið í rènun. En á Suðurlandi þar á mót hefði fjárkláðasýki þessi, er virtist að vera bæði næm og illrar tegundar, ollað miklu tjóni, svo að fjöldi fjár hefði þar bæði verið skorinn vegna kláðasýkinnar og líka drepizt úr henni.

Þar eð nú stjórnin var amtsyfirvöldunum hèr á landi samdóma í því, að hin bráðasta nauðsyn bæri til þess, að sem rammastar skorður yrði reistar við því, að þessi hin næma kláðasýki í ofannefndum sýslum suðuramtsins út breiddist til annara hèraða landsins, hvar fè enn þá var heilbrigt, þá bauð dómsmálastjórnarherrann amtsyfirvöldunum hèr á landi með brèfi 30 apr. þ. á. að eiga fund með sèr í Reykjavík, til þess að taka öll þau atriði til nákvæmustu yfirvegunar, sem miða til þess, að út rýma fjárkláðasýkinni úr landinu, og hindra hennar frekari útbreiðslu.

Skyldi reynslan sanna það, að þær skorður, sem þegar eru reistar við útbreiðslu fjárkláðans, og þau meðul, sem brúkuð hafa verið til að lækna hann, væri ónóg til þess að út rýma og gjöreyða sýkinni, bauð stjórnarherrann amtsyfirvöldunum í sameiníngu að semja frumvarp áhrærandi þær ítarlegri ráðstafanir, sem nauðsynlegar virtist, til að upp ræta fjársýkina, í hverju tilliti amtsyfirvöldunum sèr í

lagi var á hendur falið að yfirvega, bæði hvort og hve gjörsamlega að niðurskurður á fènu í hinum sýktu hèruðum ætti að eiga sèr stað, og hvernig greiða skuli kostnað þann, sem af öllum þessum ráðstöfunum leiðir. Loksins hefir stjórnarherrann boðið, að hið ofan umgetna frumvarp skyldi af *konúngsfulltrúanum* leggjast fyrir það alþíng, er koma á saman í sumar, og að frumvarpið, eptir að það er samþykkt af alþíngi, skyldi, ef bráð nauðsyn ber til, eptir uppástúngu alþíngis fá gildi sem bráðabyrgðalög, þángað til náð verður allrahæsta samþykki.

Eptir að stiptamtmaðurinn og amtmennirnir á Íslandi samkvæmt framan umgetnu boði stjórnarinnar voru komnir saman í Reykjavík, hafa þeir átt með sèr fleiri fundi, og hafa þeir á þeim ítarlega yfirvegað og rætt ofan umgetið málefni, og sèr í lagi þau þar að lútandi atriði, sem mest eru áríðandi, nl. um það, hvernig helzt mætti reisa skorður við frekari útbreiðslu fjársýkinnar, hvernig eyða mætti henni og uppræta hana, samt hvernig hentugast mundi að greiða þann kostnað, sem af öllum þeim hèr að lútandi ráðstöfunum leiðir.

Hvað hið 1. atriði snertir, þá hafa allir amtmenn landsins verið samdóma í því, að reisa allar þær skorður, sem mögulegt er við að koma, móti því, að hin mjög næma og hættulega fjárkláðasýki nái að út breiðast frá þeim hèruðum, er hún hefir náð bólfestu í, til hinna, hvar hennar hefir ekki enn þá orðið vart; hvers vegna verðir eru settir bæði á takmörkum þeim, er greina vestur- og norðurumdæmin frá suðurumdæminu, og eins á takmörkunum milli Árness- og Rángárvallasýslu, og í sama skyni hefir streingilega verið boðið, að fjáreigendur í þeim sveitum, þar sem sýkin geisar, hvorki sleppi sjúku fè sínu á afrètti, eður inn í þær sveitir, sem enn þá eru ósýktar.

Um hið annað atriði, hvernig upp ræta megi fjárkláðasýkina, hafa amtsyfirvöld landsins þar á móti ekki getað orðið að öllu leyti samdóma. Stiptamtmaðurinn hefir nl. haldið, að kláðasýkinni mætti út rýma með lækníngum, og með því að skera smámsaman hið sýkta fè, þángað til sýkin er gjöreydd. Hinir amtmennirnir þar á mót hafa verið þeirrar meiníngar, að þó sjúkdómur þessi ekki sè verra eðlis en svo, að lækna megi hverja einstaka kind, er sýkist, ef góður læknir er til staðar, næg meðul eru fyrir hendi og nákvæm hirðíng við höfð, muni það þó, eptir því sem tilhagar hèr á landi, verða öldúngis ókljúfanda og ómögulegt með lækníngum að út rýma og

gjöreyða fjárkláðasýkinni öðruvísi en með fullkomnum niðurskurði í þeim sýktu héruðum, og með því bæði að rjúfa og hreinsa fjárhús, og eyða öllu því, er fjárkláðaefni getur dulizt í.

Stiptamtmaðurinn mun því sjálfur semja og láta leggja fyrir alþíngi uppástúngur sínar í þessu tilliti og ástæðurnar fyrir þeim. Amtmennirnir fyrir norðan og vestan hafa, samkvæmt því sem áður er ávikið, samið frumvarp til tilskipunar um ráðstafanir, til þess að útrýma og varna útbreiðslu hins næma fjárkláða, er geingur á Suðurlandi, samt um það, hvernig þar megi koma upp aptur ósjúkum fjárstofni; og skulu hér nú nákvæmar tilgreindar ástæðurnar fyrir hinum einstöku greinum téðs frumvarps.

Við 1. gr.

Þar eð reynslan þegar er búin að sýna, að fjárkláðasýki sú, sem nú geingur á Suðurlandi, er mjög næm, og getur flutzt ekki einúngis með þeim sauðkindum, sem sýkina hafa feingið, þó ekki sjáist mikil brögð á því útvortis, heldur og með ullu og skinni af sýktu fé, samt með mönnum, er kláðafé hafa handleikið, og ekki hafa síðan vandlega hreinsað sig, eins og kláðaefnið getur líka dulizt í fjárhúsum þeim, sem sjúkt fé hefir verið hýst í, og færzt úr þeim á ósjúkt fé, ef þau eru ekki rofin og vandlega hreinsuð; þar eð reynslan hefir enn fremur sýnt, að lækníngatilraunir þær, sem híngað til hafa verið við hafðar, eru öldúngis ónógar til að gjöreyða kláðasýkinni, sem aptur og aptur hefir brotizt út, þótt hún hafi horfið um stund; samt þar eð óttast má fyrir því, að sú böðun fjárins í kláðalegi, sem nú er alstaðar boðin, ekki muni hrífa að fullu, heldur bæði mistakast víða, og líka muni ólaugaðar sauðkindur hér og hvar sleppa á fjöll og afrétti, hvar við nægilegt tilefni gefst til, að kláðasýkin á ný út breiðist, svo hafa semjendur frumvarpsins eptir nákvæma yfirvegun ekki getað komizt til annarar niðurstöðu en þeirrar, að ekkert annað óhult eða óbrigðult meðal gefist til þess, að út rýma og gjöreyða kláðafaraldrinu í þeim sýktu héruðum, og til þess að koma þar upp aptur sem bráðast heilbrigðum fjárstofni, en almennur niðurskurður fjárins á næstkomanda hausti.

Við 2. grein.

Ákvörðun sú, sem þessi grein inniheldur, um að fjárhúsin í þeim sýktu héruðum skuli rjúfa og hreinsa, er grundvölluð á þeirri

almennt viðurkenndu reynslu, að kláðaefni getur leingi dulizt í þeim fjárhúsum, hvar fè það, sem sjúkt er af næmri kláðasýki, hefir verið hýst, og út breiðzt til heilbrigðs fjár, sem síðar meir er hýst í þeim, hafi þau ei áður verið vandlega hreinsuð. Þvílíkt húsarof og nákvæmleg hreinsun húsanna var þess vegna stránglega boðið í tilsk. 12. maí 1772, þegar út rýma átti fjárkláðasýkinni hèr á landi á síðast liðinni öld.

Við 3. gr.

Að svo miklu leyti það er fyrirskipað í þessari grein, að þeir menn, sem hafa eiga tilsjón með niðurskurðinum, skuli láta skera fèð og rjúfa fjárhúsin á kostnað þeirra eigenda, sem óhlýðnast, og að borgun fyrir starfa þenna skuli takast lögtaki hjá eigendunum, þá er þessi ákvörðun ekki einúngis samkvæm laganna grundvallarreglum í líkum tilfellum, heldur er hún líka fyrirskipuð í frumvarpi því, er stjórnin lagði fyrir ríkisdaginn í Danmörku næstliðinn vetur um sjúkdóm hjá húsdýrunum (sjá frumvarpið § 7), samt í uppástúngunni frá nefndinni í landsþínginu í sama máli (§ 6); hvar af sjá má, að löggjafarvaldið í Danmörku aðhyllist þá sömu skoðun, sem greinin fylgir.

Við 4. gr.

Frestur sá, sem ákveðinn er í þessari grein, er tiltekinn í því skyni, að eigendurnir sem bezt geti hagnýtt sèr hið slátraða fè.

Við 5. gr.

Ákvarðanir þær um fèbætur og hegníng þá, sem lögð er við þau afbrot, er grein þessi um getur, eru lagaðar eptir reglum þeim, er hin danska löggjöf til tekur um líkar yfirtroðslur laganna, í hverju tilliti þess má geta, að ef nokkur skyldi vera svo illviljaður, að hann með ásettu ráði skyldi flytja kláðafaraldrið inn í ómeinguð hèruð, þá er þessi glæpur svo stór og viðurstyggilegur, að sá, er gjörir sig sekan í honum, ekki virðist mega geta afplánað hann með fèsektum, heldur eiga að sæta þýngri hegníngu.

Við 6. og 7. gr.

Það, sem fyrirskipað er í þessum greinum, miðar til þess, að búendur þeirra hèraða, hvar niðurskurður fjárins hefir átt sèr stað, skuli strax næsta sumar þar eptir geta feingið nægan ærstofn, til þess að geta komið fènu upp aptur; og er það þá sjálfsagt, að þenna

nýja fjárstofn geta búendur þeirra hèraða, hvar fjársýkin hefir geingið, ekki feingið, fyr en því sjúka fè er þar gjöreytt, og allt fjárkláðaefni þar upp rætt, því annars mundi hinn nýi heilbrigði fjárstofn bráðum sýkjast, og kláðasýkin þannig verða lángvinn og rótgróin í landinu, en skaði kaupenda margfaldur. Að verð fjár þess, sem selja skal úr heilbrigðu sveitunum, er bundið við verðlagsskrána fyrir ár það, sem í 7. greininni er til tekið, er gjört til þess, að fyrirbyggja allan ágreiníng milli kaupenda og seljenda, eins og líka tillit hefir verið haft til þess, að ærverðið í verðlagsskránum alstaðar er töluvert lægra en gángverð ánna manna á milli.

Við 8. og 9. gr.

Ráðstafanir þær, sem í þessum greinum eru fyrirskipaðar, eru gjörðar til þess, að svo fastar reglur, sem mögulegt er, komist á um það, hvernig fram fara skuli kaup og sala þess fjár, sem hin ómeinguðu hèruð eru skylduð til að láta af hendi, til þess að koma upp aptur heilbrigðum fjárstofni í þeim sveitum, er beðið hafa tjón af fjársýkinni og niðurskurði fjárins.

Við 10. gr.

Þó það sè nokkuð hörð kvöð, sem í frumvarpinu (§ 6) er lögð á fjáreigendur í þeim hèruðum, sem frí verða við fjárkláðapestina, þar sem þeir eru skyldaðir til að selja töluverðan hluta af fjárpeníngi sínum fyrir víst tiltekið og það heldur lágt verð, til þess að koma upp aptur heilbrigðu fè í þeim sveitum, hvar niðurskurður hefir átt sèr stað, hver kvöð einúngis getur rèttlætzt við þá nauðsyn, er til þess ber, að þeim eyðileggjandi afleiðíngum fjárpestarinnar verði af lètt í þeim fjárlausu hèruðum, má þó gánga að því vísu, að hin uppáboðna fjársala ekki muni geta orðið einhlít í þessu tilliti, þar margir þeirra, er misst hafa fjár síns, munu reynast svo fátækir, að þeir ekki geta keypt sèr viðunanlegan fjárstofn aptur. Það er því fyrirskipað í þessari grein, að stiptamtmaður og amtmenn, með tilstyrk sýslumanna og annara merkra manna, skuli gángast fyrir því, að safna gjöfum til hjálpar hinum nauðstöddu, er hlotið hafa tjón af kláðafaraldrinu. Það þykir mega gánga að því vísu, að allir landar vorir í þeim hèruðum, sem fjárkláðafaraldrið ekki hefir náð til, muni verða fúsir til, að rètta sínum nauðstöddu bræðrum, er misst hafa sinn helzta bjargræðisstofn, líknandi hjálparhönd, svo að gjafir,

þær, er þannig safnast, muni nema svo miklu, að nægi til að bæta nauðsyn þeirra, sem skortir efni til að ráða bót á henni sjálfir.

Við 11. gr.

Ákvörðun sú, sem gjörð er í þessari grein, miðar til þess, að tryggja, að hinni fyrirskipuðu fjársölu verði fullnægt, og til þess að efla góða fjárhirðíngu, sem almennt er viðurkennd að vera hið öflugasta meðal, bæði til að viðhalda góðri heilbrigði sauðfjárins, og varna þeim óþrifum, sem leiðir af vanhirðíngu fjárins og getur orðið orsök, bæði til þess að fjárkynið verði veikara, og líka til þess, að einstakir menn og jafnvel heilar sveitar verði fyrir stórum skaða af fjárfelli.

Við 12. gr.

Það liggur í augum uppi, að það er öllu landinu eins áríðanda, og að hin bráðasta nauðsyn ber til þess, að sem öflugastar skorður verði reistar við því, að fjárkláðasýkin breiðist út til þeirra hèraða landsins, sem enn þá eru ósýkt; því tækist svo ógæfusamlega til, að hún næði að dreifa sèr út til þessara hèraða, mun það varla verða fyrirbyggt, að hún þá breiðist út yfir mikinn hluta landsins; og því er það mjög áríðanda, að sýkinni strax í byrjuninni verði útrutt á þeim bæjum, hvar hún fyrst gjörir vart við sig í þeim ósýktu hèruðum.

Eptir að þannig stuttlega er skýrt frá þeim ástæðum, á hverjum framanumgetið frumvarp er byggt, skal nú stuttlega vikið á hið þriðja atriði, er amtsyfirvöldin hafa tekið til yfirvegunar, nl. hvernig hentugast myndi að greiða þann kostnað, sem af öllum þeim hèr að lútandi ráðstöfunum leiðir.

Í tilliti til þessa atriðis hefir bæði stiptamtmanni og amtmönnunum komið saman um, að hvert amt fyrir sig skuli bera þann kostnað, er leiðir af ráðstöfunum þeim, er gjörðar hafa verið í hverju amti fyrir sig til að varna útbreiðslu fjárkláðans til hinna ósýktu hèraða, samt af lækníngatilraunum þeim, er átt hafa sèr stað í hverju amti, til að lækna hinn sjúka fènað. Þar á móti hafa öll amtsyfirvöldin verið samþykk í því, að kostnaður sá, sem leiðir af niðurskurði framgjarnra sauða í Borgarfjarðarsýslu á þessu vori, samt af prófum þeim, er landsyfirrèttardómari Jón Pètursson hefir tekið um uppruna og útbreiðslu fjárkláðans í Árnessýslu, skuli greið-

ast af öllum ömtunum þannig, að hvert þeirra greiði $^1/_3$ part af téðum kostnaði.

Samkvæmt öllu því hèr að framan tilfærða stíngum við undirskrifaðir amtmenn upp á því:

1. Að alþíngi fyrir sitt leyti leggi samþykkt á þær ráðstafanir, er amtsyfirvöldin þegar hafa gjört, til að varna útbreiðslu fjárkláðans til hinna ósýktu hèraða landsins.
2. Að alþíngi yfirvegi og ræði nákvæmlega þau frumvörp, miðandi til að út rýma fjárkláðanum, er stiptamtmaðurinn og amtmennirnir eptir undirlagi stjórnarinnar leggja fyrir þíngið.
3. Að alþíngi, ef því virðist bráð nauðsyn til bera, veiti bráðabyrgðagildi ákvörðunum þeim, er það samþykkir til útrýmíngar fjárkláðanum, og leiti síðan allraþegnsamlegast hans hátignar konúngsins allrahæsta samþykkis til þess, að ákvarðanir þær, er þíngið hefir fallizt á í þessu efni, fái fullkomið lagagildi.
4. Að alþíngi sendi konúngi allraþegnsamlegasta bænarskrá um, að þeim innbúum suðuramtsins, er liðið hafa fjártjón og fènunamissi af kláðafaraldrinu, veitist styrkur til að koma upp aptur nýjum og heilbrigðum fjárstofni, eptir að öllu hinu sýkta fè er gjöreytt, af þeim svonefnda „Styrktarsjóði handa Íslandi", er stofnaður var með konúngsúrskurði frá 25. júlí 1844.

Reykjavík, 25. júní 1857.

*P. Melsteð. J. P. Havstein.*

---

Lögstjórnin hefir í brèfi 30. apr. þ. á., sem skipaði amtmönnum á Íslandi að eiga fund í Reykjavík, til að ráðgast um sameiginlegar reglur fyrir öll ömtin, með tilliti til fjárkláða þess, er hèr geisar, meðal annars farið þessum orðum:

„Ef að öðru leyti raun mætti á verða, að gild ástæða sè til að „óttast fyrir, að reglur þær, sem þegar eru gefnar, verði ónógar „til að útrýma sýkinni, vill lögstjórnin hafa falið amtmönnunum, „í sameiníngu að semja frumvarp um hinar ítarlegri ráðstafanir, „sem þörf er á, til að hnekkja sýkinni, og mun þá sèr í lagi verða „að yfirvega, hvort og að hvað miklu leyti niðurskurð„ur **á hinu sýkta fè** skuli eiga sèr stað, sem og „það atriði, hvernig kostnað þann, er af öllum hèr að lútandi „ráðstöfunum leiðir, ber að endurgjalda, og skal umgetið frum-

„varp af *konúngsfulltrúa* leggja fyrir alþíngið á komanda sumri; „getur það þá, ef alþíng fellst á það og sèrleg nauðsyn virðist „til bera, samkvæmt tillögum alþíngis, öðlazt gildi sem bráða-„byrgðalög, uns allrahæst staðfestíng konúngs getur orðið því út-„veguð".

Á fundi þeim, sem amtmenn þar næst áttu með sèr, kom þeim skjótt saman um, hvað fyrst og fremst væri þörf á að fyrirskipa, og hversu kostnað þann, sem af þeim fyrirskipunum risi, bæri að gjalda, og er eg samdóma hinum amtmönnunum um þessi atriði; þar á móti hefi eg ekki getað fallizt á tillögur þeirra um ítarlegri ráðstafanir framvegis, sem verulegast miða til þess, að öllu sauðfè, heilbrigðu og sýktu innan ársloka verði slátrað í Árness-, Gullbríngu-, Kjósar- og Borgarfjarðarsýslum, án þess að eigendur fjárins fái nokkurt endurgjald, og að fjáreigendur í þeim hèruðum, hvar fè er ekki skorið, skuli skyldir að selja fyrir ákveðið verð helmínginn af þeirri ærtölu, sem eptir búnaðartöflunni 1856 var í ofangreindum 4 sýslum.

Eins og það er vissulega auðsèð, að þvílík ráðstöfun mundi vera síður en ekki tryggjandi, þar sem eingan veginn verður álitið áreiðanlegt, að sýkin um það leyti, er niðurskurðurinn fer fram, ekki sè á öðrum stöðum, en í hinum nefndu sýslum, þannig er eing-inn mèr kunnur lagagrundvöllur fyrir því, að hið opinbera megi skerða eignarrètt einstakra manna, utan þar, er augnamið hins gjör-valla heimtar það, og þá móti fullu endurgjaldi. Að minni mein-íngu getur því hvorki niðurskurður nè fjársala frá þeim sveitum, sem ekki skera fè sitt, átt sèr stað á þann hátt, sem upp á er stúngið, enda mun það og verða alþíngi ljóst af hinum tilfærða kafla úr brèfi lögstjórans, að frumvarpið geingur lángt út yfir takmörk þess myndugleika, sem oss var gefinn með greindu brèfi. Þvílíkur nið-urskurður mundi þar hjá leiða af sèr margar og miklar hörmúng-ar, sem eg sè eingan veg til að girða fyrir. Þegar allar jarðir eru gjöreyddar að fè, hvaðan eiga þá sýslumenn, prestar og kirkjur að fá tekjur sínar? hvernig skal greiða alþíngiskostnað og útgjöld jafn-aðarsjóðsins m. m.? og hversu verður sèð um framfæri fátækra, þegar hin umgetna ráðstöfun enn fremur mun leiða af sèr, að sveit-arþýngsli aukast að miklum mun? Úr öllum þessum spurníngum yrði að leysa, áður en aðaluppástúngan gæti komið til greina, en um þetta hefi eg ekki getað feingið neina leiðbeiníngu hjá hinum amt-mönnunum, enda er eg ekki sjálfur fær um að benda á nokkurt meðal,

til að ráða bót á þessu. Eg hlýt loksins að geta þess, að mèr finnst það mjög vafasamt, hvort þvílíkri uppástúngu getur yfir höfuð orðið framgeingt.

Ráðstafanir þær, sem gjöra ber viðvíkjandi málefni þessu, sem er svo áríðanda fyrir velferð alls landsins, ætti vissulega að miða til þess, að útrýma sýkinni svo skjótt sem má, og til að stemma stigu fyrir frekari útbreiðslu hennar fyrirfram. Í þessu tilliti má víst álíta það rángt, að heimfæra reglur þær, er fyrirskipaðar verða í vissum sveitum. Skuli tryggíng fá gegn sýkinni, verður nauðsynlegt, að láta menn, sem vit hafa á, rannsaka, hvort sýki sú, sem, eins og kunnugt er, hefir geingið um fleiri hèruð landsins, en suðuramtið, ekki er hvervetna sömu tegundar, og hvort ekki ólíkar heilbrigðisástæður hafa ollað frekari þroska hennar á einum stað en öðrum; vona eg, að kostur verði á að láta slíkri rannsókn framgeingt, þar sem eg hefi sókt um til stjórnarinnar, að híngað yrði sendir með næstu póstskipsferð 2 af hinum duglegustu dýralæknum. Þegar nú raun yrði á við þessa rannsókn, hvar sýkin er sóttnæms eðlis, álít eg rèttast, að þar sè niður skorið allt hið veika og grunaða fè á þann hátt, sem fyrir er skipað í uppástúngu hinna amtmannanna. Hvað endurgjald snertir fyrir skaða þann, sem eigendur líða við þetta, og að vísu gæti metizt eins og munurinn á verði því, er fæst fyrir hinar slátruðu kindur, og því, er hinar heilbrigðu kosta um sama mund, leyfi eg mèr að stínga upp á, að það greiðist með niðurjöfnun á sama hátt og alþíngisskatturinn, þó þannig, að helmíngur endurgjaldsins jafnist á það amt sjálft, sem álíta má að mest varði um niðurskurðinn, en hitt á allt landið.

Að vori komanda ætti hreppanefndirnar aptur eptir ráðstöfun sýslunefndanna að láta rannsaka nákvæmlega allt fè í landinu, og skyldi sýkin þá, mót von, nokkurstaðar sýna sig, ætti að skera niður allt hið veika og grunaða fè eptir áðursögðu. Um hreinsun fjárhúsanna er hið nauðsynlega þegar fyrir skipað með reglugjörð 13. febr. þ. á., af hverri nokkur exemplör fylgja. Þegar þessum reglum er nákvæmlega fylgt, virðist mèr ekki þurfa að óttast fyrir útbreiðslu sýkinnar, og að því leyti það annars almennt er borið fyrir, að torvelt sè að koma á nákvæmri hlýðni við ráðstafanir þær, sem gjörðar eru, ætla eg þá mótbáru vera miður styrka, þegar framkvæmdin er falin sýslna- og hreppanefndunum, sem saman verða settar af hinum beztu mönnum. Skyldi hinum heiðruðu þíngmönnum samt sem áður ekki þykja þær ráðstafanir, er eg nú hefi stúngið upp á,

nógu tryggjandi, af því þeir álíta, að fjárfjöldi sá, sem bændur hafa almennt, muni standa í vegi fyrir tilbærilegri hirðíngu fjárins, og megi þannig óttast fyrir, að sýkin kvikni aptur, og skyldi þíngið sökum þessa finna ástæðu til, að senda hans hátign konúnginum allraþegnsamlegast lagafrumvarp, leyfi eg mèr að skjóta því til þíngsins, að það verði gjört sýslunefndunum í hinum sýktu hèruðum að skyldu, með ráði hreppsnefndanna að ákveða, hvað margt fè hver bóndi megi halda í samanburði við það fóðurmegn, sem hann hefir og fólksfjölda til hirðíngar fjárins, svo að meira hluta fjárstofnsins verði slátrað, á móti því að skaði sá, er hann líður við þetta, verði honum bættur með framanskrifuðu móti. Það fè, sem leitar á afrèttina, ætti sèr í lagi að verða fyrir niðurskurðinum. Þegar fènu er þannig fækkað, verður það væntanlega mjög auðvelt fyrir eigendurna að girða fyrir, að sýkin kvikni aptur, og sjálfsagt getur það ekki orðið torvelt með þessu móti að hepta frekari útbreiðslu hennar. En þar nú þvílík ráðstöfun ekki að síður er stakleg *(extraordinær)* skerðíng eignarrèttarins, hlýt eg einnig að skjóta því til hins heiðraða alþíngis, hvort ekki mundi vera rèttast, að binda þá uppástúngu við sveitir þær, sem liggja á takmörkum amtanna.

Samkvæmt framanskrifuðu eru það tillögur mínar:

1. að dýralæknar þeir, sem væntanlegir eru, verði látnir rannsaka ásigkomulag og útbreiðslu sýkinnar.
2. að niðurskurður á hinu sýkta fè verði fyrir skipaður á framanskrifaðan hátt, mót endurgjaldi til eigendanna, og
3. að kostnaður sá, sem flýtur af híngaðferð og hèrveru dýralæknanna, greiðist af upphæð þeirri, sem með ríkistekjulögunum er veitt til ófyrirsjáanlegra útgjalda handa Íslandi, eða ef þessari upphæð skyldi vera öðruvísi ráðstafað fyrir þetta ár, þá fyrirfram af ríkissjóðnum, móti endurgjaldi af sömu upphæð næsta ár.

Og skýt eg því til alþíngis, að senda konúngi allraþegnsamlegastar tillögur sínar um, að fyrir skipa með lögum, að fènu í hinum sýktu hèruðum, eða í takmarkasveitum amtanna, verði fækkað, eins og hèr er upp á stúngið.

Íslands stiptamthúsi, þann 14. júlí 1857.

*J. D. Trampe.*

# III.

## Skýrsla

jarðamatsnefndarinnar frá 1855 til dómsmálastjórnarinnar[1].

Samkvæmt uppástúngu þeirri um lagfæríng jarðamatsins á Íslandi, sem eptir allrahæstum úrskurði 18. maí 1855 var lögð fyrir það alþíngi, er haldið var hið sama ár, og sem alþíngi féllst á í öllum aðalatriðum, var nefnd manna þeirra, sem hèr eru undirskrifaðir, kosin við lok alþíngis, til þess að halda áfram störfum þeim, er þurfti til lagfæríngar áðurnefnds jarðamats, og var nefndinni einkum falið á hendur, sumpart að láta virða upp jarðirnar í Rángárvallasýslu, sumpart að lagfæra stöku galla, sem orðið höfðu á jarðamatinu 1849—50, sumpart að laga ójöfnur þær, sem eru á jarðamatinu í einstökum hreppum sín á milli í nokkrum sýslum, samkvæmt bendíngum þeim, er alþíngi hefir gefið, og loksins, að koma jöfnuði á jarðamatið í öllum sýslum landsins sín á milli, með því að hafa fyrir mælikvarða upphæð allra jarðarafgjalda í hverri einstakri sýslu.

Nefndin byrjaði störf sín, jafnskjótt sem alþíngi var lokið 11. ágúst 1855, og hefir haldið þeim stöðugt áfram í þá stefnu, er oss var fyrirskipuð, og nú leyfum vèr oss í undirgefni að leggja fyrir hið háa stjórnarráð frumvarp það um lagfæríngu á jarðamatinu í Íslandi 1849—50, sem fylgir hèr með, og er það árángur viðleitni vorrar, að koma áðurnefndu jarðamati í lag. Vèr ætlum nú, bæði með tilliti til þessa starfa yfir höfuð að tala og einstakra hluta hans, með sömu undirgefni að leyfa oss að gjöra eptirfylgjandi athugasemdir, sem hentugast er að innibinda í þessum aðalatriðum, nefnilega:

*A.* Lagfæríng matsins á einstöku jörðum; sömuleiðis nýtt mat á eignum, sem ránglega hefir verið hlaupið yfir við matið 1849—50.

*B.* Endurmat á Rángárvallasýslu; sömuleiðis lagfæríng á jarðamatinu í einstökum hreppum sín á milli.

*C.* Lagfæríng á jarðamatinu í öllum sýslum landsins sín á milli.

Við A. I. Samkvæmt valdi því, er áðurnefnd uppástúnga, er stjórnin lagði fyrir alþíng, gaf nefndinni til þess að láta gjöra nýtt mat, þar sem þörf virtist á því eptir jarðamatsbókunum, hefir nefndin látið meta eignir þær, er nú skal nefna, sem hlaupið var yfir við

[1]) Sambr. úrskurð konúngs 27. d. maím. 1857, í þessa árs alþíngistíðindum bls. 76.

matið 1849—50, en sem þó virtust með rèttu að eiga að vera innibundnar í hinu nýja jarðamati, nefnilega: jarðeignir þær, er liggja undir kaupstaðina Akureyri í Eyjafjarðarsýslu, Skutulsfjarðareyri í Ísafjarðarsýslu og Kúvíkur í Strandasýslu; rekar þeir, sem áður lágu undir Skálholtskirkju, en nú eru komnir í eigu einstakra manna, á jörðunum Litlu-Ávíkur-, Stóru-Ávíkur-, og Ófeigsfjarðarlandi í Strandasýslu; og loksins brennisteinsnámarnir í Þíngeyjarsýslu. Auk þessa hefir nefndinni þótt þörf á, að láta gjöra framhaldsmat í Reykjavíkurkaupstað, því að vísu voru hin einstöku tún, sem liggja undir bæinn, virt við jarðamatið 1849—50, en þar á móti var ekkert tillit haft til jarðeigna þeirra, sem heyra bænum til, einkum haga, mótaks, o. s. frv. Nefndin hefir því, eins og til er greint í skýrslu hennar til dómsmálastjórnarráðsins 27. febrúar í fyrra, skrifað hlutaðeigandi amtmönnum til með þeim tilmælum, að þeir lèti 5 menn, er amtið kysi, meta áðurnefndar jarðeignir samkvæmt reglunum í fyrnefndri uppástúngu stjórnarinnar, og að öðru leyti eptir reglum þeim, er hafðar voru við jarðamatið 1849—50; samkvæmt þessu var Akureyri metin 16. apríl f. á., og er fyrnefnd eign við þá virðíngu metin 300 rdl.; Kúvíkur og rekarnir á jörðunum Stóru-Ávíkur-, Ófeigsfjarðar- og Litlu-Ávíkurlandi, er allar liggja í Árneshreppi í Strandasýslu, 14. febr. f. á., og er hin fyrsta af þessum eignum metin 25 rdl., hin önnur 12 rdl., hin þriðja 56 rdl., og hin fjórða 12 rdl.; brennisteinsnámarnir í Þíngeyjarsýslu 22. maí f. á., og voru þeir metnir 2000 rdl.; sömuleiðis var framhaldsmat gjört í Reykjavík 16. apr. f. á., og hefir með því upphæð virðíngarverðsins á jörðunum í þessu lögsagnarumdæmi, að meðtöldum nokkrum nýjum túnum, aukizt um 1247 rdl. Að endíngu hefir nefndin meðtekið virðíngargjörð frá 25. sept. f. á. á jarðeign þeirri, er liggur undir kaupstaðinn Skutulsfjarðareyri, og er hún metin 100 rdl., en með því að eins nokkur hluti af landi því, er beðið hafði verið um að meta, hafði verið virtur við þetta mat, þá höfum vèr samkvæmt skoðun þeirri, er amtmaður Melsteð lèt í ljósi í brèfi til nefndarinnar 6. okt. f. á., skrifað honum til 6. nóvemb. næst þar á eptir, með þeim tilmælum, að hann lèti gjöra framhaldsmat, til þess að lagfæra galla þenna; en þessi framhaldsvirðíngargjörð er ekki komin enn, og er því Skutulsfjarðareyri sett í frumvarpið með fyrnefndri virðíngarupphæð 100 rdl., og gjörum vèr ráð fyrir, að þessi framhaldsvirðíngargjörð muni seinna geta komið til íhugunar.

Að öðru leyti getum vèr þess, að nefndin eptir skýrslum þeim,

sem eru við höndina, hafði ástæðu til að halda, að jörðin Galtardalskot í Dalasýslu hefði gleymzt við jarðamatið, og þess vegna var hugsað um, að láta virða hana, eins og getið er í fyrnefndri skýrslu vorri; en með því sýslumaðurinn í Dalasýslu hefir skýrt frá því í brèfi 10. febr. f. á., að áðurnefnd eign hefir verið metin saman við jörðina Galtardal (nr. 107 í frumvarpinu) sem hjáleiga þessarar jarðar, þá þurfti einga frekari ráðstöfun í þessu tilliti.

II. Norður- og austuramtið hafði í brèfi til innanríkisstjórnarráðsins 8. okt. 1851 meðal annars leitt athygli að því, að rekar þeir, er liggja undir Þíngeyra, Möðruvalla og Múnkaþverár klaustur, í Húnavatns, Eyjafjarðar og Þíngeyjarsýslum, er híngað til höfðu verið leigðir sèr á parti, höfðu orðið út undan við jarðamatið 1849—50. Með því nefndin nú hlaut að álíta það rèttast, að hið nýja jarðamat gæti líka innibundið í sèr þessar eignir, en hins vegar varð að álíta, að fyrnefndir rekar væri á víð og dreif í mörgum hreppum, svo að kostnaðurinn við reglulegt mat á þeim yrði of mikill að tiltölu, þá lèt nefndin sèr nægja, að fá sumpart skrár yfir alla þessa reka hjá hlutaðeigandi embættismönnum og umboðsmönnum, sumpart skýrslur um upphæð hinna árlegu leigugjalda, er goldin höfðu verið af þeim að undanförnu, sömuleiðis auk þessa að láta hlutaðeigandi hreppstjóra með tveimur tilkvöddum mönnum skýra frá áliti sínu um verð þeirra í peníngum.

Þegar nefndin þar næst með brèfi frá amtmanni Havstein 1. sept. f. á. hafði feingið mjög nákvæmar skrár og skýrslur um þessa reka, þá komumst vèr, með því að bera nefndar skrár saman við matsbækurnar, að þeirri niðurstöðu, að álíta mætti, að vissa væri fyrir því, að margir af rekum þessum — sem flestir annars eru lítils virði —, hafi verið metnir með jörðum þeim, í hverra landi þeir eru, eins og það er meir eða miður líklegt um nokkra aðra reka, að hið sama eigi sèr stað, og hefir því að eins þótt tilefni til að meta innstæðu-upphæðina eptir leigugjöldunum af þeim af þessum rekum, er nú skal greina og allir liggja í Þíngeyjarsýslu, og er það víst um þá, að þeim hefir verið sleppt við jarðamatið, nefnilega:

*a,* Reki á jörðinni Ytra-Álandi (nr. 344) í Svalbarðshrepp; árlegt afgjald 1. rdl. 32. sk., og hefir hreppstjórinn metið höfuðstólinn 25 faldan við þetta afgjald.

*b,* *Dto,* er liggur undir vesturhluta Múnkaþverárklausturs, í landi jarðarinnar Víkur (nr. 68) í Hálshreppi; árlegt afgjald 3. rdl.

*c,* *Dto,* í landi jarðarinnar Sands (nr. 254) í Helgastaðahrepp, og

liggja $^{5}/_{12}$ af reka þessum undir vesturhluta Múnkaþverárklausturs; árlegt afgjald 3. rdl.

Þessir rekar hafa því verið metnir í peníngum, hinn fyrsti 33 rdl., hinn annar 75 rdl., og hinn þriðji 75 rdl., og hefir þessi upphæð verið lögð við virðíngarupphæð jarðanna, og athugasemd bætt þar við í frumvarpinu.

Vèr getum þess enn fremur í sambandi við þetta, að þegar nefndin hafði tekið eptir því, að við jarðamatið hafði verið hlaupið yfir reka í landi jarðarinnar Þambarvalla (nr. 81)) í Broddaneshrepp í Strandasýslu, er áður lá undir Skálholtskirkju, en nú er orðin einstaks manns eign, sem tveggja rdl. afgjald er árlega goldið af, þá hefir hún enn fremur haldið, að hún ætti að meta innstæðuupphæðina eptir þessu afgjaldi, og leggja þessa upphæð, sem er 50 rdl., við virðíngarverð jarðarinnar, og hefir sömuleiðis athugasemd verið gjörð um það í frumvarpinu.

III. Við jarðamatið hefir að nokkru leyti verið við höfð sín aðferð í hverri sýslu með tilliti til prestsmötu, er gjalda skal af bændakirkjujörðum; er prestsmata þessi almennt goldin sem leigur af vissri tölu kúgilda, sem heyra jörðinni eða kirkjunni til; þetta hefir í nokkrum sýslum verið látið hafa þau áhrif á jarðamatið, að jörðin hefir verið virt minna; en í flestum sýslum hefir það eigi haft nein þess konar áhrif, og það verður nefndin að álíta rèttast, því jarðamatið á fullkomlega að innibinda í sèr alla þá innstæðu, sem jörðin verður metin til, án tillits til þess, hver fær tekjur eða afgjald af jörðunni, og þess vegna án tillits til þess, hvort afgjald það, sem jarðeigandinn fær, þegar eins stendur á og hèr, verður minna en vant er, af því nokkuð af því er goldið til alþjóðlegra þarfa. Með þessari skoðun mælir það og, að til eru þær bændakirkjujarðir, að öll afgjöld þeirra eru greidd í prestsmötu, sem eptir gagnstæðri skoðun yrði að leiða til þess, að þess konar jörð hlyti að vera óvirt; en það yrði því ósamkvæmara sjálfu sèr, sem *beneficc*-jarðir þó eru alstaðar teknar með við jarðamatið.

Með því nú þar að auki við lagfæríng jarðamatsins ekki er að ræða um þá spurníngu, að hve miklu leyti slíkar jarðir, að því er snertir innstæðu þá, er presturinn tekur tekjur af, eiga að vera undanþegnar skattgjöldum þeim til alþjóðlegra þarfa, er upp á kunna að koma, en leyst mun verða úr spurníngu þessari, þá er ný skattalöggjöf verður innleidd, þá hefir nefndinni þótt rèttast, að slíkar bændakirkjujarðir væri alstaðar til færðar með því mati, er samsvarar fullu inn-

stæðuverði jarðanna, án tillits til prestsmötunnar, og með því reglu þessari eigi hefir verið fylgt á sumum stöðum, eins og áður er sagt, þá hefir nefndin, þar sem svo hefir staðið á, lagfært jarðamatið þannig, að bætt hefir verið við innstæðuverði því, er áður hafði verið sleppt.

Þetta á sèr stað við jarðir þær, er nú skal greina, nefnilega:

*a,* Í Strandasýslu. Hèr hefir hið umrædda atriði, eptir jarðamatsbókunum, á öllum bændakirkjujörðum verið látið hafa þau áhrif, að upphæð virðíngarverðsins hefir rýrnað, og yfirmatsbókin skýrir nógsamlega frá því við jarðirnar Fell, Miðhús og Hamar, hvernig hið umrædda gjald hefir verið reiknað, þar sem nefnilega 10 ℔ (1 fjórðúngur) smjörs í prestsmötu eru metin $37\frac{1}{2}$ rdl. í innstæðu. Eptir þessu er þá matið á bændakirkjujörðunum í þessari sýslu lagfært, eins og nú skal greina:

| | | |
|---|---|---|
| 1. Fell (nr. 95) metið . . . . . . . . . | 300 rdl. | |
| Prestsmata 40 ℔ smjörs . . . . . . | 150 - | 450 rdl. |
| 2. Hamar (nr. 95 *a)* metinn . . . . . | 150 - | |
| Prestsmata 20 ℔ smjörs . . . . . . | 75 - | 225 - |
| 3. (nr. 95 *b),* Miðhús, matsverð . . . . | 150 - | |
| Prestsmata 20 ℔ smjörs . . . . . . | 75 - | 225 - |
| 4. (nr. 85) Óspakseyri metin . . . . . . | 125 - | |
| Prestsmata 100 ℔ smjörs . . . . . . | 375 - | 500 - |
| 5. (nr 38) Kaldrananes, matsverð . . . . | 2000 - | |
| Prestsmata 50 ℔ . . . . . . . . . | $187\frac{1}{2}$- | $2187\frac{1}{2}$- |

*b,* Í Þíngeyjarsýslu. Hèr eru í jarðamatsbókunum meir eða miður nákvæmar skýrslur um, að bændakirkjujarðir þær, er nú skal nefna, hafi verið metnar minna sökum prestsmötu þeirrar, er þær eiga að greiða; nefndin hefir því lagfært matsverð þessara jarða, og höfum vèr, þar sem efi gat leikið á, hve mikið hefði verið dregið af verði jarðanna, ávallt leitazt við að velja þá aðferð við lagfæringuna, að hin lægsta virðíng kæmi fram, nefnilega:

1. (nr. 281) Ás í Kelduneshrepp. Þessi jörð er metin . . . . . . . . . . . . 775 rdl.

Í þessari sýslu er sú aðferð höfð við jarðamatið, að tekjur jarðarinnar (ɔ: af fènaðar framfærslu, hlunnindum, o. s. frv.) eru metnar til upphæðar, er skoðuð er sem $4\%$leiga af virð-

Fyt 775 rdl.

| | | |
|---|---|---|
| Flutt | | 775 rdl. |
| íngarverði jarðarinnar, að frádreginni þeirri upphæð, er gallar jarðarinnar skerða verð hennar um, og sem metin er á sama hátt. | | |
| Við mat þessarar jarðar eru þá „vegna byrðar þeirrar, er liggur á jörðunni með tilliti til prestsmötunnar“, skýlaust dregnir frá 13 rdl. × 25, og hefir nú nefndin aptur bætt þessari upphæð við. . . . . . . . . . . . | 325 - | 1000 rdl. |
| Þess ber að geta, að prestsmatan af þessari jörð er 80 ℔ smjörs. | | |
| 2. (nr. 175) Reykjahlíð í Skútustaðahrepp (prestsmata 180 ℔ smjörs, eða full leiga af 9 kúgildum), metin við yfirmatið . . . . . . . | 850 - | |
| En þar sem fénaðarframfærslan er tilgreind, hafa áðurnefnd kirkjukúgildi ekki verið reiknuð með, hvert 2 rdl., = 18 rdl., og svo verður aptur að bæta við 25 faldri upphæð þessara 18 rdl. . | 450 - | |
| Enn fremur hefir verð jarðarinnar „vegna prestskyldar“ við yfirmatið verið skert um . | 100 - | |
| sem enn fremur verður að bæta við = . | | 1400 - |
| 3. (nr. 181) Skútustaðir í sama hrepp. Þessi jörð er þannig til færð í jarðamatsbókinni: | | |
| Fénaðarframfærsla 12½ mjólkurkúgildi (ɔ: kýr og milkar ær), auk 3½ kirkjukúgilda, hvert á 2 rdl., | 25 - | |
| 8 hundruð geldfjár (ɔ: sauðir, veturgamlar kindur og hestar), hvert á 1 rdl. . . . . . . | 8 - | |
| Hlunnindi jarðarinnar . . . . . . . . . . | 7 - | 40 - |
| Vegna kirkjukúgilda og þeirra annmarka jarðarinnar, er skerða verð hennar, frádregnir . . | | 11 - |
| eptir | | 29 rdl. |
| Síðan er 25 föld upphæð þessara 29 rdl. sett sem virðíngarverð jarðarinnar = 725 rdl., en upphæð þessi er enn fremur sökum prestsmötunnar sett niður um 25 rdl. við yfirmatið, svo að hún verður | | 700 - |
| Auk nýnefndrar upphæðar . . . . . . | 25 - | |
| og jafngildis 3½ kúgilda, sem eru reiknuð frá, | | |
| Flyt | 25 rdl. | 700 rdl. |

Flutt 25 rdl. 700 rdl.

þar sem fènaðarframfærslan er ákveðin, hvert 2 rdl., = 7 × 25 . . . . . . . . . 175 -

mætti enn fremur spyrja, hvort ekki mætti bœta nokkru við af þeim 11 rdl., sem, eptir því sem áður er greint, eru dregnir frá vegna kirkjukúgilda og þeirra annmarka jarðarinnar, er skerða verð hennar; en með því ekki finnst nein vísbendíng um það, hve mikið af þessum 11 rdl. er fyrir kirkjukúgildin, og af því það til dæmis yrði eins og gjört út í bláinn, að draga hina 7 ríkisdala upphæð aptur frá á hinum seinna stað, þá hefir nefndin einúngis bætt við hinum tveimur upphæðum, er þegar voru nefndar, verður það ——— 200 -

og er jörðin þá metin . . . . . . . . . 900 rdl.

4. (nr. 182) Álptagerði í sama hrepp; prestsmata 30 ℔ smjörs; matsverð . . . . . . . . . . . . 300 —

þar sem fènaðarframfærslan hefir verið ákveðin til árlegra vaxta, hefir hèr verið sleppt $1\frac{1}{2}$ kirkjukúgildi, og þar að auki eru enn fremur vegna kirkjukúgilda og þeirra annmarka jarðarinnar, er skerða verð hennar, 4×25 rdl. dregnir frá; en eptir hinni sömu aðferð, sem höfð var við næstu jörð hèr á undan, hefir nefndin hèr einúngis bætt við innstæðu samsvarandi áðurnefndu $1\frac{1}{2}$ kirkjukúgildi, hvert 2 rdl.,=3 rdl.×25 . . . . . . . 75 -

375 -

5. (nr. 208) Þverá í Helgastaðahrepp. Jörð þessi, sem goldin eru af 80 ℔ smjörs í prestsmötu, er, eptir það að 9 rdl.×25 hafa verið dregnir frá vegna annmarka, er rýra verð hennar, og gjalda til prests, metin 850 rdl. við undirmatið; en þessi upphæð er þar að auki lækkuð um 150 rdl. við yfimatið sökum prestsmötunnar, svo hún verður . . . . . . . . . . . . . . . . 700 rdl.

Hèr gæti komið til umtals, auk nýnefndra 150 rdl. að bæta við innstæðu, sem t. d. samsvaraði helmníngnum af hinum áðurnefndu frádregnu 9 rdl., og yrði hún $262\frac{1}{2}$ rdl., og fyrir þessu gæti því fleira mælt, sem sýslumaðurinn í Þíngeyjarsýslu hefir í brèfi 1. ágúst f. á.,

Flyt 700 rdl.

Flutt 700 rdl.

auk jarðarinnar Reykjahlíðar, sem nefnd er undir nr. 2, sèr í lagi getið þessarar jarðar, sem þeirrar, hverrar verð hefir verið töluvert lækkað sökum prestsmötu þeirrar, er hún á að gjalda; en nefndinni hefir þó þótt forsjállegast, að leggja hèr til grundvallar reikníngsaðferð líka þeirri, sem höfð hefir verið við ýmsar af hinum áðurnefndu jörðum, nefnilega eptir þeirri kúgildatölu, er samsvaraði afgjaldi því, er greiða skyldi, og samkvæmt þessu er hèr að eins bætt við innstæðu, sem nemur 8 rdl. × 25 = 200 -

900 rdl.

6. (nr. 126) Lundabrekka í Ljósavatnshrepp; matsverð . . . . . . . . . . . . . . 900 rdl.

Við undirmatið eru dregnir frá 11 rdl. × 25 „vegna prestsgjalda og annmarka“; en með því prestsmatan er 120 ℔ smjörs, gæti komið til mála að bæta við 12 × 25 = 300 rdl., því heldur sem sú aðferð iðulega hefir verið höfð við jarðamatið í sýslunni, að tilgreina ókostina, sem eru frá dregnir, og draga þau hlunnindi þegjandi frá, sem geta jafnað sig upp á móti annmörkunum. Þó hefir það verið ráðið af, að taka einúngis helmínginn af fyrnefndum 11 rdl., = $5\frac{1}{2}$ rdl. × 25, og bæta honum við, verður það . 138 - 1038 rdl.

7. (nr. 124) Ljósavatn í sama hrepp, prestsmata 80 ℔ smjörs metin . . . . . . . . . 650 -

Sökum kirkjukúgilda og ókosta, sem látið er gánga upp á móti hlunnindum eða kostum jarðarinnar, hefir við matið verið dregið frá 2 rdl. × 25, og þar að auki er verð jarðarinnar lækkað um 50 rdl. við yfirmatið sökum gjalda til prests. Vèr höfum hèr, samkvæmt aðferð þeirri, sem höfð hefir verið við ýmsar jarðir hèr að framan, látið þar við lenda, að bæta við því, er nú var getið, og dregið var frá við yfirmatið . . . . . 50 - 700 -

8. (nr. 298) Þórunnarsel í Kelduneshrepp, metið 600 -

Sökum prestsmötu og annmarka hafa 13 rdl. × 25 verið dregnir frá við undirmatið; en

Flyt 600 rdl.

Flutt 600 rdl.

með því prestsmatan er 40 ℔ smjörs, þá er af ástæðum þeim, sem opt hefir verið getið, bætt við innstæðu, sem nemur 4 rdl. × 25, eða . 100 - 700 rdl.

*c)* Í Suður-Múlasýslu hefir verið tekið eptir því við jörðina (nr. 144) Berunes í Beruneshrepp, sem er metin . . . . . . . . . . . . 335 -

að undir jörðina liggur ey nokkur, Sandey, er 4 pnd. af æðardún fást úr í meðalári, auk beitilands, o. s. frv.; en matsmönnunum hefir fundizt, að þessi hlunnindi gæti jafnað sig upp á móti byrði þeirri, er liggur á jörðunni, að greiða 60 pnd. smjörs í mötu handa prestinum á Berufirði. Með því álíta má, að þannig sè frá dregin innstæða, er samsvari þessum 60 pnd. smjörs, þá hefir gjald þetta verið reiknað eptir því verðlagi, að pundið kosti 18 sk. (sem eptir hinum síðari verðlagsskrám í Múlasýslum ekki getur þótt of dýrt), og verður það 11 rdl. 24 sk., og með tilliti til hlutfalls þess, sem er á milli jarðarafgjaldanna og matsverðsins, er innstæðan metin 225 rdl.

og bætt við matsverð jarðarinnar, sem eptir þessu er sett í frumvarpinu . . . . . . . . . 560 rdl.

*d)* Í Snæfellsnessýslu. Við jörðina (nr. 182) Narfeyri í Skógarstrandarhrepp (metin 230 rdl.) er þess getið í jarðamatsbókunum, að álögur þær, er hvíla á jörðunni, og er þar á meðal talin prestsmata, sem er 120 pnd. smjörs, skerði stórlega verð hennar, eins og það er til fært í áliti nokkru, er hlutaðeigandi hreppstjóri seinna hefir sent nefndinni, að það sè kunnugt, að þessi jörð hafi lækkað í verði sökum prestsmötu, er jörðin á að gjalda. Það hefir því virzt, að bæta ætti við matsverð jarðarinnar innstæðu, er samsvaraði prestsmötunni, og hefir verðið hèr verið sett 16 sk. pundið, er bezt þótti eiga við eptir verðlagsskrám vesturamtsins í mörg ár, en við ákvörðun innstæðuverðsins eptir afgjaldaupphæðinni hefir verið höfð hliðsjón af hlutfalli því, sem er á milli afgjalda jarðanna og matsverðs þeirra í Snæfellsnessýslu og sèr í lagi í Skógarstrandarhrepp, og samkvæmt þessu er 258 rdl. upphæð bætt við matsverð jarðarinnar.

Nefndinni hlaut að þykja nauðsynlegt, að fara eptir hinu greinda sèrstaklega hlutfalli við lagfæringuna á mati tèðra eigna, því heldur sem ekki einúngis alþíngi til nefndi Skógarstrandarhrepp sem of lágt

metinn í samanburði við hina hreppana í Snæfellsnessýslu, heldur einnig hefir það sèzt, að sýsla þessi öll hefir verið of lágt metin í samanburði við flestar aðrar sýslur í landinu.

Vèr skulum ekki láta hjá líða að geta þess, að amtmaðurinn í norður- og austuramtinu gat þess í áðurnefndu brèfi til innanríkisstjórnarinnar 8. okt. 1851, að svo virtist, sem prestsmatan hefði verið tekin til greina, til þess að lækka verð á nokkrum jörðum, er hlut eiga að máli, í Húnavatnssýslu, en af athugasemdum þeim um jarðamatið, sem sýslumaður Arnesen sendi stjórnarráðinu 7. nóvemb. 1850, mun það vera ljóst, að yfirmatið að minnsta kosti hefir af tekið þetta. Þar á móti hefir nefndinni þótt efasamt, sumpart hvort hin áðurgreinda aðferð hafi ekki líka átt sèr stað við hinar aðrar bændakirkjujarðir í Þíngeyjar-, Snæfellsnes- og Suður-Múlasýslum, sumpart hvort ekki geti verið, að henni hafi líka verið fylgt í Árnessýslu og sömuleiðis í Barðastrandarsýslu, og í þessu tilliti höfum vèr því heimtað upplýsíngar frá hlutaðeigandi sýslum í tilliti til hverrar einstakrar jarðar, er þannig gat komið til umtals; en skýrslur þær, er feingizt hafa, lúta þó yfir höfuð allar að því, að fyrgreind aðferð hafi ekki verið höfð við á jörðum þeim, er fyrirspurn var gjörð um, og þær hafa því eigi gefið nefndinni tilefni til frekari lagfæríngа, en áður er greint, í því tilliti, er hèr ræðir um. Það er að eins frá Barðastrandarsýslu, að upplýsíngar þær, sem beðið hefir verið um, ekki hafa feingizt, en að öðru leyti getum vèr þess, að þótt upplýsíng feingist í því tilliti, er hèr ræðir um, til þess að fá fullkomna vissu, þá gefur þó jarðamatið í þessari sýslu ekki neitt sèrlegt tilefni til að ímynda sèr, að atriði það, sem hèr ræðir um, hafi þar verið látið hafa þau áhrif á jarðamatið, að matsverðið hafi lækkað við það.

Það kynni að vísu að virðast, sem það hefði verið rèttara, að því er formið snertir, að gjöra með reglulegu endurmati hinar nauðsynlegu breytíngar á mati jarðeigna þeirra, er hèr ræðir um, bæði þeirra, sem nefndar eru í þessum kafla, og nokkurra annara, er síðar mun verða getið; en eins og alþíngi 1855 var yfir höfuð ekki mjög meðmælt endurmatinu, eins hefir nefndinni sumpart þótt það ísjárvert, að láta gjöra slíkt reglulegt endurmat, í hvert sinn sem svona stendur á, þegar öldúngis yfirgnæfandi ástæður mælti ekki með því; sumpart hafa menn líka hlotið að vera hræddir um, að svo gæti hæglega að borið, að við slíkt endurmat ekki yrði haft tilhlýðilegt tillit til innbyrðis hlutfalls þess milli virðíngar einstakra jarðeigna, sem gætt var við jarðamatið 1849—50, og með því móti

þyrfti nýrra lagfæringa við, eins og þetta líka mundi hafa haft í för með sèr kostnað, sem að tiltölu hefði orðið of mikill. Að endíngu hefir nefndin og hlotið að halda, að ætla mætti, að hún eptir eðli málsins og starfa þess, er henni var á hendur falinn, hefði nægt vald til þess að gjöra lagfæríngar þær, er við þyrfti, þar sem það hefir sèzt af sjálfum jarðamatsbókunum, eins og hèr á sèr stað, að þær eru nauðsynlegar, og þar sem þær virtust geta orðið nokkurn veginn áreiðanlegar fyrir leiðbeiníng tèðra jarðamatsbóka og upplýsínga þeirra, er síðar feingust.

IV. Eptir ályktun alþíngis 7. ágúst 1855, með hverri fallizt var á fyrnefnda uppástúngu um lagfæríng jarðamatsins, er stjórnin hafði lagt fyrir þíngið, var það meðal annars gjört nefninni að skyldu; að athuga einkanlega matið á jörðunni Hólmum í Suður-Múlasýslu og Laxamýri í þíngeyjarsýslu, því í alþíngisumræðunum hafði verið bent til, að þessar jarðir þætti heldur hátt metnar. Nefndinni hefir þótt yfirgnæfandi ástæður vera til, að lækka matið á jörðunni Hólmum. Þessi jörð hefir við matið 1849—50 verið virt 13,700 rdl., og er jörðin sjálf, eptir notum hennar, metin 1200 rdl., og æðarvarp á ýmsum eyjum, sem liggja undir jörðina, 12,500 rdl., og er þess getið að meðalágóðinn af æðarvarpinu sè 160 pnd. af æðardún á ári, og þegar hvert pund er reiknað á $3\frac{1}{2}$ rdl., þá verður það 560 rdl.; eggin eru reiknuð 110 rdl., og þegar kostnaður er reiknaður frá, eru því næst tekjurnar af varpinu metnar 500 rdl., og samsvarar það fyrnefndri innstæðu, 12,500 rdl.

Þótt álit hlutaðeigandi yfirvalda, sem nefndin hefir beðið um, um það, að hve miklu leyti tilefni væri til, að álíta þetta mat of hátt, ekki geti verið nein undirstaða til lagfæríngar, og þó að nokkrar ástæður mæli með því, að rètt sè að meta æðarvarpið á þessari jörð nokkuð hærra en annarstaðar, sökum nálægðar eyjanna og þess, að það er svo sèrlega hægt að nota æðarvarpið, hefir nefndinni þó ásamt amtmanninum í norður—og austuramtinu í áðurnefndu brèfi hans 8. okt. 1851 hlotið að finnast, að ekki væri næg ástæða til, að setja verðið á æðardúninum á $3\frac{1}{2}$ rdl. á þessari jörð, þar sem hann er metinn í hæsta lagi á 3 rdl. á flestöllum öðrum jörðum í sýslunni, og er það, eptir verðlagsskránum, sem allt af breytast, fullkomlega hátt verð á þessari vöru, og þess vegna hefir oss þótt þörf á, að lagfæra matið með því að reikna hvert pund af æðardún á 3 rdl., og munar það um 80 rdl. á 160 pnd.; lækkar þá matið um 2000 rdl., og er jörðin eptir því virt á 11,700 rdl.

Þar á móti hefir nefndinni ekki þótt nægilegt tilefni til, að breyta matinu á Laxamýri; sú jörð hefir við jarðamatið verið virt á 4750 rdl.; þar af eru 3750 rdl. fyrir æðarvarp, sem liggur undir jörðina, og er sagt, að ágóðinn af því sè 100 pnd. æðardúns á hverju ári, hvert pund reiknað á 3 rdl., eða 300 rdl.; helmíngin af því, fyrir utan eggin, hafa virðíngarmennirnir látið jafnast við kostnað þann, er varpið hefir í för með sèr, og síðan er innstæðan reiknuð á fyrgreindan hátt eptir þeim 150 rdl., sem þá eru eptir. Með því að bera saman upplýsíngar þær, sem gefnar eru um jörðina í matsbókunum, hefir nefndin ekki getað fundið, að ágóði hins umrædda æðarvarps verði með sanngirni metin lægra, þegar litið er til skoðunar þeirrar á slíkum hlunnindum, sem höfð er í þessari sýslu, eins og það ekki var hægt, að koma við breytíngu á matinu, án þess að breyta því líka annarstaðar í sýslunni, þar sem hin sama reiknímgsaðferð hefir verið við höfð, t. d. á jörðunni Laufási í Grýtubakkahrepp; að sönnu verður að játa, að æðarvarpið hefir yfir höfuð í Þíngeyjar- og Múlasýslum verið metið hærra, en í ýmsum öðrum sýslum, einkanlega í vesturamtinu, en þessi mismunur mun hafa lagazt töluvert, með því að hlutfallið hefir verið lagað milli sýslnanna, og með því móti hefir jarðaverðið hækkað mikið í þeim sýslum, sem hèr ræðir um.

V. Eyjan Árnes í Þjórsá á takmörkum Rángárvalla- og Árnessýslu hefir verið metin í báðum þessum sýslum, í hinni fyrri á 200 rdl., og í hinni síðari, í hverrar lögsagnarumdæmi hún liggur, á 100 rdl. Þessi eign hefir nú í frumvarpinu verið sett einúngis í Árnessýslu, og með því það virðist ekki með öllu ástæðulaust, að hún hefir verið metin hærra í Rángárvallasýslu, þar sem eyjan liggur nær þessari sýslu, og hefir líka jafnaðarlega verið hagnýtt úr henni, þá hefir það verið ráðið af, að lagfæra mat hennar í Rángárvallasýslu (200 rdl.), eptir þeim mælikvarða, er hafður hefir verið við þessa sýslu, og sömuleiðis að lagfæra mat hennar í Árnessýslu, einnig eptir hlutfalli því, sem valið hefir verið við þessa sýslu, og taka síðan meðaltölu hinna þannig lagfærðu upphæða, og láta hana vera matsverð eyjarinnar, sem þannig hefir orðið 156 rdl.

VI. Auk umkvörtunar frá hreppstjóra Jóhannesi Kristjánssyni, sem á jörðina Laxamýri, sem talað hefir verið um í IV, hefir nefndin feingið umkvartanir frá þremur öðrum *prívat*mönnum yfir mati á jörðum þeirra, nefnilega frá prófasti B. Vigfússyni yfir virðíngunni á jörðunni Hólum í Skagafjarðarsýslu, frá studíósus J. F. Thorarensen yfir virðíngunni á jörðunni Víðidalstúngu í Húnavatnssýslu, og

frá sèra Fr. Eggerz yfir virðíngunni á jörðunum Akureyjum, Ballará og Kiðey í Dalasýslu. Vèr höfum eigi þótzt geta tekið til greina hina fyrstnefndu af þessum umkvörtunum frá prófasti B. Vigfússyni, með því hún ekki bar fyrir sig neinar aðrar verulegar ástæður en þær, sem þegar hafði verið komið fram með við yfirmatið, ekki heldur umkvörtunina frá sèra Eggerz yfir virðíngunni á jörðunum Ballará og Kiðey; þar á móti hefir nefndin þótzt finna í jarðamatsbókunum nægar ástæður fyrir þeirri skoðun, að jarðirnar Víðidalstúnga og Akureyjar hafi verið metnar of hátt í samanburði við aðrar jarðir í þeim sýslum, sem þær eru í, og nefndin hefir því, eptir öllum þeim upplýsíngum, sem eru við höndina, metið Víðidalstúngu, sem við jarðamatið 1849—50 var virt á 2200 rdl., á 1744 rdl., og er þar með talin hjáleigan Lækjarkot (144 rdl.), og rekar þeir á Vatnsnesi, er liggja undir jörðina (150 rdl.); sömuleiðis hefir nefndin metið á 1600 rdl. Akureyjar, sem 1849—50 voru virtar á 2000 rdl.

VII. Að endíngu viljum vèr sumpart geta þess, að nefndinni hefir þótt rèttast, að setja matið á jörðunum Hítardal (nr. 149) og Gilsbakka (nr. 6) í Mýrasýslu samkvæmt skoðun þeirri, er yfirmatsmennirnir lètu í ljósi um hina rèttu virðíng þeirra, þótt tèðir yfirmatsmenn hafi ekki gjört neinn eiginlegan úrskurð um það, því þeim þótti það ísjárvert að því er formið snerti; sumpart þess, að nefndin hefir eptir upplýsíngum þeim, sem hún hefir feingið, getað aðskilið með sèrstökum virðíngarupphæðum ýmsar eignir, sem hafa verið virtar saman, sem virtust að eiga vera metnar hver í sínu lagi (t. d. nr. 58—60 í Suður-Múlasýslu, o. s. frv.); sumpart þess, að þar sem höfuðból og hjáleigur hefir verið virt hvort fyrir sig við undirmatið, en hinni söfnuðu upphæð verið breytt við yfirmatið, án þess að til færa hinar sèrstöku upphæðir, þá hefir hinni sameiginlegu yfirmatsupphæð verið skipt eptir tiltölu milli höfuðbólsins og hjáleignanna, þar sem kríngumstæðurnar sýndu, að þessu varð við komið, án þess að misfellur yrði á; sumpart þess, að jörðin Eiríksstaðir í Ögurshrepp í Ísafjarðarsýslu (nr. 181), er amtmaður Melsteð í brèfi til innanríkisstjórnarinnar 29. jan. 1851 hèlt mætti virða á 222 rdl., er af oss metin á 204 rdl., eins og tilfært er í yfirmatsbókinni, því eptir því sem auðsjáanlega hefir opt átt sèr stað annarstaðar í sýslunni, verður svo að skilja athugasemd þá í henni, að lækka eigi matið á jörðinni, sem er metin 240 rdl. við undirmatið, um 3 rdl. fyrir hvert af 6 hundruðum hennar, að meintar sè 3 spesíur eða 6 rdl., og með því móti verður tèð upphæð, 204. rdl., rètt.

Í þessum kafla ætlum vèr enn fremur að geta þess, að nefndin hefir leitazt við að fá upplýsíngar um það, að hve miklu leyti tekið hafi verið tillit til lóðarafgjalds þess, er greiða skal áf tómthúsum, þegar jarðir í sjóplássum hafa verið metnar, og sömuleiðis, að hve miklu leyti hliðsjón hafi verið höfð af lóðarafgjaldi verzlunarstaða við virðíngu jarða þeirra, á hverra lóð verzlunarstaðirnir liggja; í þessu tilliti lúta allar þær skýrslur, sem um það hafa feingizt, í einu hljóði að því, að hvorugt af atriðum þessum hafi virzt geta gefið ástæðu til að hækka matið sökum annmarka þeirra, sem á eru, þegar svo stendur á. Enn fremur verður að geta þess, að nefndin hefir nákvæmlega hugleitt, að hve miklu leyti það yrði álitið sem annmarki á jarðamatinu í Mýra- og Borgarfjarðar- og fleiri sýslum, að kúgildin hafa haft meiri eða minni áhrif á virðíngu jarðanna; en eins og alþíngi, einkum að því er snertir Mýrasýslu, ætíð hefir geingið út frá jarðamatinu í henni, þegar um hana hefir verið rætt, án þess að draga frá kúgildin, sem þar hefði vel mátt koma við, og byggt á þessu samanburð jarðamatsins í þessari sýslu við aðrar sýslur, án þess að minnast einu sinni á þetta atriði, sem hefði orðið að hafa í för með sèr gjörsamlegt endurmat, að því er snertir hinar aðrar sýslur, að svo miklu leyti sem lagfæríngu hefði átt að gjöra, eins hefir, eptir þeim upplýsíngum, sem nefndin hefir getað aflað sèr, ekki orðið álitið, að matshlutfallið milli hinna einstöku jarða í téðum sýslum hafi raskazt við hina viðhöfðu aðferð, og nefndin hefir því ætlað, að jarðamatið í þessum sýslum gæti verið óbreytt í þessu tilliti.

Við B. Endurmat á Rángárvallasýslu og lagfæríng á einstökum hreppum. Nefndin hefir þegar, að því er viðvíkur endurmatinu í Rángárvallasýslu, í skýrslu til innanríkisstjórnarinnar 15. sept. 1855, skýrt ítarlega frá efamáli því, sem eptir atkvæðagreiðslu alþíngis um þetta endurmat gæti orðið um það, hversu yfirgripsmikið þetta hið nýja mat ætti að vera, sömuleiðis frá ástæðum þeim, er komu nefndinni til, í hinni býsna-nákvæmu reglugjörð fyrir þessu endurmati, að láta það, að því er unnt var, einúngis vera endurskoðun og lagfæríng á annmörkum þeim, sem nefndin hafði sèr í lagi bent á. Samkvæmt þessu hefir líka endurmatið verið gjört í Rángárvallasýslu í nóvember 1855, og hafa endurmatsmennirnir, auk þess að laga galla þá, er nefndin hefir bent á, og breyta matinu hèr og þar á einstökum jörðum, einúngis gjört fullkomlega nýtt mat í Vestur-Landeyjahrepp, því á matinu, sem þar fór fram 1849-

50, höfðu einkum verið töluverðir formgallar; við þetta mat hafa jarðirnar í þessum hrepp yfir höfuð verið virtar töluvert hærra, en við hið fyrra mat. Við endurmatið á þessari sýslu þykir nefndinni annars að eins tilefni til að geta þess, að sú athugasemd finnst við niðurlag jarðamatsgjörðarinnar 1849, að hús þau og kúgildi, sem að ætlun matsmannanna voru hæfileg fyrir hverja jörð, væri $^1/_4$ partur af matsverði hverrar jarðar, og við endurmatið er sú upplýsíng gefin um þetta, að 1 kúgildi hafi verið reiknað fyrir hverja 200 rdl., þá er metið var, og kúgildin megi telja $^1/_{10}$ af verði hverrar jarðar. Nefndin hefir þó haldið sèr við það, sem áður er sagt um virðíngu kúgildanna með jörðunni, og henni hefir ekki þótt þörf á, að gjöra nokkra breytíngu þessa vegna, ekki sízt af þeirri ástæðu, að skerðíng verðsins um $^1/_{10}$, jafnvel þó tilefni hefði verið til hennar, hefði ekki gjört neitt til, þar sem lagfæra átti matið eptir á eptir upphæð jarðaafgjaldanna.

Að því er viðvíkur þeim hreppum, sem nefndinni var falið á hendur að lagfæra jarðamatið í, þá skiptast þeir í tvo flokka, nefnilega í þá, með tilliti til hverra alþíng hafði fyrir skipað víst hlutfall, er mat þeirra skyldi hækka eða lækka eptir, og í þá, er ekkert þvílíkt var fyrir skipað um.

Til hins fyrnefnda flokks heyra:

1. Helgafellssveit í Snæfellsnessýslu.
2. Skógarstrandarhreppur í sömu sýslu.
3. Hvammssveit í Dalasýslu,
4. Fellstrandarhreppur í sömu sýslu.
5. Flateyjarhreppur í Barðastrandarsýslu.
6. Rauðasandshreppur í sömu sýslu.
7. Suðurfjarðahreppur í sömu sýslu.
8. Vindhælishreppur í Húnavatnssýslu.

Samkvæmt sèrstökum álitsskjölum hlutaðeigandi amtsdeilda á alþíngi, er þíngið fór eptir í atkvæðagreiðslunni, átti matið að hækka í hreppnum nr. 1 um $1^1/_2$, í nr. 2 um $1^3/_5$, í nr. 3 og 4 hvorum fyrir sig um $1^1/_3$, í nr. 5 um $1^1/_8$, í nr. 6 og 7 um $1^1/_4$, og í nr. 8 að lækka um $^1/_5$ eða $^1/_6$ part. Eptir því sem nefndarmennirnir sjálfir þekkja til vegna hlutteknígar sinnar í umræðum alþíngis, var meiníngin með hið þannig tilgreinda hlutfall í hreppunum nr. 1—7 ekki sú, að fyrst ætti að hækka hreppa þessa með upphæð þeirri, er samsvaraði hinu núveranda mati á þeim, og því næst með $^1/_2$, $^3/_5$, o. s. frv., þannig að t. d. jörð, sem væri 200 rdl., hefði orð-

ið, ef reiknað væri eptir hækkuninni um $1\frac{1}{2}$, 200 rdl. + 200 + 100 rdl. = 500 rdl.; en þar á móti eiga þessi hlutföll að skiljast um hækkun með því að bæta við $\frac{1}{2}$, $\frac{3}{5}$, o. s. frv., af virðíngarupphæðinni, og samkvæmt þessu hefir nefndin hækkað matið á þessum hreppum. Þess ber annars enn að geta, að í nefndaráliti alþíngis og allraþegnsamlegastri skýrslu þess til konúngs hefir sá galli orðið í tilliti til hreppsins nr. 5 (Flateyjarhrepps), að hækkunarhlutfallið þar er til fært $1\frac{1}{8}$, af hundraði eða $1\frac{1}{8}$ : 100, sem fyrir allan hreppinn, sem er metinn á 12,000 rdl., einúngis hefði hækkað matið um 135 rdl.; en eins og slík hækkun hefði verið þýðíngarlaus, þannig hefir vesturamtsdeildin á alþíngi í álitsskjali sínu 25. júlí 1855 um breytíngar þær, sem gjöra þyrfti á einstökum hreppum í vesturamtinu, sem lagt er til grundvallar fyrir uppástúngum alþíngisnefndarinnar, látið það í ljósi í því tilliti, er hèr ræðir um, að matið á téðum hrepp ætti að hækka um $1\frac{1}{8}$ í hlutfalli við hina aðra hreppa í sýslunni, og samkvæmt því er matið á þessum hrepp hækkað með því, að bæta við $\frac{1}{8}$ af matsverðsupphæðinni, eða allt að 13,500 rdl.

Í tilliti til hreppsins nr. 8 (Vindhælishrepps), þar sem hlutfall það, eptir hverju matið á hreppnum átti að lækka, var, eptir því sem áður er sagt, til fært $\frac{1}{5}$ eða $\frac{1}{6}$ af matsverðsupphæðinni, hefir nefndin kosið, að lækka matið um $\frac{1}{5}$, þótt það að vísu reyndist að hlutfallið milli jarðaafgjaldanna og matsverðsins í þessum hrepp, borið saman við hlutfallið í hinum parti sýslunnar, lægi nær $\frac{1}{6}$ en $\frac{1}{5}$; en með því það þótti efasamt, hvort nokkuð áreiðanlegt yrði ályktað af þessu hlutfalli í hreppi, sem vegna þess, hvað hann liggur óhentuglega, er verulega frábrugðinn hinu af sýslunni, og sömuleiðis með því, að deild sú af alþíngismönnum frá norður- og austuramtinu, sem mynduð var á alþíngi, hafði mælt með því í álitsskjali sínu 15. júlí 1855, að matið „væri lækkað um $\frac{1}{5}$, eða að minnsta kosti um $\frac{1}{6}$ part", þá hefir nefndin ráðið það af, að lækka matið í þessum hrepp um $\frac{1}{5}$ part af matsverðinu.

Hinir hrepparnir, sem nefndinni hefir verið falið á hendur að jafna fyrirfram matið í, eru þessir:

9. Ölfushreppur í Árnessýslu.
10. Breiðdalshreppur í Suður-Múlasýslu.
11. Fáskrúðsfjarðarhreppur í sömu sýslu.
12. Reyðarfjarðarhreppur í sömu sýslu.

Með tilliti til þessara hreppa hafði alþíngi ekki fyrir skipað neitt á-

kveðið hlutfall, er matið í þeim skyldi lagfærast eptir, til þess að geta komizt í samhljóðun við hina hreppana í sýslum þeim, sem þeir eru í; en þar á móti var nefndinni falið á hendur, að ákveða þetta hlutfall eptir reglu, er lík væri þeirri, er fyrir var skipuð í uppástúngu stjórnarinnar, stafl. B, með hliðsjón af lagfæríngu jarðamatsins í öllum sýslum landsins, nefnilega eptir hlutfallinu milli upphæðar jarðaafgjaldanna og matsverðsupphæðunum; og þar að auki var það tekið fram af alþíngi, að tveir fyrtaldir hreppar yrði að álítast of lágt metnir, og hinir tveir síðartöldu of hátt Þenna starfa hefir nefndin framkvæmt eptir reglu þeirri, er alþíngi þannig hefir til tekið, á þann hátt, að afgjaldaupphæð og matsverð hlutaðeigandi hreppa hefir verið borið saman við gjörvöll afgjöld og matsverð í hinum hreppunum, þar sem matið hefir þótt rètt, og hefir niðurstaðan orðið sú, að hækka varð matið í Ölfushrepp um $9\frac{1}{2}\%$, og í Breiðdalshrepp um $29\%$, en þar á móti að lækka matið í Fáskrúðsfjarðarhrepp um $32\%$, og í Reyðarfjarðarhrepp um $20\%$; og hefir matið í téðum hreppum verið leiðrètt samkvæmt þessu. Nefndin hefir að öðru leyti ekki tilefni til að álíta annað, en að lagfæríngin á matinu í þessum hreppum hafi verið svo samkvæm, sem hún eptir málavöxtum gat orðið, hlutfalli því, í hverju þeir í raun rèttri verða að álítast of hátt eða of lágt metnir í samanburði við hina aðra hreppa í sömu sýslu.

Vèr leyfum oss að láta fylgja hèr með sèrstaka skrá yfir hinar þannig fyrir fram gjörðu lagfæríngar matsins í einstökum hreppum, og er það vitaskuld, að hin almenna leiðrètting, sem síðar verður rætt um í stafl. C, hefir verið látin gánga yfir þessa hreppa, eins og alla þá sýslu, sem þeir liggja í, og getum vèr þess, að einúngis hinar lagfærðu upphæðir eru til færðar í frumvarpinu.

Við *C.* Lagfæríng á matinu í öllum sýslum sín á milli. Eins og áður er um getið, hefir það verið almennt viðurkennt, að það væri einn hinn verulegasti annmarki á jarðamatinu, sem fór fram 1849—50, að hinar ýmsu sýslur hafa verið metnar eptir mjög ólíku hlutfalli, þar sem sumar hafa verið metnar mikils til of lágt, og aðrar aptur býsna-hátt, og verður svo að álíta, sem þetta einkum komi af ólíkum skilníngi á reglum þeim, er matsmönnum voru gefnar í tilsk. 27. maí 1848, § 3, og í hinum sèrstöku fyrirskipunum 1. sept. s. á., eptir hverjum sèrhver eign átti að metast til peníngaverðs, eptir sanngjörnu verði, er tíðkaðist á þess konar eignum. Til þess að ráða bót á mismun þessum, er á því byggt í uppástúngu stjórnarinnar,

er lögð var fyrir alþíngi 1855, að með því álitið er, að öll jarðaafgjöld samanlögð í hverri einstakri sýslu og borin saman við gæði jarðanna í sömu sýslu, standi í nokkurn veginn jöfnu hlutfalli sín á milli í öllu landinu, þá mætti hafa afgjöld þessi fyrir mælikvarða, til þess að koma á samhljóðun á matið í hinum einstöku sýslum sín á milli, og samkvæmt þessu var nefndinni fyrirskipuð sú aðferð, að skoða samanlagða upphæð jarðarafgjaldanna í hverri einstakri sýslu sem vexti af öllu virðíngarverðinu til samans í sýslunni, og lagfæra síðan virðíngarverð hinna einstöku jarða eptir því hlutfalli, sem hin nýja virðíngarverðsupphæð, er þannig væri fundin, stæði í við virðíngarverðið 1849—50.

Þar að auki er það tilfært sem dæmi, að þegar afgjaldið af öllum jörðunum í einhverri sýslu svaraði til 4%, í annari til 3% og í hinni þriðju til 5%, o. s. frv., þá þyrfti ekki að breyta matsverðinu í hinni fyrstu sýslu, en þar á móti yrði að lækka það eða hækka í hinum eptir upphæð afgjaldanna. Alþíngi hefir fallizt á þessar ákvarðanir og bætt því við, að það skyldi vera skylda nefndarinnar, áður en hún framkvæmdi ákvarðanir þessar, að afla sèr allra þeirra upplýsínga, er feingizt gæti, hjá embættismönnum landsins um hið ýmislega hlutfall milli afgjalda jarðanna og gæða þeirra, er vera kynni í hinum ýmsu sýslum, og sömuleiðis laga *(modificere)* reglu þá, sem hèr ræðir um, eptir upplýsíngum þeim, er þannig feingist.

Hið fyrsta, sem nefndin hefir þurft að gjöra, til þess að ljúka starfa þeim, er henni var þannig á hendur falinn, var það, að útvega skrár þær, er þurfti, yfir öll jarðaafgjöld, og í því tilliti varð nefndin að leita til hinna árlegu reiknínga yfir alþíngistollinn, er skrár um jarðaafgjöldin fylgja, og sömuleiðis varð hún, að því er snertir þær jarðir, sem alþíngisskattur er ei greiddur af, nefnilega borðhaldsjarðir presta og jarðir *mildra* stofnana, að útvega skrár yfir þær frá hreppstjórunum. Eins og vèr höfum getið í skýrslu vorri til stjórnarráðsins 27. febrúar f. á., hafði það verið vilji vor, að geta við haft skýrslurnar um gjöld þau, sem hèr ræðir um, um vissa ára-röð, t. d. 5 ár, til þess að geta dregið út af þeim meðaltölu, er leggja mætti til grundvallar við lagfærínguna á matinu; en með því nefndin hefir ekki feingið frá stiptamtinu nokkurn veginn fullkomnar skrár yfir tèð gjöld um meir en 2 ár, nefnilega árin $18^{48}/_{49}$ og $18^{53}/_{54}$, þá hefir nefndin orðið að láta sèr nægja með skýrslurnar um þessi 2 ár, og í því tilliti vill nefndin geta þess, að það virðist vera kostur við skrárnar fyrir $18^{48}/_{49}$ og $18^{53}/_{54}$, að það eru þessar skrár,

sem alþíngi hefir haft undir höndum við meðferð jarðamatsmálsins, og á þeim hefir þíngið, meðal annars, í aðalatriðunum byggt fyrgreindar ályktanir sínar um hlutföll þau, í hverjum matið á ýmsum hreppum skyldi lagfærast, eins og hinn litli munur, sem reynzt hefir að er á aðalupphæðunum bæði árin $18^{48}/_{49}$ og $18^{53}/_{54}$, og sem þar að auki að miklu leyti kemur af því, að hinar einstöku landskuldir og kúgildaleigur eru reiknaðar eptir mismunandi verðlagsskrám, mun mæla með því, að meðaltala leingri áraraðar mundi hafa leitt að niðurstöðu, er væri mjög lík þeirri, sem menn hafa hèr komizt að, og nefndin hefir enn fremur þótzt sjá, að þessi ætlan styrkist af samanburði við afgjaldaskrárnar um árin 1850—52, að því leyti sem nefndin hefir haft til skoðunar slíkar skrár fyrir nokkrar sýslur.

Nefndinni hefir nú þótt það vera áríðanda, að hinar samanlögðu afgjaldaupphæðir, sem leggja átti til grundvallar við lagfæríngunа, gæti orðið svo nákvæmar, sem unnt væri, og vèr höfum þess vegna mjög nákvæmlega endurskoðað í hverju einstöku afgjaldaskrárnar um hin umræddu 2 ár, og þannig höfum vèr sumpart lagað reiknıngsvillur þær, sem koma fyrir hèr og þar, sumpart leitazt við, án þess að víkja frá því, sem gefið var, eða því, sem varð að álítast venjulegast í einstökum sveitum, að koma á þeirri einíngu eða jöfnuði í reikníngmum á skrám hinna ýmsu hreppa eða sýslna, sem gæti þótt samkvæmur því, er í raun og veru á sèr stað; þetta hefir t. d. verið gjört, þar sem hlutaðeigandi hreppstjórar auðsjáanlega hafa reiknað vissar afgjaldategundir af handahófi eða ósamkvæmt sjálfu sèr; sumpart höfum vèr, að því er unnt var, gætt þess, að til væri greind fullkomin afgjöld (landskuld og kúgildaleigur) af hverri einstakri jörð. Í tilliti til þess síðast nefnda hefir nefndin einkanlega opt haft orsök til efasemda við bændakirkjujarðir, því þeim parti af afgjaldinu, sem svarar til prestsmötunnar, einkum af kúgildaleigunum, hefir venjulega verið sleppt í skránum, sökum þess að þessi hluti afgjaldsins er af löggjöfinni undanþeginn alþíngistollsgreiðslunni, og þegar t. d. prestsmatan, eins og optast nær á sèr stað, er hálf leiga af vissri kúgildatölu, er kirkjunni heyrir til, þá fer stundum svo, að þegjandi er sleppt úr reikníngnum í afgjaldsskránum, ekki einúngis þeim helmíngi kúgildaleigunnar, er prestinum skal gjalda, heldur einnig hinum helmíngnum, því menn hafa álitið, að jarðeigandinn ætti að hafa hann í uppbót fyrir það, að hann á að ábyrgjast kúgildin. Stundum eru sum af kúgildum þeim, er gjalda skyldi prestsmötu af, ekki leingur til á jörðunni, og þá er greiðsla þessi

að þessu leyti í eiginlegum skilníngi, jarðeignarbyrði, sem hvílir á jörðunni. Nefndin hefir ávallt, þegar svo hefir staðið á, með nákvæmni og vandlegri rannsókn leitazt við í hverju einstöku tilfelli að ákveða upphæð hinna sönnu jarðaafgjalda, og í þessu tilliti höfum vèr haft styrk af skýrslum þeim, sem vèr höfum útvegað sumpart frá prófföstum og prestum, sumpart frá hreppstjórum, um upphæð allra slíkra prestsmatna, sömuleiðis um þær jarðir, sem þær eru greiddar af; en þetta er ekki ætíð eins, því greiðsla þessi liggur opt á ýmsum bændakirkjujörðum, þannig að kirkjubóndinn má ráða, af hverjum jörðum þetta er goldið í hvert skipti, og hve mikið goldið er af hverri jörð. Nefndin hefir í einstökum tilfellum verið í efa um það, af hverjum af kirkjujörðunum prestsmatan væri goldin, og þar sem svo varð að álíta, sem matan hefði ekki verið öll tilfærð í jarðaafgjaldsskránni, þá hefir öll matan verið tilgreind sem hvílandi á aðalkirkjujörðinni, og verður annars við það afgjaldaupphæð sú, sem til er færð á þessari jörð, stundum meiri, en goldið er af jörðunni, af því upphæð þessi innibindur í sèr nokkuð af afgjöldum annara jarða; en um þetta er ætíð gjörð athugasemd í frumvarpinu. Á sama hátt höfum vèr enn fremur haldið, að vegna þess að gjöld þessi samanlögð eru býsnamikil og það er í mörgu tilliti áríðanda, að skýra frá þeim, þá ætlum vèr að láta fylgja hèr með fullkomna sèrstaka skrá yfir allar þær jarðir, sem slíka prestsmötu eiga að gjalda, sömuleiðis upphæð hennar, og af þessari skrá sèst það, að prestsmötur þessar í öllu landinu eru 3350 rdl., eða hèr um bil $^1/_{40}$ partur af öllum jarðaafgjöldum saman lögðum. Úr tveimur sýslum, nefnilega Ísafjarðar- og Gullbríngu- og Kjósarsýslum hefir nefndin ekki feingið afgjaldaskrárnar fyrir 1853-54, eða að minnsta kosti ekki í því formi, að þær yrði notaðar, og nefndin hefir því neyðzt til, að því er Ísafjarðarsýslu snertir, að taka í stað þess afgjaldaskrárnar fyrir 1852-53, sömuleiðis, að því er Gullbríngu- og Kjósarsýslu snertir, afgjaldaskrárnar fyrir 1850-51, sem var hið síðasta ár, er þessar skrár voru til um, og til þess að allt gæti orðið hvað öðru svo líkt, sem unnt er, hafa öll afgjöld þessara ára verið reiknuð eptir verðlagsskrám 1853-54, og vèr verðum annars að halda, að þótt annað afgjaldaár sè í tveimur sýslum komið í staðinn fyrir afgjöldin $18^{53}/_{54}$, þá hafi það ekki veruleg áhrif á aðalupphæð jarðagjaldanna eða meðaltöluna fyrir greindar sýslur.

Með tilliti til jarða þeirra, sem alþíngistollur er ekki greiddur af, og sem þess vegna ekki eru tilgreindar í hinum umræddu

afgjaldaskrám, nefnilega borðhaldsjarðir presta, fátækra- og spítalajarðir, o. s. frv., hefir nefndin útvegað skrár yfir jarðaafgjöldin, samdar á sama hátt, sem skrárnar til alþíngistollgreiðslunnar.

Skrár þessar sýna þó einúngis jarðaafgjöldin, eins og þau hafa verið það ár, þegar þær voru samdar (árið 1856), en til þess að láta ekki hinar ýmsu verðlagsskrár hafa of mikil áhrif, hefir nefndinni litizt, að hún ætti að reikna afgjöld hinna umræddu jarða eptir verðlagsskránum $18^{48}/_{49}$ og 1853—54, og til færa þau síðan í frumvarpinu fyrir hvert af þessum árum með hinum þannig reiknuðu upphæðum. Frá einni, nefnilega Barðastrandarsýslu, hefir nefndin enn ekki feingið skrár þær, sem um hefir verið beðið þaðan, yfir afgjöldin af jörðum þeim, sem þar eru undanþegnar alþíngistolli, og ekki heldur neina af skýrslum þeim, sem annars hefir verið æskt frá þessari sýslu, jafnvel þó amtmaður hafi heimtað þær af sýslumanni þegar í desembermánuði 1855, og seinna minnt hann á að senda þær. Þegar hinar aðrar skýrslur, er beðið hafði verið um frá Snæfellsnessýslu, voru sendar, þá kom ekki skrá yfir afgjöld jarða þeirra, sem eru undanþegnar alþíngistolli, í einum hrepp, nefnilega Helgafellssveit. Til þess að láta ekki allt verkið bíða eptir skýrslum þeim, er þannig vantaði, þá sneri nefndin sèr, þegar hún gat ekki beðið þeirra leingur, í seinni hluta síðast liðins janúarmánaðar til nefndar þeirrar, sem eptir klerkaþíngsályktun kemur saman í Reykjavík, til þess að lagfæra mat gjörvallra brauða í landinu eða meta þau, og sem árin 1853—55 hefir feingið skýrslur um tekjur brauðanna, og bað hana að ljá sèr skýrslur þessar fyrir téðar tvær sýslur, og með því að hèr fèkkst nægileg vísbendíng um jarðaafgjöld þau, sem upplýsíngar þurfti um, þá höfum vèr hagnýtt téðar skýrslur til þess að fullkomna afgjaldaskrárnar fyrir áðurnefndar sýslur.

Að endíngu getum vèr þess, að í afgjaldadálkinum hafa verið settir $4\%$ vextir af matsverðsupphæðinni við einstakar eignir, þar sem jarðarafgjaldið annaðhvort ekki var tilgreint, sem einkanlega átti sèr stað við hinar annars fáu eyðijarðir, sem hafa verið metnar sèr í lagi, eða þar sem skýrslurnar um það ekki virtust verða notaðar einhverra orsaka vegna.

Ekkert afgjald hefir verið tilgreint við ýmsa jarðarparta, sem metnir hafa verið sèr í lagi sökum þrætu, er um þá hefir verið, og sem nefndin annars hefir leitazt við að draga inn undir aðra hvora af hlutaðeigandi jörðum, þar sem tilefni hefir getað fundizt til þess, því það má almennt gjöra ráð fyrir því, að slíkir jarðarpartar annað-

hvort sè notaðir frá báðum jörðunum, eða frá annari þeirra, og að afgjald þeirra þannig hljóti að vera innibundið í afgjaldi sjálfra jarðanna.

Alþíngi gjörði ráð fyrir, eins og áður er sagt, að nefndin mundi þurfa að útvega sèr skýrslur um hinu ýmislega leigumála jarðanna í hinum einstöku sýslum, áður en jarðaafgjaldaupphæðin yrði notuð við lagfæríngu jarðamatsins, og nefndin hefir samkvæmt þessu beðið amtmennina um álit þeirra um það, að hve miklu leyti slíkur misjafn leigumáli ætti sèr stað í ömtum þeirra, og sömuleiðis, hver áhrif ætla mætti að þetta gæti haft á öll jarðaafgjöldin samanlögð í hverri sýslu fyrir sig. Skýrslur þær, sem vèr höfum feingið um þetta, eru einúngis skrá nokkur, sem amtmaður Melsteð hefir sent oss, um afgjaldaástandið í Arnarstapa- og Skógarstrandarumboði, af hvers jörðum gjöldin eru, sem kunnugt er, að nokkru leyti greidd í peníngum eptir gömlu lagi *(Evaluation)*, af hverju leiðir nokkra lækkun á hinni ákveðnu forngildu. Nefndin hefir nú að vísu hugleitt, að hve miklu leyti hún mundi geta byggt lagfæríng jarðaafgjaldaupphæðanna bæði á þessu og á skýrslum þeim, sem vèr annars höfum haft undir höndum, um svipaða lækkun á afgjöldum konúngsjarða annarstaðar, einkum í Skaptafells-, Gullbríngu-, Stranda- og Ísafjarðarsýslu; en eins og það er ljóst, að víst hlutfall, er slík lagfæríng skyldi gjörast eptir, ekki yrði með neinu móti ákveðið, án þess að gjöra það af handahófi, eins virtist því síður að geta verið nokkur heimild fyrir því, að taka hiklaust afgjöldin eptir forngilduupphæð þeirra, og reikna þau eptir almennum reglum, án tillits til hinnar veittu gjaldlinunar *(Moderation)*, því heldur, sem það án efa verður að ætla, að linun sú, sem þannig á sèr stað, sè eingan veginn eingaungu sprottin af lægri leigumála, heldur komi að miklu leyti af því, að forngilduupphæðin, sem viðhaldizt hefir frá fyrra tíma, er nú of há, og getur því ekki feingizt án slíkrar gjaldlinunar, og nefndin hefir því ekki getað látið hið umrædda atriði, sem alþíngi hefir bent á, hafa nein áhrif á upphæð jarðaafgjaldanna.

Upphæð jarðaafgjaldanna, sem þannig eru reiknuð, í hverri einstakri sýslu um hvert af árunum $18^{48}/_{49}$ og $18^{53}/_{54}$, meðaltala tèðra gjalda um þessi ár, samanlagðar virðíngarverðsupphæðir í hinum einstöku sýslum, eins og þær hafa komið fram við einstakar hèr að framan greindar lagfæríngar, sömuleiðis leiðrèttíngin á hinum ýmsu hreppum, og loksins það hlutfall miðað við 1 : 100, sem meðaltala jarðaafgjaldanna í hverri einstakri sýslu stendur í við virðíngarverðsupphæðina, má sjá af eptirfylgjandi töflu, í hverri sýslurnar eru til færðar eptir tèðu hlutfalli, þær fyrst, sem lægst eru metnar:

| Sýslur. | Virðíngar-upphæðirnar 1849—50 með framangreindum lagfæríngum. | Jarðaafgjaldaupphæð. fyrir $18^{48}/_{49}$ rd. | sk. | fyrir $18^{53}/_{54}$ rd. | sk. | Meðaltala þessara afgjaldaupphæða fyrir bæði árin. rd. | sk. | það hlutfall, miðað við 1 : 100, sem meðaltala jarðaafgjaldanna stendur í við framangreindar virðíngarverðsupphæðir. |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1. Barðastrandarsýsla | 74,936 | 6,113 | — $65\frac{1}{2}$ | 5,759 | — 1 | 5,936 | — $33\frac{1}{4}$ | 7,922 |
| 2. Dalasýsla | 77,279 | 5,694 | — 90 | 5,555 | — $43\frac{1}{2}$ | 5,625 | — $18\frac{3}{4}$ | 7,279 |
| 3. Skagafjarðarsýsla | 161,660 | 11,755 | — $23\frac{1}{2}$ | 11,726 | — 74 | 11,741 | — $\frac{3}{4}$ | 7,263 |
| 4. Snæfellsnessýsla | $71,216\frac{3}{10}$ | 5,101 | — 2 | 4,922 | — $47\frac{1}{2}$ | 5,011 | — $72\frac{3}{4}$ | 7,037 |
| 5. Eyjafjarðarsýsla | 191,550 | 12,498 | — $93\frac{1}{2}$ | 11,663 | — 70 | 12,081 | — $33\frac{3}{4}$ | 6,307 |
| 6. Árnessýsla | 217,136 | 13,258 | — 85 | 13,080 | — $3\frac{1}{2}$ | 13,169 | — $44\frac{1}{4}$ | 6,065 |
| 7. Borgarfjarðarsýsla | 102,411 | 5,724 | — $4\frac{1}{3}$ | 5,637 | — 92 | 5,681 | — $\frac{1}{4}$ | 5,547 |
| 8. Suður-Þíngeyjars. | 144,638 | 8,180 | — 32 | 7,788 | — $11\frac{1}{2}$ | 7,984 | — $21\frac{3}{4}$ | 5,520 |
| 9. Gullbr. og Kjósars. | 138,651 | 7,507 | — 9 | 7,261 | — 23 | 7,384 | — 16 | 5,326 |
| 10. Reykjavíkurbær | 10,267 | 568 | — 77 | 518 | — $29\frac{1}{2}$ | 543 | — $53\frac{1}{4}$ | 5,294 |
| 11. Húnavatnssýsla | 211,953 | 10,897 | — 85 | 11,116 | — 1 | 11,006 | — 91 | 5,193 |
| 12. Rángárvallasýsla | 224,943 | 11,443 | — $31\frac{1}{2}$ | 11,412 | — $23\frac{3}{4}$ | 11,427 | — $75\frac{5}{8}$ | 5,080 |
| 13. Ísafjarðarsýsla | 114,832 | 5,841 | — 46 | 5,749 | — $94\frac{1}{2}$ | 5,795 | — $70\frac{1}{4}$ | 5,047 |
| 14. Norður-Múlasýsla | 126,971 | 6,413 | — $57\frac{1}{2}$ | 6,363 | — 91 | 6,388 | — $74\frac{1}{4}$ | 5,032 |
| 15. Suður-Múlasýsla | $118,034\frac{1}{20}$ | 5,801 | — $68\frac{1}{4}$ | 6,033 | — $68\frac{1}{2}$ | 5,917 | — $68\frac{1}{2}$ | 5,014 |
| 16. Norður-Þíngeyjars. | 57,533 | 2,882 | — 55 | 2,747 | — 33 | 2,814 | — 92 | 4,891 |
| 17. Skaptafellssýsla | 100,040 | 4,738 | — 33 | 4,659 | — 58 | 4,698 | — $93\frac{1}{2}$ | 4,697 |
| 18. Strandasýsla | 55,347 | 2,371 | — 79 | 2,395 | — 47 | 2,383 | — 63 | 4,305 |
| 19. Mýra og Hnappad.s. | $165,233\frac{1}{6}$ | 6,649 | — 33 | 6,563 | — $20\frac{1}{2}$ | 6,606 | — $26\frac{3}{4}$ | 3,998 |
| 20. Vestmanneyjasýsla | 17,540 | 631 | — $40\frac{1}{2}$ | 563 | — 4 | 597 | — $22\frac{1}{4}$ | 3,405 |
| = | $2,382,170\frac{31}{60}$ | 134,074 | — 51 | 131,517 | — $68\frac{3}{4}$ | 132,796 | — $11\frac{7}{8}$ | |

Við töflu þessa ber þess að geta, að það hefir verið ráðið af að taka Suður- og Norður-Þíngeyjarsýslu hvora í sínu lagi, þótt þær sè nú eitt lögsagnarumdæmi, sökum þess að þær voru aðgreindar, þegar jarðamatið fór fram 1849–50, og yfir þær gekk bæði undirmat og yfirmat, hvora í sínu lagi, og líka sökum þess, að hlutfallið milli jarðaafgjaldaupphæðarinnar og matsverðsins er nokkuð mismunandi í þessum sýslum, þegar þær eru teknar hvor fyrir sig, eins og landslagið líka er nokkuð mismunanda í þessum sýslum. Enn fremur ber þess að geta, að jarðirnar Stafholtsey og Húsafell, sem árin 1849–50 heyrðu til Mýra- og Hnappadalssýslu, og hafa verið metnar þar, en eru seinna lagðar til Borgarfjarðarsýslu, og þess vegna í frumvarpinu til færðar í þessari sýslu, eru teknar upp í reiknínginn hèr að framan í hinni fyrnefndu sýslu, bæði að því er jarðarafgjald og virðíng snertir, og að líkri reglu hefir verið fylgt með tilliti til jarðanna Ytri-Varðgjár og Syðri-Varðgjár, sem hafa verið metnar í Suður-Þíngeyjarsýslu, en af því þær hafa seinna verið lagðar undir Eyjafjarðarsýslu, þá eru þær til færðar í þessari sýslu í frumvarpinu; sömuleiðis með tilliti til afrèttarins Bleiksmýrardals fyrir vestan Fnjóská, sem hefir verið metinn með Eyjafjarðarsýslu, en af því hann liggur í Þíngeyjarsýslu, þá er hann í frumvarpinu færður í þessa sýslu og sameinaður við þann hluta af dalnum, sem liggur fyrir austan Fnjóská og sem virtur hafði verið með þessari sýslu.

Þegar nefndin nú hugleiddi upphæð þess hlutfalls milli upphæðar jarðaafgjaldanna og virðíngarverðsins, er bæri að leggja til grundvallar og við hafa, til þess að leiðrètta matið í hinum einstöku sýslum, en um það hefir nefndin eingar reglur feingið, þá hefir sú hugleiðíng einkanlega ráðið hjá nefndinni, að með því það er tilgángur þessa starfa, að koma á hlutfalli, sem alstaðar væri sjálfu sèr líkt, eins vegar milli jarðaafgjaldanna, er jarðagæðin gæti sèzt af, og matsverðsins hins vegar, en að þar á móti í þessu tilliti í sjálfu sèr ekki getur staðið á neinu, hvort nokkuð hærri eða lægri virðíng yrði í öllu landinu, þar sem þetta mætti aptur laga með því að velja minna eða stærra deili, þegar hundraðatalan er ákveðin, þá varð svo að álíta, sem einu gilti, hver tala af hundraði væri kosin (t. d. 4, 6 eða 7), einúngis ef allar sýslurnar væri lagfærðar eptir hinum sama mælikvarða. Ef menn nú ekki vildi við hafa það hlutfall milli innstæðu og tekja, sem tíðkast á meðal manna, nefnilega 4%, en það er auðsèð, að sú tala af hundraði er töluvert frábrugðin hlutfalli því, sem á sèr stað í flest-

öllum sýslunum milli upphæðar jarðaafgjaldanna og matsverðsins, þá gæti svo virzt, sem nokkur ástæða væri til, að við hafa meðaltölu allra fyrgreindra hlutfalla, sem yrði um $5\frac{1}{2}\%$ (og sem annars hèr um bil mundi koma saman við úrslit þau, er feingist með því, að bera upphæð jarðaafgjaldanna í öllu landinu saman við virðíngarverðsupphæðina í öllu landinn); en nefndin hefir þó haldið, að taka ætti tillit til þess, að það sèst af áður tilfærðri töflu, að mitt á meðal þeirra sýslna, sem álíta má of lágt metnar, og þeirra, sem má álíta býsna-hátt virtar, eru æði margar sýslur, í hverjum hlutfallið er mjög líkt eða samkynja, svo að mismunarins gætir varla, nefnilega í þeim 10 sýslum, nr. 7—16, í hverjum öllum hlutfallið er frá c. 5 til c. $5\frac{1}{2}\%$, og eins og þessi jöfnuður virðist mæla með almennara skilníngi á hlutfallinu milli gæða og leigumála jarðanna, sem komið hefir í ljós við jarðamatið í greindum sýslum, eins virðist vera gjört ráð fyrir því, einkum í umræðum alþíngis, að lagfæríng jarðamatsins skyldi einkum koma niður á þeim sýslum, er fjarlægjast þenna miðflokk, og einkanlega á sýslunum nr. 1—4, en þar á móti er gjört ráð fyrir, að jarðamatið geti haldizt nokkurn veginn óbreytt í hinum sýslunum.

Nefndin hefir í tilliti til þessa valið þá aðferð, að draga út meðaltalshlutfall, miðað við 1 : 100, af hlutföllunum í fyrnefndum 10 sýslum, og verður þetta meðaltalshlutfall $5{,}_{194}\%$, og sömuleiðis að jafna eptir þessu hlutfalli bæði matið í nýnefndum 10 sýslum og öllum hinum sýslunum í landinu, og enn fremur hefir þótt mega koma því til leiðar með þessari aðferð, að ekki verði nema mjög lítilfjörleg breytíng á býsnamörgum sýslum, þannig að matið á þessum sýslum má í hinu verulega álíta hið sama sem áður, og að það þekkist yfir höfuð aptur á hverri einstakri jörð, og má þannig ætla, að matinu 1849—50 hafi verið breytt svo lítið, sem unnt var.

Eptir þessu þannig valda meðaltalshlutfalli verður það ein sýsla, nefnilega Húnavatnssýsla, þar sem matið hefir alls ekkert breytzt, af því að hlutfallið í þessari sýslu kemur að kalla má gjörsamlega saman við hið áðurnefnda meðaltalshlutfall (með 36 rdl. mun í allri sýslunni, sem ómögulegt hefði verið að skipta); en þar á móti hefir matið á sýslum þeim, er nú skal greina, verið hækkað eða lækkað þannig:

| | | | Lagfært mat |
|---|---|---|---|
| Barðastrandarsýsla | hækkuð um | 52,5 % | 114,272,3 |
| Dala — | — — — | 40,1 | 108,262,9 |
| Skagafjarðar — | — — — | 39,8 | 225,985,6 |
| Snæfellsness — | — — — | 35,5 | 96,494,0 |
| Eyjafjarðar — | — — — | 21,4 | 233,210,7 |
| Árness — | — — — | 16,8 | 253,582,0 |
| Borgarfjarðar — | — — — | 6,8 | 110,495,9 |
| Suður-Þíngeyjarsýsla | — — — | 6,3 | 153,056,6 |
| Gullbríngu — | — — — | 2,5 | 144,110,0 |
| Reykjavík | — — — | 1,9 | 10,461,8 |
| Rángárvallasýsla | lækkuð um | 2,2 | 219,986,0 |
| Ísafjarðar — | — — — | 2,8 | 111,602,9 |
| Norður-Múla — | — — — | 3,1 | 123,030,5 |
| Suður-Múla — | — — — | 3,5 | 113,896,4 |
| Norður-Þíngeyjarsýsla | — — — | 5,8 | 54,194,2 |
| Skaptafells — | — — — | 9,6 | 90,430,0 |
| Stranda — | — — — | 17,1 | 45,879,6 |
| Mýra og Hnappad. — | — — — | 23,0 | 126,096,6 |
| Vestmannaeyja — | — — — | 34,5 | 11,488,1 |
| Þar við bætist | | | |
| Húnavatnssýsla . . . . . . | | | 211,953,0 |
| Fyrir allt landið verður þá samanlagt lagfært matsverð | | | 2,556,489,1 rdl. |

Og er það 174,318,6 rdl. meira en aðalupphæðin eptir töflunni hèr að framan.

Vèr viljum geta þess, að þrátt fyrir hina töluverðu hækkun á matsverðinu, sem ýmsar sýslur í vesturamtinu hafa feingið eptir þessu, þá hafði þó deild sú, sem kosin var á alþíngi fyrir vesturamtið, gjört ráð fyrir nokkuð meiri hækkun í nokkrum af sýslunum, því menn ætluðu, að hækka mætti Barðastrandar-, Dala- og Snæfellsnessýslu, hverja fyrir sig, í samanburði við Mýrasýslu, ef hún yrði óbreytt, með því að bæta við $^3/_4$ af virðíngarverðsupphæðunum,

og þetta hlutfall kemur hèr um bil saman við hitt hlutfallið, eptir hverju virðíng Barðastrandarsýslu nú er hækkuð, en fer nokkuð fram úr hækkunarhlutfallinu í hinum öðrum sýslum.

Þar á móti hafði norður- og austuramtsdeildin á alþíngi gjört ráð fyrir, að Skagafjarðarsýsla yrði ekki hækkuð meir en um $^1/_6$, en þá var um leið gjört ráð fyrir, að hinar sýslurnar í amtinu yrði óbreyttar, og hèr getur þannig einginn samanburður átt sèr stað.

Vèr höfum leitazt við að lagfæra matið á hinum einstöku jörðum með svo mikilli nákvæmni, sem auðið var, eptir hinu ákveðna meðaltalshlutfalli, og oss hefir þótt það rèttast, sumpart með tilliti til starfalèttis framvegis, að tákna með tugabrotum þá parta af ríkisdölunum, sem koma út við reiknínginn, og þar að auk höfum vèr fylgt þeirri reglu, þar sem tugabrotum hefir verið kastað burt, að hækka hvergi tugabrot það, sem eptir var haldið, sökum þess að hið burtkastaða tugabrot væri meir en 5, til þess að ekki skyldi vera hætt við, að vèr hækkuðum mat nokkurrar einstakrar jarðar meira, en henni ber eptir hinu gefna hlutfalli.

Með tilliti til fyrirkomulagsins á frumvarpinu vill nefndin geta þess, að auk matsverðsins 1849-50, hinna lagfærðu matsverðsupphæða, sömuleiðis jarðaafgjaldanna fyrir hvert af árunum 1848-49 og 1853-54, sem vèr hèldum að vèr ættum að til færa sèr í lagi fyrir hverja einstaka jörð, einkanlega til að geta leitt rök að niðurstöðu þeirri, er vèr höfum komizt að, og af því slíkt að öðru leyti er í mörgu tilliti merkilegt og áríðanda, þá hefir nefndin enn fremur bætt dálkum við fyrir kúgildatöluna og fyrir þá hundraðatölu jarðarinnar, sem híngað til hefir verið, og höfum vèr í flestum sýslunum til fært hundraðatöluna sumpart eptir matsbókunum, þar sem hún fannst í þeim, sumpart eptir jarðaafgjaldaskránum; í nokkrum sýslum, nefnilega Skaptafells-, Árness-, og Gullbríngu- og Kjósarsýslu, þar sem dýrleiki jarðanna ekki var þannig til greindur, höfum vèr til fært hann eptir upplýsíngum þeim, sem finnast í Jarðatali Johnsens, um þá núverandi hundraðatölu, er sýslumenn hafa skýrt frá.

Loksins höfum vèr ætlað dálk fyrir hinni nýju hundraðatölu, ef svo skyldi fara, að það þætti eiga við að nota frumvarp þetta á sínum tíma, til þess að til færa þar hinn nýja dýrleika jarðanna.

Að gjöra nokkra uppástúngu um þá hundraðatölu, sem yrði að jafna niður á hinar einstöku sýslur, hefir nefndinni sumpart þótt sèr óviðkomanda, því alþíngi er ætlað að ákveða þetta, sumpart hljótum vèr að halda, að nauðsynlegt sè að hafa fullkomlega nákvæmar skýrsl-

ur um hinn núveranda dýrleika jarðanna, sem er töluvert frábrugðinn þeim, sem er tilgreindur í jarðabókunum og sem vèr einkanlega ekki getum álitið fullkomlega áreiðanlegan í hinum áðurnefndu 4 sýslum, og er hann í þeim dreginn út úr Johnsens Jarðatali, en í þeirri bók er hundraðatalan eptir jarðabókunum helzt tekin tli greina. Til þess að stuðla að því, að feingizt gæti fullkomnar skýrslur um hina núverandi hundraðatölu, einnig að því er téðar sýslur snertir, höfum vèr hugsað um að taka eptirrit af skránum um hundraðatöluna í þessum sýslum, senda þau hlutaðeigandi sýslumönnum, og biðja þá að skýra oss frá því, sem rángt kynni að vera í þeim, sömuleiðis að senda oss skýrslur þessar svo snemma, að vèr, svo framarlega sem þetta mál yrði lagt fyrir alþíngi þetta ár, sem nú er að líða, gætim afhent þær *konúngsfulltrúa,* áður en alþíngi byrjar, og viljum vèr í undirgefni leyfa oss að bera það upp, hvort ekki væri ástæða til, ef gjört er ráð fyrir, að jarðamatsmálið verði tekið fyrir á alþíngi í ár, að setja þínginu í sjálfsvald, að hve miklu leyti það treysti sèr til, með því móti að þíngtíminn yrði leingdur, að greiða atkvæði um hundraðatöluna, og undir eins þar á eptir að skipta henni á jarðirnar, og síðan, fyrir þínglok, að láta í ljósi álit sitt um jarðabókina, er þannig væri fullgjörð, og síðan gæti feingið staðfestíngu hans hátignar konúngsins, án þess að verða lögð fyrir alþíngi að nýju, eins og gjört virðist vera ráð fyrir í optnefndri uppástúngu stjórnarinnar, er lögð var fyrir alþíng 1855.

Vèr getum þess, að farið er að afskrifa samhljóða exemplar af frumvarpi því, er vèr nú sendum, og á það að geymast hjá nefndinni ásamt gjörðabók, endurritabók, og dagbók *(Journal)* hennar, þángað til hún fær nákvæmari skipun frá stjórnarráðinu; þar á móti leyfum vèr oss í undirgefni að láta hèr með fylgja matsbækurnar 1849-50 fyrir allar sýslur landsins, skjöl þau frá stjórnarráðinu, er snerta jarðamatsmálið og *konúngsfulltrúinn* hefir afhent nefndinni, og að endíngu allar virðíngargjörðir, álitsskjöl, afgjaldaskrár og önnur skjöl, sem nefndin hefir útvegað.

Um leið og vèr þannig með undirgefni leggjum þetta mál fyrir hið háa stjórnarráð, leyfum vèr oss með sömu undirgefni að láta þá von í ljósi, að það muni reynast, að nefndin hafi leyst af hendi starfa þann, er henni var á hendur falinn, samkvæmt þeim reglum, er henni hafa verið gefnar, og að verkið, sem nú er endað, muni

reynast unnið með svo mikilli umhyggju og nákvæmni, sem kríngumstæðurnar, og þau áhöld, sem vèr gátum feingið, leyfðu.

Jarðamatsnefnd sú, er sett var með allrahæstum úrskurði 18. maí 1855.

Reykjavík, 23. febrúar 1857.

*V. Finsen. Jón Guðmundsson. Jón Pètursson.*

# IV.

## Lagaboð,

sem úthafa komið í Danmörku árin 1855—1856, og gjörð voru að umtalsefni á alþíngi 1857, hvort lögleiða skyldi á Íslandi.

### 1.

### Lagaboð

áhrærandi þær auglýsíngar, sem í vissum tilfellum áður voru lögboðnar í blaðinu *„Adresse-Contoirets-Efterretninger"*; dagsett 22. d. febrúarm. 1855.

**Vèr Friðrik hinn sjöundi,** með guðs miskun Danmerkur konúngur, o. s. frv.,

gjörum vitanlegt: Ríkisdagurinn hefir aðhyllzt, og vèr með samþykki voru staðfest lagaboð það, sem hèr eptir fylgir.

Þær auglýsíngar, sem eptir reglum þeim, er híngað til voru í gildi, áttu, til þess þær gæti álitizt nægjanlega kunngjörðar, að takast inn í Kaupmannahafnar *„Adresse-Contoirs- Efterretninger"*, og í *„Berlingske politiske og Avertissements Tidende"*, skulu frá 1. jan. þ. á. að telja álítast löglega kunngjörðar, ef þær hafa verið birtar í þeim síðarnefndu tíðindum.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sèr allraþegnsamlegast að hegða.

## 2.

## Lög,

um lausar ríkisskuldir;
dagsett 28. d. marzm. 1855.

---

**Vèr Friðrik hinn Sjöundi,** með guðs miskun Danmerkur konúngur, o. s. frv.,

Gjörum vitanlegt: Ríkisdagurinn hefir fallizt á, og vèr með samþykki voru staðfest lög þau, sem hèr eptir fylgja:

Ákvarðanir þær, sem eptir lögunum frá 19. apríl 1850, 25. nóv. 1851, 7. jan. 1853 og 8. desbr. s. á., eru út geingnar um lausar ríkisskuldir, og gilda til útgaungu marzmánaðar 1855, skulu gilda til 31. marz 1856, með eptirfylgjandi breytíngum, sem byrja 1. dag aprílmánaðar 1855.

1. Ómyndugra og opinberra stofnana fè veitist ekki móttaka á leigu úr ríkissjóðnum nema fyrir 3 rdl. af hundraði í árlega leigu, í stað þess að híngað til hafa af slíku fè verið goldnir 3 og hálfur dalur í leigu.

2. Ómyndugra og opinberra stofnana fè veitist ekki móttaka á leigu úr ríkissjóðnum, ef það ekki nemur 100 ríkisdölum að upphæð.

3. Skiptafè, tilheyrandi búum, sem skipt er í Kaupmannahöfn, veitist ekki úr þessu móttaka á leigu úr ríkissjóðnum.

---

## 3.

## Lög,

um innköllun af þeim gömlu ríkisortum eða specíufimmtúngum;
dagsett 2. d. aprílm. 1855.

---

**Vèr Friðrik hinn sjöundi,** með guðs miskun Danmerkur konúngur, etc.,

gjörum vitanlegt: Ríkisdagurinn hefir fallizt á, og vèr með samþykki voru staðfest eptirfylgjanda lagaboð.

Þeir specíufimmtúngum, sem gánga undir nafninu „ríkisort“ og gilda 24 skildínga í dönskum kúranti, en eptir tilsk. frá 31. júlí 1818 gánga á 38 sk. hvort, en 5 á 2 rdl., eiga að falla úr gildi.

Fjárstjórnarráðherrann má ákveða það tímabil (þó ekki skemmra en 2 mánuði frá því auglýsíng hèr að lútandi er birt almenníngi), á hverju ofannefndri myntartegund veitist, eins og hún nú geingur, móttaka í opinberar afgreiðslur í konúngsríkinu. Þegar þessi tími

er út runninn, veitist ríkisortum ekki móttaka nema fyrir 36 skildínga, og þau hætta upp frá því öldúngis að vera borgunarmeðal manna á milli, nema eptir frjálsu samkomulagi.

Eptir þessu eiga allir sèr þegnsamlegast að hegða.

---

## 4.

## Lög,

með hverjum leiguburður af peníngum í vissum tilfellum er látinn frjáls, og straffi fyrir okur breytt m. m.,

dagsett 6. d. aprílm. 1855.

---

**Vèr Friðrik hinn sjöundi,** með guðs miskun Danmerkur konúngur, o. s. frv.,

gjörum vitanlegt: Ríkisdagurinn hefir fallizt á, og konúngur með samþykki sínu staðfest lög þau, sem hèr segir:

§ 1.

Sá leiguburður af peníngum, sem með tilskipun frá 5. jan. 1813, § 21, samanb. opið brèf frá 22. nóvembr. 1820, § 2, almennt er ákveðinn, fjórir ríkisdalir af hverjum hundrað dölum, skal eptirleiðis einúngis vera gildandi um lán í fasteignum, en í öðrum peníngalánum skal leiguburðurinn vera frjáls.

§ 2.

Innanríkisráðherrann skal hafa heimild til, að veita þau leyfi, sem konúngur híngað til hefir veitt, til þess að borga hærri leigur, en fjóra af hundraði, af lánum í fasteign. Þessi leyfi borgast með hálfum dal af hverjum hundrað dölum, sem lánið nemur, þó með þeirri takmörkun, að ekkert leyfi borgist með minni borgun en tveimur dölum, eða hærri en sextán dölum.

§ 3.

Þegar skuldunautur ekki borgar skuld sína á rèttum gjalddaga, er hann skyldur til upp frá þeim degi, sem lánardrottinn hans sækir hann löglega til skuldalúkníngar, og þángað til borgun skeður, að borga einum dal hærri leigu en lög áskilja, eða samið hefir verið um milli hlutaðeigenda, eða sem siður og venja er til milli kaupmanna.

Þessu skal einnig fylgt um lán í fasteign, þó þannig, að seinni veðhafendur ekki skulu gjalda þess, að sú algeinga leiga af slíkum lánum er hækkuð.

§ 4.

Í staðinn fyrir það okurstraff, sem dönsku laga 5. bókar 14. kap. 5. artik., og tilskipun frá 14. maí 1754 § 6 ákveður, að höfuðstóllinn skuli upptækur, ber þessu lagabroti eptirleiðis að hegna með fjársekt, er samgildi fjórum til tuttugu sinnum þeim arði, sem tekinn hefir verið ólöglega, svo framarlega upphæðin verði nákvæmlega upplýst, en ef þess ekki er kostur, liggja við því fjárbætur eptir málavöxtum.

§ 5.

Sú takmörkun í þóknuninni til milligaungumannsins, sem tilskipun frá 14. maí 1754 § 6 ákveður, skal ásamt hegníngu þeirri, sem við því lá, ef út af var brotið, vera úr lögum numin.

Eptir þessu eiga hlutaðeigendur sèr allraþegnsamlegast að hegða.

---

## 5.
## Lagaboð,
sem leyfir dönskum skipherrum að taka útlenda sjómenn á mála;
dagsett 13. d. júlím. 1855.

---

**Vèr Friðrik hinn sjöundi,** með guðs miskun Danmerkur konúngur, o. s. frv.,

gjörum vitanlegt: Ríkisdagurinn hefir aðhyllzt, og vèr með samþykki voru staðfest það lagaboð, sem hèr eptir fylgir.

Það skal eptirleiðis, þegar danskt skip er gjört út frá einhverjum stað í konúngsríkinu Danmörku, vera leyft, einnig að taka útlenda sjómenn á mála, þó þannig, að auk skipstjóra og stýrimanna, helmíngur skipverja sè þeir menn, er eigi heima í því danska konúngsríki.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur þegnsamlegast sèr að hegða.

---

## 6.
## Lagaboð,
sem fyrirskipar, að hæstirèttur skuli gefa ástæður fyrir dómum sínum;
dagsett 8. d. marzm. 1856.

---

**Vèr Friðrik hinn sjöundi,** með guðs miskun Danmerkur konúngur, o. s. frv.,

gjörum vitanlegt: að ríkisdagurinn hefir aðhyllzt, og vèr með samþykki voru staðfest eptirfylgjandi lagaboð.

§ 1.

Hæstirèttur á að tilgreina þær ástæður, á hverju dómar hans eru byggðir.

§ 2.

Það er á hæstarèttar eigin valdi, að gjöra þetta, hvort heldur hann vill með því, að tilgreina ástæðurnar skriflega, eða með atkvæðagreiðslu í heyranda hljóði.

§ 3.

Sè dómsatkvæðið rèttlætt skriflega, má, ef þess þarf með, fresta því að gjöra það til næsta eða næstu daga, eptir að dómsatkvæðið er samþykkt. Þó má ekki taka neitt nýtt mál fyrir, fyr en búið er að birta dómsatkvæðið í málinu, sem dæma á, ásamt ástæðunum fyrir því.

§ 4.

Fari atkvæðagreiðsla fram í heyranda hljóði, má ráðgast um hana á undan innan luktra dyra.

§ 5.

Hæstarètti veitist sjálfum heimild til, nákvæmar að ákveða, hvernig þessu lagaboði verði veitt fullnusta.

§ 6.

Lagaboð þetta öðlast lagakrapt með byrjun hæstarèttar ársins 1857, og þá gánga um leið úr gildi þær ákvarðanir í lögum þeim, sem nú gilda um hæstarètt, sem ekki geta staðizt með þessu lagaboði.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur þegnsamlegast sèr að hegða.

# VIÐBÆTIR.

## B.

### Lagaboð og reglugjörðir stjórnarinnar,

sem út eru komnar, síðan alþíngi var slitið

**1855.**

# Tilskipun,

sem

lögleiðir á Íslandi, með nokkrum breytíngum, lög 3. janúar 1851, um prentfrelsi[1].

---

VÈR FRIÐRIK HINN SJÖUNDI, af guðs náð Danmerkur konúngur, Vinda og Gauta, hertogi í Slèsvík, Holsetalandi, Stórmæri, Þèttmerski, Láenborg og Aldinborg, Gjörum kunnugt: Eptir að vèr höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal vors trúa alþíngis, um að gjöra gildandi á Íslandi, með nokkrum breytíngum, lög um prentfrelsi, dags. 3. d. janúarm. 1851, bjóðum vèr og skipum fyrir á þessa leið:

1. gr.

Á sèrhverju riti, sem út kemur frá nokkurri prentsmiðju á Íslandi, skal standa nafn prentarans, og hvar ritið sè prentað. Ef út af þessu er brugðið, sektast prentarinn, og ef hann finnst ekki, þá sá, sem hefir ritið til sölu eða útbýtíngar, fèbótum frá 5 til 100 rdl.

2. gr.

Ef rángt er sagt til prentara, skal bæta frá 5 til 250 rdl. Hin sama sekt liggur við fyrir þann, sem veit, að rángt er frá sagt, og hefir ritið til sölu eða útbýtíngar.

3. gr.

Rithöfundarnir skulu hafa ábyrgð á efni bóka þeirra, sem prentaðar eru í Íslandi, þegar þeir hafa sagt til nafns síns á ritinu, og þar að auki annaðhvort voru búsettir á Íslandi, þegar ritið kom út, eða eru undir dómsvaldi ríkisins, þegar málið er höfðað.

Ef einginn slíkur höfundur hefir nafngreint sig, liggur ábyrgðin

---

[1]) Tilskipun þessi og hin 3 opnu brèf, sem hèr koma næst á eptir, voru eigi komin híngað til landsins, þegar alþíngistíðindin 1855 voru prentuð, og urðu því þá eigi prentuð; sbr. athugas. í viðb. alþíngist. 1855, bls. 90.

með sömu skilmálum á útgefanda ritsins, og því næst á kostnaðarmanni, eða þeim, sem hefir það til sölu. Ef nokkurn af hinum tilteknu skilmálum vantar, til þess að einhver þeirra manna, sem nefndir hafa verið, verði krafður ábyrgðar, þá liggur ábyrgðin á prentaranum.

Þegar fleiri gefa út rit eitt í fèlagsskap, og einn þeirra gefur sig fram, sem útgefanda nokkurra kafla í ritinu, sem nægilega eru afmarkaðir, hafa hinir útgefendurnir einga ábyrgð af þeim köflum.

Sèrhver þeirra manna, sem þannig kunna að fá ábyrgðina, er skyldur til, þegar á hann er skorað, og hann vill ekki sjálfur taka að sèr ábyrgðina, að gefa þær skýrslur, sem nauðsynlegar eru, til að sanna, að ábyrgðin liggi á einhverjum hinna áður nefndu; þó skal slíka áskorun gjöra, áður en 6 mánuðir eru liðnir, frá því hin fyrsta auglýsíng um það, að ritið sè á prent komið, hefir verið birt í blöðunum; ella hefir hann einga ábyrgð af ritinu.

4. gr.

Af sèrhverju því riti, sem ekki er stærra en 6 arkir, skal prentarinn, jafnframt því sem hann lætur af hendi ritið úr prentsmiðjunni, og í síðasta lagi áður en ein stund er liðin, frá því hann byrjaði að láta ritið af hendi, senda eitt exemplar af því á lögregluhúsið, og skal hann þegar fá kvittun fyrir því, ef hann beiðist. Ef út af er brugðið, varðar það 10 til 250 rdl. bótum. Ef einginn prentari er nafngreindur á bókinni, eða rángt er sagt til nafns hans, og ekki verður komizt eptir, hver prentað hafi, lendir ábyrgðin á kostnaðarmanninum, eða þeim, sem hefir ritið til sölu.

5. gr.

Sá, sem á prenti ræður til uppreistar gegn konúngi, eða til með ofbeldi að raska friði og frelsi ríkisþíngsins, eða til að koma með ofbeldi breytíngu á stjórnarlag það, sem ákveðið er í grundvallarlögum ríkisins, skal útlægur af landi, eða gista í ríkisfángelsi í 5 ár eða fleiri, eða alla æfi, eptir málavöxtum.

6. gr.

Sá, sem á prenti dróttar að konúnginum ránglátum eða svívirðilegum athöfnum, leyfir sèr smánandi dóma eða orðatiltæki um konúnginn, eða fer um hann meiðandi ummælum, sæti hegníngu í fángelsi frá 3 mánuðum til 2 ára. Sömu hegníngu skal sá sæta, sem

á líkan hátt brýtur við drottnínguna, ekkjudrottnínguna, konúngsefnið eða ríkisstjórann.

7. gr.

Ef nokkurt rit er út gefið, sem meiðir útlendar þjóðir, sem eru í vináttu við konúng, annaðhvort með því að lasta og smána þá, sem ríkjum ráða, eða drótta heimildarlaust að stjórnendum slíkra ríkja ránglátum og skammarlegum athöfnum, þá skal hinn seki gista fángelsi 3 mánuði til 1 árs, eða láta úti 25 til 250 rdl. Fyrir dóm og lög skal hann þá að eins draga, ef stjórn sú, er hlut á að máli, æskir þess.

8. gr.

Ef nokkurt rit er gefið út, sem gjörir gis að trúarlærdómum eða guðsdýrkun nokkurs trúarbragðafèlags, sem nú er í ríkinu, skal hinum seka hegnt með 1 til 6 mánaða fángelsi. Sömu hegníngu sætir sá, sem lætur prenta klámrit, eða hann bætir 50 til 250 rdl. bótum.

9. gr.

Ef nokkur skerðir virðíngu annars á prenti, með því annaðhvort að drótta að honum heimildarlaust þeirri hegðun, sem gjörði hann óverðugan virðíngar samborgarmanna sinna, eða nefnir hann þeim nöfnum, sem að eins slík hegðun gæti gefið tilefni til, þá skal honum hegnt með fángelsi í 3 mánuði til 1 árs, eða fèbótum frá 50 til 250 rdl. Fyrir annan ástæðulausan áburð, sem verða má virðíngu þess, er fyrir verður, til hnekkis, sem og fyrir ókvæðisorð eða skammaryrði, skal bæta frá 5 til 250 rdl., eða það varðar fángelsi frá 14 dögum til 3 mánaða. Í öllum áðurnefndum tilfellum ber þar að auki að dæma hin óviðurkvæmu orð ómerk, þegar þess er krafizt af þeim, sem meiddur er.

10. gr.

Fyrir að skýra svo frá á prenti um hagi einstakra manna og heimilisstöðu, að það spilli heimilisfriði, skal bæta frá 10 til 50 rdl.

11. gr.

Sèrhver, sem þykist vera áreittur í einhverju tímariti, eða sem æskir að leiðrètta það, sem um hann er sagt í ritinu, getur krafizt,

að veitt sè viðtaka borgunarlaust í ritið auglýsíngu um, að mál sè höfðað út af áreitninni, sem og um málalok, eða leiðrèttíngu, sem þó má ekki vera leingri en $1/4$ úr númeri, eða tilvísun um leiðrèttíngu í öðru riti.

Skal þetta taka upp í fyrsta eða annað númer af tímaritinu, sem kemur út, næst á eptir að hann hefir æskt viðtökunnar með vottum; þó skal útgefandi, hvernig sem á stendur, ekki vera skyldur til að taka upp í eitt númer fleiri slíkar auglýsíngar eða leiðrèttíngar, en sem komast á $1/4$ úr númeri.

Ef leitt er hjá sèr að gegna þessari skyldu, liggja við því 10 til 50 rdl. bætur, og má þvínga hlutaðeiganda til að taka upp í ritið það, sem óskað er, með því að ákveða sektir fyrir hvern dag eptir dóms-atkvæði.

12. gr.

Upptækt verður rit eptir dómi, þegar það er þess efnis, sem hegníngarvert sè samkvæmt 5., 6., 7. eða 8. grein þessarar tilskipunar.

13. gr.

Stiptamtmaðurinn á Íslandi ákveður, hvort höfða eigi mál gegn riti fyrir sakir efnisins að tilhlutun hins opinbera. Hald má, þegar svo á stendur, einúngis leggja á ritið eptir úrskurði rannsóknardómarans.

14. gr.

Heimilt er að flytja inn í landið útlend rit. Ef stiptamtmanni virðast slík rit þess efnis, að hegníngar sè vert, og ef einginn af þegnum Danakonúngs getur haft ábyrgð af útbreiðslu þeirra, getur fógetinn bannað þeim, sem hefir eða haft hefir ritið til sölu eða útbýtíngar, að útbreiða það framar í landinu, og skal banni þessu, eptir að búið er að stefna þeim, sem bönnuð hefir verið sala ritsins, tafarlaust fylgt fram, eptir því rèttarfari, sem lögboðið er í sakamálum. Ef dómurinn staðfestir bannið, skal ákveða í dóminum, hversu langt megi líða, þángað til ritið er sent burt úr ríkinu, eða að öðrum kosti verði gjört upptækt. Dóm þenna skal þrisvar birta að tilhlutun hins opinbera í einhverju íslenzku blaði og í Berlíngatíðindum, og má eptir það hvorki panta ritið til sölu, selja það nè útbýta því í ríkinu, og ef móti þessu er brotið, skal það sæta fèbótum frá 25 til 250 rdl., eða fángelsi í 14 daga til 6 mánaða.

15. gr.

Ef þrír slíkir dómar eru lagðir á eitthvert tímarit eða fleiri slík rit, sem einn er útgefandi að, á tveggja ára tíma, má ákveða í hinum síðasta þessara dóma, að þetta rit eða önnur tímarit, sem hinn sami maður gefur út, megi ekki flytja inn í ríkið, nema því að eins, að dómsmálastjórnarherrann leyfi það. Bannið sè birt og afbrigðum gegn því hegnt, eptir því sem til er tekið í 14. gr.

16. gr.

Það, sem ákveðið er í tilskipun þessari um prentuð rit, gildir einnig, þegar letur er gjört með einhverjum öðrum tilfærum en prenti.

Sömuleiðis má heimfæra ákvarðanir þær, sem gefnar eru um prentuð rit, að 4. gr. frátekinni, að sínu leyti upp á myndir, stúngnar í eir, skornar í trè og prentaðar á stein, og aðra líkíngarfulla uppdrætti. Þó skal, svo framarlega sem myndirnar eru gefnar út með einhverju riti og sem hlutar úr því, ábyrgðarmaður ritsins einnig hafa ábyrgð af myndunum.

17. gr.

Tilskipun þessi kemur í staðinn fyrir ákvarðanir þær, sem áður eru gefnar um prentfrelsi.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sèr þegnlega að hegða.

*Gefið í höll vorri Friðriksborg, 9. dag maímánaðar 1855.*

Undir vorri konúnglegu hendi og innsigli.

---

# Opið brèf,

er

lögleiðir á Íslandi lög 29. desember 1850 um það, hvernig beita skuli hinum ýmislegu tegundum hegníngarvinnu.

---

VÈR FRIÐRIK HINN SJÖUNDI, **af guðs náð Danmerkur konúngur, Vinda og Gauta, hertogi í Slèsvík,**

Holsetalandi, Stórmæri, Þèttmerski, Láenborg og Aldinborg, Gjörum kunnugt: Eptir að vèr höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal vors trúa alþíngis, um að gjöra gildandi á Íslandi lög 29. desember 1850, um það, hvernig beita skuli hinum ýmislegu tegundum hegníngarvinnu, bjóðum vèr og skipum fyrir á þessa leið:

1. gr.

Upp frá 1. degi aprílmánaðar 1851 skulu afbrotamenn þeir, sem samkvæmt reglum þeim, sem nú gilda, ætti að vinna í rasphúsinu eða í festíngu, fara í tukthúsið.

2. gr.

Þegar ákveðin er vinna í tukthúsinu eða betrunarhúsinu, skal eptirleiðis ekki í dóminum tiltaka neinn vissan hegníngarstað. Þó skal láta þá, sem dæmdir verða til fyr nefndrar hegníngarvinnu, fara í sömu hegníngarhús, sem híngað til, þángað til dómsmálastjórnarráðið tiltekur, að öðruvísi skuli vera.

3. gr.

Í tilliti til þeirra afbrotamanna, sem híngað til hafa verið dæmdir til vinnu í einhverju tilteknu tukthúsi eða betrunarhúsi, þá er það á valdi dómsmálastjórnarráðsins, að ákveða, hvar þeir eigi að vinna hegníngarvinnu þessa.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sèr þegnlega að hegða.

*Gefið í höll vorri Friðriksborg, 9. dag maímánaðar 1855.*

Undir vorri konúnglegu hendi og innsigli.

---

# Opið brèf,

er

lögleiðir á Íslandi opið brèf 17. febrúar 1847, um borgun fyrir málaflutníngsmenn við hæstarètt í þeim dómsmálum, sem þeir þar verja.

---

VÈR FRIÐRIK HINN SJÖUNDI, af guðs náð Danmerkur konúngur, Vinda og Gauta, hertogi í Slèsvík,

Holsetalandi, Stórmæri, Þèttmerski, Láenborg og Aldinborg, Gjörum kunnugt: Eptir að vèr höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal vors trúa alþíngis um lögleiðslu opins brèfs 17. febrúar 1847, um borgun fyrir málaflutníngsmenn við hæstarètt í þeim dómsmálum, sem þeir þar verja, bjóðum vèr og skipum fyrir á þessa leið:

1. gr.

Rèttur sá til málaflutníngslauna, sem hin allrahæsta tilskipun, dagsett 7. marz 1827, hefir veitt málaflutníngsmönnum við hæstarètt vorn í málum þeim, sem þeir sækja, skal eptirleiðis einnig ná til þeirra mála, sem þeir flytja sem sakarverjendur.

2. gr.

Upphæð launa þessara skal ákveða bæði fyrir sækjendur og verjendur eptir reglum þeim, sem tilteknar eru í 2. gr. ofannefndrar tilskipunar, svo að rèttur sá til meiri launa, sem opið brèf vort, 3. marz 1841, heimilar sækjendum í sumum málum, skal hèr eptir burtnuminn. Að öðru leyti skal 3. gr. í nefndri tilskipun einnig eiga við þau laun, sem dæmd eru málaflutníngsmönnunum við hæstarètt, þegar þeir verja þar mál.

3. gr.

Ákvarðanirnar í konúngsbrèfi 21. desember 1831 skulu eiga við þau málaflutníngslaun, sem nú falla til eptir þessu opna brèfi.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sèr þegnlega að hegða.

*Gefið í höll vorri Friðriksborg, 9. dag maímánaðar 1855.*
Undir vorri konúnglegu hendi og innsigli.

---

# Opið brèf,

sem

lögleiðir á Íslandi lög 25. apríl 1850, er tiltaka, að auglýsíngar þær, sem áður var boðið, þegar svo stóð á, að birta í Altónaborgar-

„Mercur", Hamborgarblöðum og á kaupmannahúsi Hamborgar, skuli ekki framar eiga sèr stað.

VÈR FRIÐRIK HINN SJÖUNDI, af guðs náð Danmerkur konúngur, Vinda og Gauta, hertogi í Slèsvík, Holsetalandi, Stórmæri, Þèttmerski, Láenborg og Aldinborg, Gjörum kunnugt: Eptir að vèr höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal vors trúa alþíngis um, að gjöra gildandi á Íslandi lög 25. apríl 1850, er tiltaka, að auglýsíngar þær, sem áður var boðið, þegar svo stóð á, að birta í Altónaborgar- „Mercur", Hamborgarblöðum og á kaupmannahúsi Hamborgar, skuli ekki framar eiga sèr stað, bjóðum vèr og skipum fyrir á þessa leið:

Þar sem boðið var, áður en opið brèf 21. ágúst 1848 kom út, þegar svo var ástatt, að birta innkallanir í búum, stefnur og aðrar almennar auglýsíngar, sem gefnar eru út hèr í ríkinu, í Altónaborgar- „Mercur", eða í einhverju dagblaði Hamborgar, eða á kaupmannahúsi Hamborgar, þá skal nú hætta þessum birtíngum, svo að þegar þess konar auglýsíngar eru birtar í Berlíngatíðindum, og í blöðum „Adressecontoirsins" eða dagblöðum stiptisins, skulu þær, þegar hinn lögskipaði frestur er liðinn, vera eins gildar, eins og þó þær einnig hefði verið auglýstar á einhvern þann hátt, sem fyr var um getið.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sèr þegnlega að hegða.

*Gefið í höll vorri Friðriksborg, 9. dag maímánaðar 1855.*

Undir vorri konúnglegu hendi og innsigli.

# Lög,

er

breyta 4. grein laga 15. apríl 1854 um siglíngar og verzlun á Íslandi.

VÈR FRIÐRIK HINN SJÖUNDI, af guðs náð Danmerkur konúngur, Vinda og Gauta, hertogi í Slèsvík, Holsetalandi, Stórmæri, Þèttmerski, Láenborg og

Aldinborg, Gjörum kunnugt: Lög þessi hefir ríkisþíngið fallizt á og vèr staðfest með samþykki voru:

1. gr.

Þar sem svo er mælt fyrir í 4. grein laga 15. apríl 1854 um siglíngar og verzlun á Íslandi, að útgjörðarmaður skipsins eigi með vitnisburði sínum að sanna, að skýrsla sú sè rètt, sem á að standa í hinum íslenzku leiðarbrèfum um nafn skipsins, heimili þess og stærð, og nafn skipstjóra, þá er sú ákvörðun úr lögum tekin.

2 gr.

Til sönnunar um fyrtèð atriði, er eins og að undanförnu skulu tilgreind í leiðarbrèfinu, skal með beiðninni um leiðarbrèfið hèr eptir fylgja, þegar það er innanríkisskip, mælingarbrèf skipsins og veðmálabrèf eða afsalsbrèf, og einnig borgarabrèf skipstjóra, en þegar það er utanríkisskip, skírteini þau, er skipið hefur í staðinn fyrir áður greind skipaskjöl.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sèr að hegða.

*Gefið í höll vorri Kristjánsborg, 16. dag febrúarmánaðar 1856.*

Undir vorri konúnglegu hendi og innsigli.

---

# Auglýsing

um

breytíngu á auglýsíngu 4. desember 1854 um það, hvernig fá megi íslenzk leiðarbrèf.

---

Eptir boði hans hátignar konúngsins auglýsist hèr með, að þegar beðið verður um íslenzk leiðarbrèf eptirleiðis, skal beiðninni fylgja, samkvæmt lögum 16. febrúar þ. á., þegar það er innanríkisskip, mælíngarbrèf skipsins og veðmálabrèf eða afsalsbrèf, og einnig borgarabrèf skipstjóra, en þegar það er utanríkisskip, skírteini þau, er skipið hefir í staðinn fyrir áður greind skipaskjöl; en aptur á móti þarf ekki leingur skýrslu þeirrar frá útgjörðarmanni eða útgjörðarmönnum um nafn skipsins, heimili þess og stærð, og um nafn skip-

stjóra, sem til var greind í auglýsíngu frá stjórn innanríkismálanna 4. desember 1854. Auk þessa hefir hans hátign allramildilegast fallizt á, að leiðarbrèfaformi því, sem fest var við tèða auglýsíngu verði breytt þannig, að í stað orðanna: „eins og fyrir er mælt í lögum 15. apríl 1854, 4. gr.“, verði sett: „eins og fyrir er mælt í lögum 16. febrúar 1856, 2. grein“. Að öðru leyti stendur við það, sem ákveðið er í áðurgreindri auglýsíngu um það, hvernig fá megi íslenzk leiðarbrèf.

*Stjórn dómsmálanna, 28. dag febrúarmánaðar 1856.*

# Auglýsíng

um

aukagjald fyrir sum utanríkisskip, sem sigla til Íslands.

Eptir að nú er á enda frestur sá, sem með allrahæstum úrskurði 22. marz f. á., er birtur var með auglýsíngu frá stjórn innanríkismálanna 24. s. m., var settur fyrst um sinn fyrir tímabilið frá 1. apríl 1855 til 31. marz þ. á., viðvíkjandi aukagjaldi fyrir sum utanríkisskip, er sigla til Íslands, hefir hans hátign konúnginum, eptir tillögum dómsmálastjórnarinnar, 1. dag þ. m. allramildilegast þóknazt að skipa svo fyrir, samkvæmt lögunum um siglíngar og verzlun á Íslandi 15. dag aprílmánaðar 1854, 7. gr., að öll utanríkisskip, sem sigla til Íslands til verzlunar, nema þau, sem eiga heima í Stóra-Bretlandi og Írlandi, Prússalandi eða í Svíaríki og Noregi, eigi framvegis fyrst um sinn, auk gjalds þess, sem til er tekið í 6. gr. í greindum lögum, enn fremur að greiða 2 rdl. aukagjald af hverju lestarúmi í skipinu eptir dönsku máli, nema því að eins, að fullgild sönnun verði færð fyrir því, að skip þegna Danakonúngs hafi jafnrètti, bæði í tilliti til tolls og skipa-gjalda, við innlend skip í því landi, þar sem skipið á heima, eða að það land eptir samníngi við hina dönsku stjórn sè undan þegið ákvörðuninni í 7. grein í optnefndum lögum.

Þetta auglýsist þannig öllum, er hlut eiga að máli, til eptirbreytni.

*Stjórn dómsmálanna, 2. dag aprílmánaðar 1856.*

# Auglýsíng

um,

að frakknesk skip, sem fara kaupferðir til Íslands og Færeyja, sè undan þegin að greiða 2 rdl. aukagjald það af hverju dönsku lestarrúmi, sem ákveðið er í konúnglegum úrskurði 1. apríl þ. á.

Hèr með gefst til vitundar, að frakknesk skip, sem fara kaupferðir til Íslands og Færeyja, eru með allrahæstum úrskurði 29. f. m. undan þegin að greiða 2 rdl. aukagjald það af hverju dönsku lestarrúmi, sem ákveðið er í konúnglegum úrskurði 1. april þ. á., sem birtur er með auglýsíng frá stjórn dómsmálanna dagsettri 2. sama mánaðar.

*Stjórn dómsmálanna, 7. dag júlímánaðar 1856.*

# Auglýsíng

um,

að skip, sem eiga heima í konúngsríkinu Sikileyjum og fara kaupferðir til Íslands og Færeyja, sè undanþegin að greiða 2 rdl. aukagjald það af hverju dönsku lestarrúmi, sem ákveðið er í konúnglegum úrskurði 1. apríl þ. á.

Eptir samníngum, sem gjörðir eru milli konúngsríkisins Danmerkur og konúngsríkisins Sikileyja, og skipt er um á víxl þeirra á milli þann 4. f. m., eru þau skip, sem eiga heima í síðarnefndu konúngsríki og fara kaupferðir til Íslands og Færeyja, undanþegin að greiða 2 rdl. aukagjald það af hverju dönsku lestarrúmi, sem ákveðið er í konúnglegum úrskurði 1. apríl þ. á., sem birtur er með auglýsíng frá stjórn dómsmálanna, dagsettri 2. sama mánaðar.

Þetta gefst hèr með öllum hlutaðeigendum til vitundar.

*Stjórn dómsmálanna, 19. dag nóvembermánaðar 1856.*

# Opið brèf

um það,

hvernig greiða skuli kostnað þann, er þarf til að fram fylgja lögum 15. apríl 1854, um siglíngar og verzlun á Íslandi.

---

VÈR FRIÐRIK HINN SJÖUNDI, af guðs náð Danmerkur konúngur, Vinda og Gauta, hertogi í Slèsvík, Holsetalandi, Stórmæri, Þèttmerski, Láenborg og Aldinborg, Gjörum kunnugt: Eptir að vèr höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal vors trúa alþíngis um frumvarp, er fyrir það hefir verið lagt, til opins brèfs um það, hvernig greiða skuli kostnað þann, er þarf til að fram fylgja lögum 15. apríl 1854, um siglíngar og verzlun á Íslandi, bjóðum vèr og skipum fyrir á þessa leið:

1. gr.

Kostnað þann, er leiðir af þeim ráðstöfunum, sem gjöra þarf til að fram fylgja lögum 15. apríl 1854, um siglíngar og verzlun á Íslandi, skal greiða í hverju amti úr jafnaðarsjóði amtsins.

2. gr.

Áður en það verði fast ákveðið, að sú eða sú ráðstöfun sè nauðsynleg, skal bera það mál undir alþíngi, en stjórnin áskilur sèr rètt til að skera úr því til bráðabyrgða, og skal þá greiða kostnað þann, er af því rís, á þann hátt, sem fyr er getið.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sèr þegnlega að hegða.

*Gefið í höll vorri Friðriksborg, 24. dag nóvembermánaðar 1856.*

Undir vorri konúnglegu hendi og innsigli.

# Tilskipun

um

breytíng á tilskipun 8. marzm. 1843, viðvíkjandi kosníngunum til alþíngis.

---

VÈR FRIÐRIK HINN SJÖUNDI, af guðs náð Danmerkur konúngur, Vinda og Gauta, hertogi í Slèsvik, Holsetalandi, Stórmæri, Þèttmerski, Láenborg og Aldinborg, Gjörum kunnugt: Eptir að vèr höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal vors trúa alþíngis um frumvarp, er fyrir það hefir verið lagt, til tilskipunar um breytíng á tilskipun 8. marzm. 1843, viðvíkjandi kosníngunum til alþíngis, bjóðum vèr og skipum fyrir á þessa leið:

1. gr.

Kosníngarrètt til alþíngis skulu hèr eptir eiga:

*a)* allir bændur, sem hafa grasnyt og gjalda nokkuð til allra stètta; þó skulu þeir, sem með sèrstaklegu lagaboði kynni að vera undanskildir þegnskyldugjaldinu, ekki fyrir það missa kosníngarrètt sinn;

*b)* embættismenn, sem annaðhvort hafa konúnglegt veitíngarbrèf, eða eru settir af stiptsyfirvöldunum á Íslandi;

*c)* þeir, sem tekið hafa lærdómspróf við háskólann, eða embættispróf við prestaskólann í Reykjavík, þó ekki sè þeir í embættum, ef þeir eru ekki öðrum háðir;

*d)* kaupstaðarborgarar, ef þeir gjalda til sveitar að minnsta kosti 4 rdl. árlega;

*e)* þurrabúðarmenn, ef þeir gjalda til sveitar eða bæjarþarfa að minnsta kosti 6 rdl. árlega.

Þar að auk getur einginn átt kosníngarrètt, nema hann hafi þá hæfilegleika til að bera, sem til eru teknir í tilskipun 8. marzm. 1843, 4. gr., og hefir einnig, þegar kjósa skal, verið heimilisfastur í kjördæminu í eitt ár. Ekki getur heldur sá átt kosníngarrètt, sem þiggur af sveit eða hefir þegið sveitarstyrk, nema hann sè annaðhvort endurgoldinn eða gefinn honum upp.

2. gr.

Kjörgeingur til alþíngis er hver sá, sem kosníngarrètt hefir

